Bliki

21
JÚNÍ 2000

TÍMARIT UM FUGLA

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA
Nr. 21 – júní 2000

Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglaverndarfélag Íslands, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd. Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla. Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 562 9822. – Bréfasími: 562 0815. – Tölvupóstur: bliki@ni.is.

Áskrift. Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli (gíróreikningur nr. 29822-0). Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Blika* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Veffang: http://ni.is/bliki.htm

© 2000 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / BLIKI
Filmugerð og litgreining: Prentsmiðjan Grafík hf.
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Grafík hf.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, the Icelandic Society for the Protection of Birds, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-562 9822. – Fax: +354-562 0815. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0). Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Forsíðumynd – *Front cover*:
Stelkur *Tringa totanus* á leiru í Grafarvogi, Reykjavík.
26. maí 2000.
Ljósm. Jóhann Óli Hilmarsson.

Karl Skírnisson,
Áki Á. Jónsson,
Arnór Þ. Sigfússon og
Sigurður Sigurðarson

Árstíðabreytingar í fæðuvali æðarfugla á Skerjafirði

Í rannsókn á líffræði og heilbrigði æðarfugla á Skerjafjarðarsvæðinu voru 20 æðarfuglar skotnir um vetur, vor, sumar og haust. Gerð er grein fyrir niðurstöðum athugunar á fæðuleifum í meltingavegi þessara fugla og þær bornar saman við innlendar og erlendar rannsóknaniðurstöður. Talsverður árstíða- og kynjamunur kom fram í fæðuvali. Alls fundust 36 tegundir fæðu í fuglunum, en kræklingur var þýðingamesta fæða beggja kynja á öllum árstímum. Sóknar æðarfugla í brauð og úrgang frá frárennslum varð vart á öllum árstímum.

Inngangur

Æðarfugl (*Somateria mollissima*) er algengasta andartegund á Íslandi en ríflega 250.000 pör eru talin verpa hér á landi (Kristinn H. Skarphéðinsson 1994). Um milljón æðarfuglar hafa vetursetu við landið en merkingar hafa staðfest að hluti vetrarstofnsins er upprunninn frá Austur-Grænlandi og Svalbarða (Kristinn H. Skarphéðinsson 1994, Ævar Petersen 1998). Æðarfuglar halda sig stærstan hluta ársins á grunnsævi þar sem þeir kafa niður á botn eftir fæðunni þegar bjart er af degi. Til að spara orku afla þeir fæðu einkum þegar lágsjávað er. Yfirleitt afla æðarfuglar fæðunnar á innan við þriggja til fjögurra metra dýpi en vitað er að æðarfuglar geta kafað niður á 20 metra og að þeir geta verið ríflega mínútu í kafi (Pethon 1967, Cramp & Simmons 1977, Campbell 1978). Á grunnsævi þar sem botn er mjúkur nota æðarfuglar gjarnan fæturna til að mynda litlar holur í botninn sem þeir tína síðan smádýr upp úr og éta (Player 1971).

Fullorðnir fuglar geta nýtt sér margvíslega fæðu úr dýraríkinu en ungar sækja mest í smávaxin krabbadýr (Cramp & Simmons 1977). Smárri fæðu er rennt strax niður í sarp en komið upp á yfirborð með stærri fæðubita. Samhangandi fæðuklumpar sem losnað hafa frá botni í heilu lagi, meðal annars kræklingar *Mytilus edulis*, eru gjarnan hristir í sundur á yfirborði sjávar. Fuglarnir geta gleypt fæðu svo sem kræklíng sem er allt að 80 mm langur (um 34 mm í þvermál) en oftast er fæðan minni en 50 mm (Cramp & Simmons 1977, Nehls 1991).

Árið 1993 hófust víðtækar rannsóknir á heilbrigði æðarfugls hér á landi. Athuganirnar voru gerðar á fuglum á Skerjafirði og er sumum verkþáttum þegar lokið (Kristín Ólafsdóttir o.fl. 1998, þessi grein) eða fyrstu niðurstöður hafa verið kynntar (Karl Skírnisson & Áki Á. Jónsson 1996, Karl Skírnisson o.fl. 1996, Sigurður Sigurðarson o.fl. 1996). Eitt af markmiðum rannsóknanna var að fylgjast með árstíðasveiflum á sníkjudýrasýkingum í meltingarvegi æðarfugla. Þessi verkþáttur tengist fæðuvali órjúfanlegum böndum því yfirleitt berast sníkjudýr ofan í æðarfugla með fæðunni. Á þetta einkum við um sníkjudýr með flókna lífsferla (ögður, bandorma, þráðorma og krókhöfða) sem fullorðin lifa í meltingarvegi en lirfustigin þroskast í ýmsum tegundum hryggleysingja, einkum þó í skeldýrum og krabbadýrum sem yfirleitt eru mikilvægustu fæðuhópar æðarfugla (Cramp & Simmons 1977). Af þessum sökum var ákveðið að rannsaka fæðuval æðarfugla, meta mikilvægi fæðutegunda á mismunandi árstímum og bera saman fæðuval kynjanna. Markmið þessarar samantektar er að kynna þessar niðurstöður og ræða þær í ljósi þekkingar

1. mynd. Æðarfuglar *Somateria mollissima* í fæðuleit í Sundahöfn við Reykjavík 19. mars 1993. – Jóhann Óli Hilmarsson.

sem aflað hefur verið um fæðu æðarfugla hérlendis og erlendis.

Fyrri rannsóknir á fæðu æðarfugla

Innlendar rannsóknir

Hérlendis hafa skipulegar athuganir verið gerðar á fæðu æðarfugla í Önundarfirði (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Í lok júlí og í byrjun ágúst 1979 voru fæðuleifar í saur rannsakaðar hjá 49 fullorðnum æðarfuglum, 29 ungamæðrum og 50 stálpuðum ungum. Einnig voru fæðuleifar í fóarni 7 dúnunga frá júní og júlí greindar til tegundar. Alls fundust 26 tegundir í þessum sýnum. Fullorðnir fuglar sem ekki voru með unga sóttu mest í krækling en leifar hans fundust í 90% fuglanna. Aðrar samlokur (Bivalvia, alls 8 tegundir), sniglar (Gastropoda, 7 tegundir), krabbi (Decapoda) og hrúðurkarl (Cirripedia) voru einnig á matseðlinum en hver þessara tegunda fannst yfirleitt einungis einu sinni. Fimmtungur fuglanna hafði étið burstaorma (Polychaeta), m.a. sandmaðk *Arenicola marina*. Fæðuval kollnanna sem voru með unga var öðru vísi að því leiti að þær voru fyrst og fremst að éta marflær (Amphipoda, aðalfæða 72% kollnanna) enda þótt kræklingur (14%), fjörudoppur *Littorina* spp. (7%), og burstaormar (7%) væru einnig étnar sem aðalfæða. Ungar kollnanna átu nær eingöngu marflær þótt kræklingur, fjörudoppur, hrúðurkarlar og skordýr væru líka étin. Dúnungarnir átu aftur á móti svo til eingöngu marflær en þó fundust í fóarni eins þeirra leifar af skordýri.

Aðrar innlendar heimildir um fæðusamsetningu og árstíðasveiflur í fæðuvali æðarfugla eru byggðar á afmarkaðri athugunum. Bjarni Sæmundsson (1936) telur æðarfuglinn mest lifa á ýmsum smáum skeldýrum, einkum á kræklingi, krabbadýrum, ígulkerum (Echinoidea), kuðungum, botnlægum hrognum, loðnu *Mallotus villosus* o.fl. smáfiskum, og svo ýmsum ruðum, eins og síldarbeitu, fiskslógi og öðru ætilegu, sem fellur til við fiskverin. Arnþór Garðarsson (1975, 1982) tekur í svipaðan streng en nefnir sérstaklega að bestu kræklingsmiðin

nýtist oft illa síðari hluta vetrar, m.a. vegna ísa. Æðarfuglinn sæki þá dýpra og utar og þar lifi hann einnig á öðrum botndýrum. Á útmánuðum verði loðna, og síðan loðnuhrogn, oft aðalfæðan. Hópast þá fuglarnir, jafnvel tugþúsundum saman, á hrygningarstöðvar loðnunnar. Einnig sæki þeir inn í hafnir þar sem þessa fæðu er að fá (1. mynd).

Erlendar rannsóknir

Cramp & Simmons (1977) gefa ágætt yfirlit um niðurstöður helstu rannsókna sem gerðar höfðu verið fyrir miðjan áttunda áratuginn á fæðuvali æðarfugla á ýmsum stöðum á útbreiðslusvæði tegundarinnar á norðurhveli. Samlokur, einkum kræklingur eða skyldar tegundir, voru yfirleitt eftirsóttasta fæðan en sniglar, einkum fjörudoppur voru í öðru sæti. Síðan komu, allt eftir fæðuframboði svæðanna, krabbdýr (einkum stórkrabbar) eða skrápdýr (Echinodermata), einkum krossfiskar (Asteroidea), slöngustjörnur (Ophiuroidea), sæbjúgu (Holothuroidea) og ígulker. Við ákveðnar aðstæður éta æðarfuglar möttuldýr (Ascidiacea), burstaorma, fiska og hrogn og heimildir eru fyrirliggjandi um að kollur á hreiðrum éti að einhverju marki grænþörunga, blöð, fræ og jafnvel ber (krækiber). Í nágrannalöndunum skulu sérstaklega nefndar athuganir á fæðu æðarfugla sem gerðar hafa verið við strendur Skotlands (Player 1971, Cantin o.fl. 1974), á Oslófirði (Pethon 1967), í Svíþjóð (Nyström o.fl. 1991), Þýskalandi (Nehls 1989, 1991 & 1995) og Hollandi (Swennen 1976). Niðurstöðurnar eru all breytilegar enda rannsóknaraðferðir, staðhættir, árstími athugana og fæðuframboð athugunarsvæðanna mismunandi. Nýlegar athuganir á fuglum úr hrognkelsanetum frá Troms í Noregi sýndu að sjöundi hver fugl hafði étið hrogn hrognkelsa *Cyclopterus lumpus* (Bustnes & Erikstad 1988).

Efniviður og aðferðir

Rannsóknarsvæðið var innsti hluti Skerjafjarðar, nánar tiltekið svæðið út af Garðabæ, ásamt Lambhúsatjörn. Fæðuframboð svæðisins er ágætlega þekkt því árið 1975 voru gerðar þar viðamiklar athuganir, bæði á botndýralífi (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977) og fjörulífverum (Agnar Ingólfsson 1977). Margskonar botngerð (leðja, möl og harður botn) og fjölbreytileg dýrasamfélög einkenna svæðið og er lífþyngd áfánu (lindýr, skrápdýr og möttuldýr) allbreytileg innan svæðisins. Helstu áfánutegundir eru kræklingur, hallloka *Macoma calcarea*, smyrslingur eða sandskel *Mya* spp., möttuldýrið *Stylea rustica* og maðkamóðir *Priapulus caudatus*. Botndýpi á rannsóknarsvæðinu er á bilinu 1 til 5 metrar (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977). Tegundafjöldi fjörudýra á sex stöðvum á rannsóknarsvæðinu var á bilinu 18 til 21 og tegundir í mestu magni voru kræklingur, klettadoppa *Littorina saxatilis* og þangdoppa *L. obtusata*. Ennfremur voru marflær og þanglýs (*Idotea* spp.) víða algengar (Agnar Ingólfsson 1977, 1990).

Í fjögur skipti á árinu 1993 voru alls 78 æðarfuglar skotnir á svæðinu. Til að meta vetrarástand voru fuglar veiddir þann 2. febrúar. Næst var veitt 11. maí þegar varp var um það bil að hefjast en kvenfuglar ekki enn farnir að liggja á eggjum. Þriðja veiðiferðin var farin 24. júní, rétt eftir útungun þegar kollur voru nýkomnar með unga út á sjó. Fjórða og síðasta veiðiferðin var farin 2. nóvember. Fuglarnir voru skotnir með haglabyssu úr gúmmíbáti árla morguns óháð sjávarföllum, 10 kollur og 10 blikar í hvert sinn, nema í nóvember þegar 8 blikar náðust.

Á veiðidegi voru fuglarnir mældir, vigtaðir og krufðir á Tilraunastöðinni á Keldum. Að vori og sumri voru allir fuglarnir fullorðnir og kynþroska en í nóvember reyndust sjö kollur og tveir blikar vera ungfuglar á 1. ári, sem klakist höfðu úr eggjum þá um vorið. Í febrúar voru þrír veturliðar á meðal blikanna en hinir fuglarnir fullorðnir. Kollurnar sem veiddar voru 24. júní voru allt varpfuglar. Sást það bæði við athugun á eggjastokkum auk þess sem



2. mynd. Fæða úr sarpi tveggja æðarkollna. Kræklingur og hallloka. – *Gullet content of two female eiders,* Mytilus edulis *and* Macoma calcarea.

þyngd einstaklinganna sýndi ótvírætt að allar hefðu kollurnar lagt verulega af við það að liggja á eggjum. Þann 11. maí, fyrir varptímann, var meðalþyngd kollna 2173 g (staðalfrávik ±249 g, bil 1750-2450 g, n=10) en að afloknu varpinu var meðalþyngd þeirra einungis 1436 g (±125 g, bil 1240-1640 g, n=10) og hafði því meðalþyngd kollna minnkað um 737 g (34%).

Ef nýveidd fæða var til staðar í koki eða sarpi við krufningu var hún sett í geymsluvökva en meltingarvegur var frystur í heilu lagi. Áður en tegundaákvörðun fæðuleifa hófst var útbúið eintakasafn af öllum algengustu dýrategundum sem lifa á botni eða í fjörum Skerjafjarðar. Greining fór fyrst og fremst fram með samanburðarathugunum. Til hliðsjónar var einnig stuðst við greiningarlykla (Agnar Ingólfsson 1978) eða bækur um sjávarhryggleysingja (Campell 1976, Ingimar Óskarsson 1982, Agnar Ingólfsson o.fl. 1986).

Hvert fóarn var látið þiðna áður en það var skorið upp. Rúmmál fæðuleifa var mælt í ml. Síðan voru fæðuleifarnar þvegnar í sigti með 0,2 mm möskvastærð og leifar einstakra fæðutegunda aðgreindar, ákvarðaðar til tegundar og lágmarksfjöldi einstaklinga af hverri tegund talinn. Á samlokum voru taldar hjarir eða nef, á sniglum voru taldir toppvindingar, lokur (operculum) eða efnismiklir kuðungshlutar eins og möndlar sem myljast illa í fóarni. Á þanglúsum voru taldar halaplötur.

Hundraðshluti hverrar fæðutegundar var áætlaður í hverju sýni með einföldu sjónmati og reiknað beint með þessum hundraðshlutum við frekari úrvinnslu. Kostur við þessa aðferð er að hún tryggir öllum fuglum sama vægi í niðurstöðum og útilokar skekkjur sem verða til vegna mismunandi magafyllingar fuglanna. Þá er aðferðin tiltölulega auðveld í framkvæmd og vel til þess fallin til að bera saman fæðuval kynjanna og breytingar eftir árstíðum. Ókostur við aðferðina eru veruleg vandkvæði á því að beita tölfræðiprófunum á niðurstöður sem fengnar eru með þessu móti. Niðurstöðurnar verða háðar innbyrðis auk þess að lúta ekki normaldreifingu, en þessar forsendur útiloka beitingu algengra tölfræðiprófana. Tölfræðiprófunum var því sleppt.

Niðurstöður

Fæða í sarpi

Fæða var í sarpi 10 æðarfugla (12,8%), samtals 38 einstaklingar af sex tegundum. Um var að ræða 11 halllokur, 14 kræklinga, þrjár þangdoppur, eina klettadoppu, eina ljósamarfló *Anonyx nugax* og átta oddalýs *I. baltica.* Í átta fuglum fundust einungis einn til þrír einstaklingar en 9 halllokur og

3. mynd. Leifar kuðungakrabba og skeldýra úr fóarni. – *Remains of a hermit crab* (Eupagurus *sp.) and some molluscs from a gizzard.*

10 kræklingar voru í sitt hvorum fuglinum (2. mynd). Stærð samlokanna var mæld. Halllokurnar voru að meðaltali 29,4 mm breiðar (staðalfrávik ±3,85, bil 25-39, n= 11) en kræklingurinn var að meðaltali 28,4 mm langur (±7,26, bil 17-41, n=14).

Fæðuleifar í fóarni

Uppruni

Leifum í fóarni var skipt í fjóra flokka eftir uppruna; dýr, brauð eða úrgangur úr holræsum, sandur eða smásteinar og plöntur.

a) Dýr voru langsamlega mikilvægasta fæða æðarfuglanna en einhverjar dýraleifar fundust i öllum fuglunum (3. mynd). Alls tókst að greina 36 tegundir dýra (1. tafla). Langflestar þessara tegunda lifa á grunnsævi eða í fjöru en einungis tvær þeirra lifa í ferskvatni; efjuskel *Pisidium* sp. sem fannst í fóarni kollu frá því í maí og jórir vatnabobbar *Lymnaea peregra* sem fundust ásamt brauðleifum í kollu frá þvi i febrúar. Að vorinu fundust leifar þriggja tegunda þurrlendishryggleysingja. Um var að ræða nokkrar rykmýslirfur og eina púpu (Chironomidae) í tveimur fuglum og jötunuxa og könguló í sitt hvorum fuglinum.

b) Brauð og úrgangur úr holræsum. Brauð fannst í fóarni tveggja steggja í júní og í nóvember höfðu ein kolla og einn steggur étið brauð. Að minnsta kosti fimm fuglar til viðbótar höfðu að öllum líkindum verið i fæðuleit við útrásir holræsa á Skerjafirði skömmu áður en þeir voru veiddir. Tvær kollur höfðu nýtt sér þessa fæðuuppsprettu í nóvember, einn steggur i febrúar og tveir í maí. Fæðuleifar af þessum uppruna voru maísbaunir, stök sólkjarnafræ og ýmis önnur fræ sem notuð eru í grófan bakstur eða eru í morgunkorni, paprikufræ, hnetubrot, gúmmí, álpappírssnifsi, gerviefnisrenningar, málningarflögur og brot úr buxnatölu.

c) Sandur eða smásteinar berast væntanlega fyrst og fremst ofan í fugla sem eru að éta fæðu af botni auk þess sem steinar af ákveðinni stærð eru notaðir við að brjóta skeljar i fóarni. Alls fannst sandur eða smásteinar í 60 fuglum (76,9%).

d) Plöntur. Þörungaleifar fundust í litlu magni í þremur kollum og gras eða mosaleifar i fjórum kollum. Gróðurleifar fundust aldrei í steggjum.

Hlutdeild helstu fæðuhópa

Samlokur höfðu mesta hlutdeild i fæðu æðarfuglanna, alls 38,8%, sniglar voru í öðru sæti (19,1%) en krabbadýr fylgdu fast á eftir (16,8%) (4. mynd). Samtals voru skeldýr og krabbadýr 74,7% fæðunnar. Smásteinar og sandur námu 13,1%. Eftir standa 12,2% af annars konar uppruna og

1. tafla. Fæða í fóarni 78 æðarfugla á Skerjafirði 1993. – Food items found in gizzards of 78 eiders from Skerjafjörður, SW Iceland, in 1993.

	Hlutdeild í heildarfæðu, % Relative volume, %	Tíðni í fóarni Frequency of occurrence
PLÖNTUR - *Plants*	**3,7**	**10,3**
Þörungur - Algae	1,3	3,8
Jurtaleifar - Plant remains	2,4	5,1
BURSTAORMAR - *Polychaeta*	**< 0,1**	**2,6**
Gullinbroddi Pectinaria granulata	< 0,1	2,6
SAMLOKUR - *Bivalvia*	**38,8**	**84,6**
Gimburskel Astarte borealis	1,4	7,7
Hjartaskel Cardium edule	0,2	2,6
Hallloka Macoma calcarea	7,0	15,4
Tígulskel Spisula solida	< 0,1	1,3
Aða Modiolus modiolus	1,1	3,8
Sandskel / smyrslingur Mya spp.	0,8	9,0
Kræklingur Mytilus edulis	28,2	73,1
Efjuskel Pisidium sp.	< 0,1	1,3
SNIGLAR - *Gastropoda*	**19,1**	**74,4**
Olnbogaskel Acmaea tessulata	0,2	3,8
Kambdofri Boreotrophon clathratus	2,7	15,4
Beitukóngur Buccinum undatum	5,2	26,9
Mærudoppa Skeneopsis planorbis	< 0,1	2,6
Fédugga Gibbula tumida	0,5	1,3
Maríudoppa Littorina mariae	1,1	5,1
Þangdoppa Littorina obtusata	5,1	23,1
Klettadoppa Littorina saxatilis	0,9	7,7
Ógreind doppa Littorina sp.	0,3	3,8
Baugasnotra Onoba aculeus	0,1	5,1
Baugsilfri Margarites groenlandicus	0,1	3,8
Gljásilfri Margarites helicinus	< 0,1	3,8
Nákuðungur Nucella (Thais) lapillus	0,5	9,0
Vatnabobbi Lymnaea peregra	0,1	1,3
Ógreindir sniglar Gastopoda spp.	2,4	19,2
KRABBADÝR - *Crustacea*	**16,8**	**33,3**
Marfló Gammarus oceanicus	0,1	1,3
Marfló Gammarus obtusatus	0,1	2,6
Ógreindar fjörumarflær Gammarus spp.	1,9	8,9
Ljósamarfló Anonyx nugax	0,2	1,3
Þanggeit Caprella septentrionalis	0,7	2,6
Þanglús Idotea granulosa	0,2	6,4
Oddalús Idotea baltica	4,3	5,1
Ógreindar þanglýs Idotea spp.	0,6	1,3
Bogkrabbi Carcinus maenas	4,7	6,4
Kuðungakrabbar Eupagurus spp.	2,6	3,8
Ógreindir stórkrabbar Decapoda spp.	1,5	3,8
SKORDÝR - *Insecta*	**< 0,1**	**3,8**
Rykmýslirfur Chironomidae sp.	< 0,1	2,6
Jötunuxi Staphylininae sp.	< 0,1	1,3
SKRÁPDÝR - *Echinodermata*	**< 0,1**	**1,3**
Echinus esculentus Skollakoppur	< 0,1	1,3
MÖTTULDÝR - *Ascidiacea*	**1,5**	**3,8**
Stylea rustica	1,5	3,8
BRAUÐ, ÚRGANGUR - *Bread, waste*	**6,3**	**11,5**
SANDUR OG SMÁSTEINAR - *Grit*	**13,1**	**76,9**
ÓGREINT - *Unidentified*	**0,6**	**1,3**

4. mynd. Hlutdeild helstu fæðutegunda í fóarni 78 æðarfugla á Skerjafirði 1993. – *Proportions of main food groups in gizzards of 78 common eiders from Skerjafjörður, SW Iceland in 1993.*



kenndi þar ýmissa grasa. Ríflega helmingur (6,3%) var brauð eða úrgangur sem fuglarnir átu við útrásir holræsa. Einungis 3,7% voru úr gróðurríkinu sem skiptust þannig að 2,4% voru leifar háplantna en 1,3% leifar þörunga. Þá nam möttuldýrið *S. rustica* 1,5% fæðunnar. Aðrar tegundir (1. tafla), ásamt ógreinanlegum fæðuleifum, voru 0,7%.

Árstíðabreytingar

Mestu árstíðasveiflurnar reyndust vera á áti á krabbadýrum. Át á sniglum og samlokum sveiflaðist einnig nokkuð eftir árstíðum en óverulegar sveiflur voru á áti á brauði, fæðu úr holræsum og á sandi og smásteinum (5. mynd).

Samanburður á fæðu kollna og blika

Ekki virtist vera munur á samlokuáti steggja og kollna hvað magn áhrærir (5. mynd). Aftur á móti voru árstíðabreytingar milli kynja augljósar; samlokuát steggja náði hámarki í maí og júní en hjá kollum var mest étið af samlokum í febrúar (5. mynd). Meirihluti samlokuneyslunnar (72,7%, 1. tafla) er bundinn við krækling og voru tiltölulega litlar sveiflur í kræklingaáti hjá kollunum (34,3% í febrúar, 15,8% í maí, 21,5% í júní og 16,8% í nóvember). Hjá steggjunum var svipað uppi á teningnum í febrúar (14,5%), júní (33%) og í nóvember (27,7%) en í júní var hlutdeild kræklings mun meiri eða 59,7%.

Kollur átu á heildina litið meira af sniglum en steggir. Munar hér mest um stóraukna sókn kollna í snigla að loknu varpi. Sniglarnir sem kollurnar átu í júní voru fyrst og fremst beitukóngur *Buccinum undatum* og fjörudoppur.

Ekki var sjáanlegur munur á krabbadýraáti kollna annars vegar og steggja hins vegar. Ekki var heldur sjánanlegur munur milli kynja né athugunartíma hvað hlutdeild sands og smásteina annars vegar og brauðs og úrgangs hinsvegar áhrærði (5. mynd).

Mikilvægi einstakra fæðutegunda

Hvað mikilvægi snertir trónir kræklingur langefstur á matseðli æðarfugla á Skerjafirði en hlutdeild hans í heildarfæðu nam 28,2% (1. tafla). Næst í röðinni, en þó með fjórum til sex sinnum minni hlutdeild voru hallloka, beitukóngur, þangdoppa og bogkrabbi *Carcinus maenas*. Tvær þanglúsategundir af ættkvíslinni *Idotea* voru saman með svipaða hlutdeild eða 5,2%. Alls tókst að tegundagreina 190 þanglýs. Meirihluti

þeirra (175) voru oddalýs en 15 einstakingar var af tegundinni *I. granulosa.*

Með 1-3% hlutdeild í heildarfæðu, voru ýmsar marflær, snigillinn kambdofri *Boreotrophon clathratus*, kuðungakrabbar *Eupagurus* spp., möttuldýrið *S. rustica*, gimburskel *Astarte borealis*, (1,39%), maríudoppa *L. mariae* (1,06%) og aða *Modiolus modiolus* (1,05%). Aðrar tegundir náðu ekki 1% mörkunum (1. tafla).

Af einstökum fæðutegundum í fóarni fuglanna fannst kræklingur langoftast, eða í 73,1% tilvika en þá komu beitukóngur (26,9%), þangdoppa (23,1%) og hallloka og kambdofri (15,4% hvor tegund). Aðrar tegundir fundust í innan við 10% fuglanna (1. tafla).

Samanburður haust og vetrarfæðu

Hlutdeild helstu fæðuhópa í haust- og vetrarfæðu kynjanna reyndist vera mjög svipuð (5. mynd). Einkum var þetta skýrt hvað steggina varðaði því hlutdeild samlokna, snigla og krabbadýra var svo til sú sama í nóvember og í febrúar. Sama gilti með kollur með þeirri undantekningu að þær átu greinilega meira af samlokum í febrúar en í nóvember.

Árstíðabreytingar á einstökum fæðuhópum

Ákveðin fæða var látin ósnert, eða því sem næst, suma sýnatökudaga en mikið sótt í hana aðra. Skýrast kom þetta fram við át æðarfugla á krabbadýrum. Steggirnir sniðgengu krabbadýr svo til alfarið í maí og í júní en hjá kollum var hlutdeild krabbadýra í fæðunni 14,9% í maí en fór niður í 2,4% eftir varpið í júní. Í nóvember og febrúar var hlutdeild krabbadýra hjá báðum kynjum aftur á móti veruleg, að meðaltali 30,3% (5. mynd).

Mjög var breytilegt eftir árstímum hvaða tegundir krabbadýra voru étnar. Marflær fundust í öll skiptin en yfirleitt voru þær stakar í fóarni eða það fáar að þær voru taldar hafa verið étnar óvart með annari fæðu. Þrjár kollur skáru sig þó úr hvað marflóaát snerti því að í þeim reyndist um helmingur allra fæðuleifa í fóarni vera marflær. Ein kollan var frá nóvember en tvær voru frá maí. Þriðja kollan frá maí hafði brugðið sér á þanggeitaveiðar því helmingur fæðuleifa í fóarni innihélt tegundina *Caprella septentrionalis.*

Át á bogkrabba og kuðungakröbbum var svo til eingöngu bundið við febrúar en þá voru leifar af stórkröbbum fyrirferðarmiklar í 4 kollum og 5 steggjum, eða í tæplega



5. mynd. Árstíðabreytingar á helstu fæðutegundum í fóarni 40 kollna og 38 steggja á Skerjafirði 1993.– *Seasonal variation of predominant food groups in gizzards of 40 female and 38 male common eiders from Skerjafjörður, SW Iceland in 1993.*

helmingi fuglanna. Í maí og júní varð þessarar fæðu ekki vart nema í einu tilfelli þegar klóarbrot af krabba (hugsanlega mengun) fannst í fóarni eins fugls. Að haustinu hafði svo einn steggur en engin kolla étið bogkrabba.

Í nóvember voru enn nýir hlutir á ferðinni því yfirgnæfandi meirihluti allra krabbadýraleifa voru þanglýs. Þá fundust þær (iðulega tugum saman, flestar 70 og 72 í sitt hvorum steggnum) í þriðjungi fuglanna og var augljóst að fuglarnir höfðu lagt sig eftir því að leita uppi og éta þanglýs. Aðeins í einu tilfelli utan haustsins (steggur í maí) fannst þanglús í meltingarvegi æðarfuglanna. Raunar var þessi þanglús eina krabbadýrið sem fram kom í fæðu steggja í maí.

Önnur tegund sem flokka má undir vetrarfæðu var möttuldýrið *S. rustica* en þrír steggir höfðu étið þessa fæðu í febrúar. Í einu þessara tilfella var ekki annað í fóarni en átta einstaklingar þessarar tegundar.

Kollurnar sóttu einungis í brauð eða úrgang við útfall holræsa að haustinu en þá fundust slíkar leifar í þremur kollum. Ekki varð vart við að þær nýttu sér þessar fæðuuppsprettur í febrúar, maí og júní. Steggirnir, aftur á móti, nýttu sér holræsaúrgang í öll fjögur skiptin í svipuðum mæli, þó minnst í maí (5. mynd).

Breytingar á fæðuvali fyrir og eftir varp

Verulegar breytingarnar urðu á fæðuvali fyrir og eftir varp. Í maí og júní átu steggir mun meira af kræklingi (46,4%) en kollur (18,7%). Á sama tíma sóttu kollur meira í snigla (19% í maí, 62,4% í júní) heldur en steggir (8,9% í maí, 18,3% í júní). Sniglaát kollnanna eftir varpið var sérstaklega áberandi (5. mynd). Eins og áður hefur verið rakið sniðgengu steggir krabbadýrin svo til algjörlega og það litla sem kollurnar átu af krabbadýrum var bundið við marflær og þanggeitur.

Umræða

Niðurstöðurnar ber að skoða í ljósi þeirra takmarkana að fæðuval fuglanna var einungis kannað fjórum sinnum á árinu auk þess sem tiltölulega fáir fuglar voru athugaðir í hvert sinn. Söfnunartími og sýnastærð var skipulögð fyrst og fremst vegna rannsókna á heilbrigði æðarfugla en engu að síður má ætla að niðurstöðurnar endurspegli allvel fæðuval æðarfugla á Skerjafirði á þeim árstímum sem athuganir voru gerðar.

Unnt er að beita ýmsum aðferðum til að meta þýðingu einstakra fæðutegunda og rannsaka árstíðabreytingar á fæðuvali. Fyrir valinu varð aðferð sem byggir á rúmmáli fæðuleifa þar sem öllum einstaklingunum í rannsókninni er tryggt sama vægi. Galli við þessa aðferð, eins og raunar flestar aðferðir sem ætlað er að endurspegla fæðuval tegunda sem éta fæðu af margvíslegum uppruna, felst í því að orkuinnihald stendur sjaldnast í beinu samhengi við rúmmál fæðuleifa. Til dæmis skilar sama rúmmál af þanglúsum og kræklingi æðarfugli mismikilli orku. Annar galli við aðferðina er að hún vanmetur þýðingu fæðu sem meltist algjörlega, til dæmis burstaorma, bertálkna (Nudibranchia) og hrogna, því þessi fæða hverfur hlutfallslega hraðar úr fóarni niður í skeifugörn en til dæmis skeljabrot og kítinhamir krabbadýra (Bustnes & Erikstad 1988). Streymi fæðu gegn um meltingarveg æðarfugls er mjög hratt, einungis um klukkustund (Swennen 1976).

Í Skerjafjarðarfuglunum fundust aldrei hrogn eða bertálknar þótt svo að vitað sé að til dæmis hrognkelsi hrygni á svæðinu og að æðarfuglar eru sólgnir í hrogn þeirra (Bustned & Erikstad 1988). Burstaormur fannst einungis einu sinni sem fæða, þrátt fyrir ríkulegt framboð burstaorma á svæðinu (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977). Því er líklegt að auðmeltanlegar fæðutegundir séu vanmetnar í þessari rannsókn. Þó skal á það bent að aldrei sáust ormar, bertálknar eða hrogn í sarpi fugla á Skerjafirði en þangað fer fæðan fyrst eftir að hún er veidd og er varðveitt þar óskódduð, áður en hún fer niður í fóarn. Þetta vekur nokkra athygli í ljósi þess að Arnþór Garðarsson o.fl. (1980) sýndu fram

6. mynd. Æðarkolla *Somateria mollissima* með unga sem leita fæðu í flæðarmáli. – Jóhann Óli Hilmarsson.

á að í júlí og ágúst 1979 átu æðarfuglar í Önundarfirði burstaorma, meðal annars sandmaðk sem algengur er á botni Skerjafjarðar (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977). Mismunandi athugunartími gæti skipt hér einhverju máli því rannsóknirnar í Skerjafirði voru gerðar 24. júní en ekki fyrr en eftir mitt sumar í Önundarfirði. Einnig gæti mismunandi fæðuframboð á athugunarsvæðunum, eða einhverjir aðrir þættir, skýrt þennan mun.

Ríkulegt dýralíf einkennir Skerjafjörð en á þriðja hundrað tegundir hryggleysingja hafa fundist þar á botni og í fjörum (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977, Agnar Ingólfsson 1977). Ljóst er að æðarfuglinn getur nýtt fjölmargar þessara tegunda þótt á því séu vissulega takmarkanir. Fullvaxnir beitukóngar eru til dæmis of stórir til að æðarfuglar geti rennt þeim niður og fjölmargar ífánutegundir eru óaðgengilegar niður í botnlaginu. Mælingar á ósköddum skeldýrum í sarpi sýndu að æðarfuglar á Skerjafirði höfðu valið sér krækling sem var á bilinu 17-41 mm langur og halllokur sem voru 25-38 mm breiðar en að meðaltali var stærð skeldýranna svipuð, eða um 29 mm. Þótt mælingarnar séu byggðar á takmörkuðum efniviðer engu að síður ljóst að æðarfugl velur gaumgæfilega stærð fæðunnar sem neytt er. Í Troms í Noregi kom í ljós að æðarfuglar átu mest af 7-25 mm löngum kræklingi, meðallengd var 13,9 mm þótt allt að 41 mm langir kræklingar væru étnir (Bustnes & Erikstad 1990). Í Norðursjó át æðarfugl aftur á móti allt að 65 mm langan krækling en oftast þó 30-40 mm langa einstaklinga (Nehls 1991).

Smávöxnustu tegundirnar, til dæmis mærudoppa og smávaxin krabbadýr, slæðast líklega óviljandi niður í fugla við fæðuöflun en annars geta fjölmargar ástæður legið að baki vali fugla á stærð bráðar. Hvað krækling snertir hafa rannsóknir frá Norður Noregi sýnt að fiskinnihald hans (innmatur) minnkar hlutfallslega jafnt og þétt eftir því sem kræklingurinn vex. Því

fær fuglinn hlutfallslega minni orku út úr því að éta stóran krækling en lítinn (Bustnes & Erikstad 1990). Einnig er vel þekkt að sú orka sem fuglinn eyðir í að mylja skeljarnar í fóarni vex eftir því sem kræklingurinn stækkar því skelin þykknar þegar dýrið vex. Þá eyðir æðarfugl meiri orku í að losa stóra kræklinga en smáa frá botni vegna þess að þeir eru fastari við undirlagið. Dýpi niður á kræklingamiðin skiptir líka máli því æðarfuglar gleypa smávaxna kræklinga niður við botn en þurfa að synda með stóra kræklinga eða klumpa upp á yfirborð, hrista hann þar og hagræða áður en honum er kyngt. Síðast en ekki síst er þekkt að magn sjávar, og þar með salts sem æðarfugl þarf síðan að eyða orku í að losa út úr líkamanum, eykst með aukinni stærð kræklings (Draulans 1982, Nyström & Pehrson 1988). Þessu til viðbótar skal þess getið að næringargildi kræklings sveiflast eftir árstíðum. Við Ísland taka kynfrumur að þroskast í kræklingum í febrúar og í sumarbyrjun eru þeir fullir af auðmeltanlegum eggjum og þá innihalda þeir mesta orku. Að afstöðnu goti, sem á sér stað að sumarlagi hér við land (Guðrún G. Þórarinsdóttir & Úlfar Antonsson 1993), minnkar því næringargildi kræklings. Sníkjudýrafræðilega séð er kræklingur alla jafnan mun heilbrigðari fæða fyrir æðarfugl en til dæmis sniglar og krabbadýr. Sniglar og krabbadýr eru jafnan mun sýktari en kræklingur af lirfustigum ýmissa sníkjuorma sem þekkt eru af því að orsaka vanþrif. Því er mun heilsusamlegra að velja krækling til áts en snigla og krabbadýr (Galaktionov & Skirnisson 2000, Karl Skírnisson, í undirbúningi). Þegar öllu er á botninn hvolft er sú orka sem kræklingsát skilar æðarfugli augljóslega afrakstur flókins samspils fjölmargra þátta. Vísast er svipað uppi á teningnum varðandi aðrar fæðutegundir þótt minna sé um það vitað.

Fjöldi fæðutegunda í Skerjafirði (36) reyndist vera svipaður og í athugun Bustnes & Erikstad (1988) á 82 æðarfuglum sem druknað höfðu snemma vors í grásleppunetum hjá Troms í Noregi, en þar fundust 34 tegundir (hrogn fiska ekki meðtalin). Heldur færri tegundir, eða 27, fundust í athugun Pethon (1967) á 97 fuglum frá Oslófirði.

Vert er að nefna sérstöðu Skerjafjarðar hvað varðar möguleika æðarfugla sem þar lifa til að afla fæðu sem upprunnin er frá manninum. Fjórir fuglar höfðu sótt í brauðgjafir borgarbúa, líklegast á Reykjavíkurtjörn, og fimm fuglar til viðbótar höfðu étið úrgang við útrásir holræsa sem lágu út í Skerjafjörð árið 1993. Alls voru þetta 11,5% fuglanna sem greinilega völdu þessa fæðu frekar en að nýta sér náttúrulegt fæðuframboð svæðisins. Á þessu geta þó verið alvarlegar hliðar því við útrásir holræsa geta æðarfuglar náð í ýmsan lífrænan og ólífrænan óþverra sem haft getur neikvæð áhrif á heilbrigði einstaklinganna. Áþreifanlegt dæmi kom í ljós í þessari rannsókn. Í þeim 20 fuglum sem veiddir voru í júní fundust bakteríurnar *Salmonella typhimurium* og *S. paratyphi* B í sitt hvorum fuglinum. Ekki er ólíklegt að svipað hafi verið ástatt um aðrar tegundir fugla, svo sem stokkendur og máfa, sem vitað er að sóttu árið 1993 í sömu fæðuuppsprettur. Ljóst er að smitaðir fuglar geta við tilteknar aðstæður ferjað sjúkdómsvaldandi bakteríur úr holræsum upp á land og borið smit í villt dýr, húsdýr og jafnvel menn. Til að hindra að slíkt geti gerst er afar brýnt að ganga þannig frá holræsamálum að fuglar sæki ekki þangað fæðu.

Plöntur eru yfirleitt látnar ósnertar þótt leifar háplantna og þörunga slæðist stöku sinnum niður í fuglana, væntanlega óviljandi (Cramp & Simmons 1977). Svipaðar niðurstöður hafa fengist við athuganir erlendis. Þörungar eru ekki taldir gegna neinu næringarfræðilegu hlutverki. Þó hefur sú skoðun verið sett fram að gróður geti hugsanlega haft einhverja þýðingu fyrir varpfugla á álegutíma (Pethon 1967).

Fæða upprunnin úr ferskvatni var sjaldséð enda vart við henni að búast þar sem fuglarnir voru skotnir út á sjó. Sá fugl sem étið hafði vatnabobba hefur væntanlega fundið þessa fæðu í Reykjavíkurtjörn því sá hafði einnig verið að gæða sér á brauði.

Kræklingur var þýðingamesta fæðuuppspretta beggja kynja á öllum árstímum, yfirleitt með hlutdeild frá 1/6 upp í ríflega 1/3. Í júní sóttu steggir mikið í krækling en þá nam hlutdeild hans 59,7%. Ekki er ljóst hvað veldur. Á þessum tíma er kræklingur í Skerjafirði fullur af hrognum (Guðrún G. Þórarinsdóttir & Úlfar Antonsson 1993) og því hlutfallslega næringarríkur. Mikilvægi kræklings sem fæðuuppspretta fyrir æðarfugl hefur þráfaldlega verið staðfest í erlendum rannsóknum. Til dæmis fundu Bustnes & Erikstad (1988) krækling í sarpi 80,5% fugla sem athugaðir voru frá Troms í Noregi og þar var heildarhlutdeild hans af lífþyngd fæðuleifa 46,3%. Pethon (1967) áætlaði hlutdeild kræklings 68,1% hjá fuglum sem athugaðir voru frá maí til nóvember á Oslófirði og í Seafield í Skotlandi nam rúmmál kræklings 70,8% af heildarfæðuleifum (Player 1971). Í þessum samanburði verður 28,2% heildarhlutdeild kræklings á Skerjafirði að teljast hlutfallslega lítil. Ástæðan er líklega fjölbreytt framboð annarra fæðutegunda á Skerjafirði ásamt tiltölulega blettóttri og takmarkaðri útbreiðslu kræklings á þeim hluta Skerjafjarðar þar sem fuglarnir voru veiddir. Árið 1976 fannst kræklingur þar ekki nema á um fjórðungi botnstöðva og náði hvergi nærri þeim þéttleika sem kræklingur hefur utar í norðanverðum Skerjafirði (Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977). Þessi staðreynd gæti raunar hafa sett mark sitt á þessar niðurstöður á þann hátt að stuðla að fjölbreyttara og sveiflukenndara fæðuvali heldur en á svæðum þar sem kræklingamið eru auðugri og útbreiddari.

Fróðlegt er að skoða sókn fuglanna í krabbadýr. Sérstaka athygli vekur að fuglarnir virðast sniðganga krabbadýr að mestu leyti um varptímann. Að vetri og hausti eru krabbar aftur á móti mikilvæg fæða. Í febrúar voru einkum étnir stórkrabbar. Það litla sem étið var af krabbadýrum í maí fannst í kollum sem voru að éta þanggeitur og marflær, í júní sniðgengu bæði kollur og steggir krabbadýr en að haustinu gerðu æðarfuglar að mestu leyti út á þanglýs þótt bogkrabbar og marflær væru aftur komin á matseðilinn. Skýringar þessa mynsturs eru óljósar og ástæðurnar efalaust margþættar. Líklega eru þær jöfnum höndum tengdar breytingum á framboði fæðu á svæðinu, lífsferlum og stofnstærð tegundanna sem í hlut eiga, en hugsanlega einnig aðgengileika þeirra. Ennfremur skal á það bent að virkni dýra með misheitt blóð er háð hitastigi umhverfisins og krabbadýr því svifaseinni og hugsanlega auðveiddari bráð fyrir æðarfugl þegar sjór hefur kólnað um nokkrar gráður. Jafnframt er hugsanlegt að fullorðnir æðarfuglar sniðgangi að sumarlagi viljandi smávaxin krabbadýr eins og marflær til að minnka samkeppni við ungana sem lifa fyrstu vikurnar að stærstum hluta á marflóm (Cramp & Simmons 1977, Arnþór Garðarsson o.fl. 1980).

Hvað þanglýs áhrærir færir tegundin *I. granulosa* sig niður í fjöru þegar kólnar á haustin og þjappar sér saman við neðri mörk fjörunnar (Agnar Ingólfsson 1990). Þessi tilfærsla milli búsvæða gæti skýrt aukna hlutdeild tegundarinnar í fæðu æðarfugla á haustin þegar þanglúsastofninn er að auki hvað stærstur. Hugsanlegt er að svipaðar skýringar séu á árstíðabundinni hlutdeild oddalúsa en greinilegt var að sumir æðarfuglar gerðu grimmt út á veiðar á þessari tegund í nóvember. Ekki er ljóst hvað þessu veldur en hugsanlega eiga breytingar á atferli tegundarinnar, tengt tímgun hennar, þátt í því að gera hana veiðanlegri fyrir æðarfugl að haustlagi.

Pethon (1967) sýndi fram á all miklar árstíðasveiflur í fæðuvali fullorðinna æðarfugla á Oslófirði á tímabilinu maí til nóvember. Frá og með ágúst snarminnkaði hlutdeild kræklings (sem þá hafði lokið við að hrygna og næringargildi hans því minnkað) en að sama skapi stórjókst sókn í marflær sem þó dvínaði í nóvember þegar sókn í krækling jókst að nýju. Athyglisvert er að benda á að mikilvægi þanglúsa jókst í nóvember á Oslófirði eins og á Skerjafirði.

ÞAKKIR

Fuglafriðunarnefnd og Umhverfisráðuneyti veittu leyfi til veiða á æðarfuglunum. Félagar úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ sigldu á gúmmíbáti sveitarinnar með skipuleggjendur verkefnisins til veiða. Þorvaldur Þór Björnsson aðstoðaði við veiðar. Jörundur Svavarsson aðstoðaði við gerð eintakasafns sem að hluta til fékkst hjá Líffræðistofnun Háskólans. Starfsfólk sýklafræðirannsóknadeildarinnar á Keldum leitaði sjúkdómsvaldandi baktería og greindi salmonellur. Kristján Lilliendahl las greinina yfir í handriti. Æðarræktarfélagið veitti fæðuathugununum sérstakan fjárstyrk. Öllum þessum aðilum er þakkað verðmætt liðsinni.

HEIMILDIR

Agnar Ingólfsson 1977. Rannsóknir í Skerjafirði. II Lífríki fjöru. – Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 10. 94 bls.

Agnar Ingólfsson 1978. Greiningarlykill yfir stórkrabba (Malacostraca) í fjörum. – Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 11. 18 bls.

Agnar Ingólfsson 1990. Nokkur orð um þanglýs (*Idotea* spp.) í íslenskum og erlendum fjörum. – Bls. 9-12 í: Brunnur lifandi vatns. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Agnar Ingólfsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Karl Gunnarsson & Eggert Pétursson 1986. Fjörulíf. – Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Arnþór Garðarsson 1975. Íslenskir votlendisfuglar. – Rit Landverndar 4: 100-134.

Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. – Rit Landverndar 8: 77-116.

Arnþór Garðarsson & Kristín Aðalsteinsdóttir 1977. Rannsóknir í Skerjafirði. I Botndýralíf. – Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 9. 82 bls.

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen & Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. – Fjölrit Líffræðistofnunar Nr. 12. 65 bls.

Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir.– Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

Bustnes, J. O. & K. E. Erikstad 1988. The diets of sympatric wintering populations of common eider *Somateria mollissima* and king eider *S. spectabilis* in northern Norway. – Ornis Fenn. 65: 163-168.

Bustnes, J. O. & K. E. Erikstad 1990. Size selection of common mussels, *Mytilus edulis*, by common eiders, *Somateria mollissima:* energy maximzation or shell weight minimization? – Can. J. Zoology 68: 2280-2283.

Cantin, M., J. Bédard & H. Milne 1974. The food and feeding of common eiders in the St. Lawrence estuary in summer. – Can. J. Zool. 52: 319-334.

Campbell, A.C. 1976. The Hamlyn Guide to the Seashore and Shallow Seas of Britain and Europe. – Hamlyn, London.

Campbell, L. H. 1978. Diurnal and tidal behaviour patterns of Eiders wintering at Leith. – Wildfowl 29: 147-152.

Cramp, S. & K. E. L. Simmons (ritstj.) 1977. The birds of the Western Palearctic. Vol. 1 – Oxford University Press, Oxford.

Draulans, D. 1982. Foraging and size selection of mussels by the tufted duck, *Aythya fuligula*. – J. Anim. Ecol. 51: 943-956.

Galaktionov, K. & K. Skírnisson 2000. Digeneans from intertidal molluscs of SW Iceland. – Systematic Parasitology. Í prentun.

Guðrún G. Þórarinsdóttir & Úlfar Antonsson 1993. Tilraunaræktun á kræklingi í Hvalfirði. – Náttúrufræðingurinn 63: 243-251.

Ingimar Óskarsson 1982. Skeldýrafána Íslands. I. Samlokur í sjó, II. Sæsniglar með skel. – Prentsmiðjan Leiftur hf, Reykjavík. 2. útgáfa.

Karl Skírnisson & Áki Á. Jónsson 1996. Parasites and ecology of the common eider in Iceland. – Bull. Scand. Soc. for Parasitology 6: 126-127.

Karl Skírnisson, Áki Á. Jónsson, Arnór Þ. Sigfússon & Sigurður Sigurðarson 1996. Seasonal changes of the food composition of the common eider in Iceland. – Bull. Scand. Soc. for Parasitology 6: 127-128.

Kristinn H. Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. – Umhverfisráðuneytið, Reykjavík.

Kristín Ólafsdóttir, Karl Skírnisson, Guðrún Gylfadóttir & Þorkell Jóhannesson 1998. Seasonal fluctuations of organochlorine levels in the common eider (*Somateria mollissima*) in Iceland. – Environmental Pollution 103: 153-158.

Nehls, G. 1989. Occurrence and food consumption of the common eider *Somateria mollissima,* in the Wadden Sea of Schleswig-Holstein. – Helgoländer Meeresuntersuchungen 43: 385-393.

Nehls, G. 1991. Bestand, Jahresrythmus und Nahrungsökologie der Eiderente *Somateria mollissima,* L. im Schleswig-Holsteinischen Wattenmeer. – Corax 14: 3-66.

Nehls, G. 1995. Strategien der Ernährung und ihre Bedeutung für Energiehaushalt und Ökologie der Eiderente (*Somateria mollissima*) (L. 1758). – Berichte, Forsch. u. Technologiezentrum Westküste d. Univ. Kiel, Nr. 10. Doktorsritgerð, 177 bls.

Nyström, K. G. & O. Pehrson 1988. Salinity as a constraint affecting food and habitat choice of mussel-feeding diving ducks. – Ibis 130: 94-110.

Nyström, K. G., O. Pehrson & D. Brigman 1991. Food of juvenile common eiders (*Somateria mollissima*) in areas of high and low salinity. – Auk 108: 250-256.

Pethon, P. 1967. Food and feeding habits of the common eider. – Nytt Mag. Zool. (Oslo) 15: 97-111.

Player, P. V. 1971. Food and feeding habits of the Common Eider at Seafield, Edinburgh, in winter. – Wildfowl 22: 100-106.

Sigurður Sigurðarson, Slavko Helgi Bambir & Karl Skírnisson 1996. Pathological studies on common eiders from Skerjafjörður, SW-Iceland. – Bull. Scand. Soc. for Parasitology 6: 125-126.

Swennen, C. 1976. Population structure and food of the

Eider *Somateria m. mollissima* in the Dutch Wadden Sea. – Ardea 64: 311-371.
Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY

Food composition of the Common Eider in Skerjafjörður

The aim of the study was to analyse food habits and seasonal variation in 78 eiders shot on four different sampling dates in 1993: 10 February, 11 May, 24 June and 2 November. Ten females and ten males were sampled on each occasion except in November, when ten females and only eight males were sampled.

Food in the gullet and gizzard was analysed and prey species identified by comparison with undamaged samples of potential prey species from the study area. For semi-quantitative comparisons the volume percentage of each prey group was estimated macroscopically for each gissard.

Common Eiders in Skerjafjörður appeared to be opportunistic feeders and foraged on a wide variety of benthic invertebrates. Alltogether 36 prey species were identified (Table 1). Bivalves were the most important food source, forming 38.8% of the diet (Fig. 4). Gastropods were 19.1%, crustaceans 16.8% and ascidians 1.5%. Bread, fed to birds at Lake Tjörnin in the centre of Reykjavík, as well as waste consumed at sewage outlets in the study area was also important food source, taken together 6.3% of the diet. Sand and grit formed 13.1%. Vegetable matter (algae, moss and grass fragments) formed 3.7% of the diet and were found in 9% of the birds, but regarded to be of no significance as food. As softbodied species like fish eggs and polychaetes are digested faster than, e.g., mussels, this type of food was probably underestimated in the study.

Mytilus edulis was the most important species eaten by the eiders, forming 28.2% of the diet and occurring in 73.1% of the birds. Other important prey, although of four to six times less dietary importance, were *Mcoma calcarea, Buccinum undatum, Littorina obtusata, Carcinus maenas* and *Idotea* spp. (Table 1).

The consumption of crustaceans and snails varied significantly by seasons. Crustaceans were almost exclusively eaten in February and November when they were an important source of food and formed 30.3% of the diet (Fig. 5). In May, males completely avoided crustaceans but at the same time three females actively fed upon amphipods although strictly avoiding other crustaceans. In June both males and females completely avoided all crustaceans.

Snail consumption increased after the breeding period by both sexes. This increase, however, was not as striking by the males as by the females (Fig. 5) who by end of June mainly fed upon *Littorina* spp. and *B. undatum.* As a consequence of the temporarily increased snail consumption after the breeding period females consumed more snails than the males. However, total bivalve consumption of females and males did not differ but seasonal changes were observed. Females ate more bivalves in February but males in May and June (Fig. 5).

Selection of crustacean prey species markedly differed by seasons. *Eupagurus* spp. and *C. maenas* were frequently eaten in February and *C. maenas* occurred also on the menu in November. Isopods were almost exclusively eaten in November. Then, mainly *Idotea baltica* but also to a smaller extent *I. granulosa,* were found in one third of the eiders. In the gizzards of two males a total of 70 and 72 isopods were found, respectively, indicating active selection of isopods as a food source in autumn. One or few amphipods were frequently found in gizzards at all sampling dates.

Karl Skírnisson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði / Institute for Experimental Pathology, University of Iceland, Keldur, IS-112 Reykjavík.

Áki Á. Jónsson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði / Institute for Experimental Pathology, University of Iceland, Keldur, IS-112 Reykjavík. Núverandi póstfang / Present address: Veiðistjóraembættið / Wildlife Management Unit, Hafnarstræti 97, IS-600 Akureyri.

Arnór Þ. Sigfússon, Veiðistjóraembættið / Wildlife Management Unit, Reykjavík. Núverandi póstfang / Present address: Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O.Box 5320, IS-125 Reykjavík.

Sigurður Sigurðarson, Rannsóknardeild dýrasjúkdóma / Central Veterinary Laboratory, Keldur, IS-112 Reykjavík.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Fuglalíf í Mýrasýslu*

Fjallað er um fuglalíf í Mýrasýslu, þ.e. á láglendi, hálendi og heiðum vestan Tvídægru. Fuglalíf er fjölskrúðugt á þessu svæði, þó einkum á Út-Mýrum en þar er að finna lífrík votlendi; strandvötn, fjörur og grunnsævi. Alls hafa 59 tegundir fugla orpið í Mýrasýslu, þar af eru 53 tegundir árvissar. Þá hafa fimm tegundir hánorrænna fargesta viðdvöl á Mýrum vor og haust. Gefið er lauslegt yfirlit um helstu hópa varpfugla og auk þess fjallað sérstaklega um hverja tegund. Út-Mýrar hafa alþjóðlega þýðingu fyrir nokkrar fuglategundir og voru til skamms tíma helsti viðkomustaður margæsa hér á landi. Þá eru mikilvægustu fjaðrafellisstöðvar æðarfugla hér við land í mynni Borgarfjarðar.

Inngangur

Fátt hefur verið skrifað sérstaklega um fuglalíf í Mýrasýslu en fyrir meira en 60 árum birtist afar fróðleg grein eftir Ásgeir Bjarnason frá Knarrarnesi (1938) sem fjallar m.a. um fugla á Út-Mýrum. Ásgeir var einnig helsti heimildarmaður danska fuglafræðingsins Richards Hørrings (1905-08) um fuglalíf á Mýrum þegar sá síðarnefndi ferðaðist um landið skömmu eftir aldamótin 1900.

Hér verður greint frá fuglalífi í vesturhluta sýslunnar, þ.e. á öllu láglendi, svo og fjöllum og heiðalöndum vestan Tvídægru, að sýslumörkum við Hítará og Hítarvatn (1. mynd). Mörk þessi miðast við þann hluta sýslunnar sem svæðisskipulag Mýrasýslu náði til en það bíður nú (júní 2000) staðfestingar ráðherra. Alls er þetta svæði um 1300 ferkílómetrar og meira en helmingur sýslunnar. Sums staðar verður vikið að fuglum utan þessa svæðis, þ.e. á heiðalöndum austur og norður af byggð í Þverárhlíð og Hvítársíðu. Þegar rætt er um Mýrasýslu í þessari grein er því aðeins átt við vesturhlutann, nema annað sé tekið fram.

Rannsóknir

Fuglalíf í Mýrasýslu er vel þekkt, samanborið við flesta aðra landshluta. Á það bæði við um varpfugla og farfugla sem nýta svæðið tímabundið, vor og haust. Hins vegar er fuglalíf að vetrarlagi illa þekkt og verður því lítið fjallað um það hér.

Til skamms tíma einskorðuðust rannsóknir á varpfuglum á þessu svæði við sjófuglabyggðir á Mýrum. Hreiður hafa verið talin reglulega í skarfavörpum þar síðan 1975 (Arnþór Garðarsson 1979, 1996a, Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 1995). Einnig eru ritubyggðir vel þekktar (Arnþór Garðarsson 1996b) og reynt hefur verið að meta stærð lundavarpanna (Arnþór Garðarsson, óbirt). Um aðra sjófugla er minna vitað. Slegið hefur verið á fjölda fugla í nokkrum máfavörpum (KHS, óbirt) en vegna skipulagðra skotveiða sem hófust 1986 hefur dreifing og fjöldi svartbaka breyst mikið á síðari árum. Varpdreifing æðarfugla er sæmilega þekkt en bændur eru tregir að láta uppi hversu stór vörpin eru.

Önnur vitneskja um varpfugla byggist aðallega á rannsóknum Náttúrufræðistofnunar Íslands á síðustu árum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1996). Útbreiðsla varpfugla er skráð skv. reitakerfi sem nær til landsins alls en hver reitur er 100 ferkílómetrar (10x10 km). Jafnframt er reynt að meta hversu algengar tegundir

* Þessi grein er að mestu leyti byggð á samantekt sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Mýrasýslu (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1997).



1. mynd. Mýrasýsla, svæðið sem fjallað er um í greininni er afmarkað með rauðri línu. – *The Mýrar County, the study area is depicted with a red line.*

eru. Lokið er að mestu könnun á dreifingu varpfugla á láglendi í Mýrasýslu en fjöll og heiðar hafa lítt verið kannaðar (2. mynd).

Skipulegar rannsóknir á ferðum norrænna farfugla, sem nýta fjörur og grunnsævi í Mýrasýslu, hófust þegar árið 1970. Í upphafi voru það einkum erlendir vísindamenn sem sinntu þessum rannsóknum (Morrison o.fl. 1971, 1992; Morrison & Wilson 1972, 1992; Wilson 1981; Wilson & Morrison 1992). Síðan tóku Íslendingar við, aðallega Arnþór Garðarsson og síðar Guðmundur A. Guðmundsson og hafa þeir kortlagt helstu viðkomustaði þessara fugla og metið þýðingu einstakra svæða fyrir viðkomandi tegundir (Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991, 1996; Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993). Breskir vísindamenn hafa einnig fylgst með margæsum (O'Brian & Wash 1989) og blesgæsum í Mýrasýslu (Francis & Fox 1987).

Grunnsævi í utanverðum Borgarfirði og á Mýrum er þýðingarmikill fjaðrafellisstaður fyrir æðarfugla og álftir. Arnþór Garðarsson (1975a,b; 1982) sló á fjölda æðarfugla í fjaðrafelli 1973 og 1974. Álftir í fjaðrafelli hafa verið taldar alloft síðan 1974, aðallega af Arnþóri Garðarssyni og Kristni Hauki Skarphéðinssyni (óbirt).

Fuglalíf að vetrarlagi er fremur illa þekkt í Mýrasýslu. Á fáeinum stöðum hafa fuglar verið taldir um áramót í tengslum við vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar (sbr. Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989-93). Einnig hefur verið flogið yfir svæðið á veturna í leit að álftum (Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1985).

Varpfuglar

Alls hafa 59 tegundir fugla orpið á svæðinu, þar af eru 53 tegundir árvissar (1. tafla). Til samanburðar má geta þess að hér á landi hafa um 100 tegundir fugla orpið og eru 72 þeirra árvissir varpfuglar.

Sjófuglar

Þrátt fyrir að eiginleg fuglabjörg sé hvergi að finna í sýslunni, setja sjófuglar



2. mynd. Þekking á útbreiðslu varpfugla í Mýrasýslu, skv. 10x10 km reitakerfi. Stórir punktar tákna að varpfuglar eru vel þekktir í viðkomandi reit (sem er 100 ferkílómetrar), miðlungs stórir punktar tákna sæmilega þekkingu og litlir punktar að fuglalíf hafi lítt verið kannað. – *The coverage of the Icelandic Breeding Bird Atlas in the Mýrar area (10x10 km squares). Large dots indicate good coverage, intermediate dots medium coverage, and small dots inadequate coverage.*

mikinn svip á fuglalíf á utanverðum Mýrum. Alls verpa þar 14 tegundir sjófugla og er langmest af lunda. Aðrar algengar tegundir eru: kjói, svartbakur, rita og kría, sem líkt og lundinn byggja afkomu sína sennilega að meira eða minna leyti á síli, þ.e. sandsíli og skyldum tegundum.

Fýl hefur fjölgað mikið hér á landi, hann nam land á Mýrum skömmu eftir aldamótin 1900 (Fisher 1952) og verpur víða í skerjum og höfðum. Fýll varp einnig til skamms tíma í Brákarey og víðar í klettum við Borgarnes en hefur hörfað þaðan vegna vaxandi byggðar og umgangs. Hann nam nýlega land i Grímsstaðamúla og Svarfhólsmúla og verpur einnig í Ófærugili i Bjarnardal í Norðurárdal (sbr. Kristbjörn Egilsson o.fl. 1999). Þá hafa fuglar setið uppi í Hvassafelli í Norðurárdal á seinni árum. Stofninn er líklega innan við 1000 pör og verpa þau flest við Mýrar. Þetta er aðeins lítill hluti íslenska stofnsins sem telur milljónir fugla.

Dílaskarfur verpur í nokkrum skerjum við Mýrar. Dreifing varpanna hefur breyst talsvert á þessari öld en dílaskarfar hafa orpið á meira en 20 stöðum frá Borgareyjum að Akraósi (Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 1995). Síðan 1975 hefur fjöldi varppara á svæðinu sveiflast talsvert og verið 350-570 pör (Arnþór Garðarsson 1996a). Stærsta varpið er í Elliðaey við Knarrarnes en þar voru 400 hreiður árið 1990. Hér á landi verpa dílaskarfar nú einungis við Breiðafjörð og Faxaflóa en urpu áður víða við Norður- og Austurland. Þeir eru afar viðkvæmir fyrir umferð á varptíma. ***Toppskarfur*** er mun sjaldgæfari á svæðinu en dílaskarfur og verpur á nokkrum skerjum á Mýrum, alls um 30 pör árið 1994 (Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 1995).

Kjói (3. mynd) er algengur varpfugl á Mýrum og einkennisfugl þessa svæðis ásamt svartbaki, spóa og lóuþræl. Óvíða er jafnþétt kjóavarp og á Mýrum; þar verpa hundruð para. Kjóinn hefur verið ofsóttur að undirlagi æðarbænda á undanförnum árum og því fækkað mikið. Hann verpur strjált inn til landsins og á heiðum.

Sex tegundir máfa verpa í Mýrasýslu og er ritan þeirra langalgengust en hún verpur á tiltölulega fáum stöðum. Svartbakur er einnig algengur en hefur fækkað vegna ofsókna. Sílamáfur er staðbundinn og verpur einkum við Álftanes. Þá verpa nokkur pör af silfurmáfum og hvítmáfum.

Hettumáfur er algengur varpfugl við ströndina á Mýrum en fremur sjaldgæfur ofar í sýslunni. Stærstu vörpin eru við Akra

1. tafla. Varpfuglar í Mýrasýslu (alls 59 tegundir). Röð tegunda byggist á hefðbundinni flokkun fugla. – *Breeding birds of Mýrar county (a total of 59 species).*

Tegund	Umsögn
Lómur *Gavia stellata*	Algengur varpfugl, einkum á Út-Mýrum
Himbrimi *Gavia immer*	Strjáll varpfugl
Flórgoði *Podiceps auritus*	Útdauður varpfugl í Mýrasýslu
Fýll *Fulmarus glacialis*	Algengur og útbreiddur, einkum við ströndina
Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*	Verpur í nokkrum skerjum við Mýrar
Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*	Strjáll varpfugl við Mýrar
Álft *Cygnus cygnus*	Algengur og útbreiddur varpfugl
Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*	Er nýlega farin að verpa í heiðalöndum í NA-hluta sýslunnar
Grágæs *Anser anser*	Algengur og útbreiddur varpfugl
Brandönd *Tadorna tadorna*	Nýlegur og fáliðaður landnemi við Borgarfjörð
Rauðhöfðaönd *Anas penelope*	Allalgeng, einkum á Út-Mýrum
Gargönd *Anas strepera*	Afar sjaldgæf á Út-Mýrum og sennilega ekki árviss
Urtönd *Anas crecca*	Allalgeng og útbreidd
Stokkönd *Anas platyrhynchos*	Algeng og útbreidd
Grafönd *Anas acuta*	Strjáll varpfugl á Út-Mýrum
Skeiðönd *Anas clypeata*	Afar strjáll og sennilega ekki árviss varpfugl á Út-Mýrum
Skúfönd *Aythya fuligula*	Allalgeng, einkum á Mýrum
Duggönd *Aythya marila*	Strjáll varpfugl
Æður *Somateria mollissima*	Algeng og útbreidd við ströndina
Straumönd *Histrionicus histrionicus*	Fremur strjál en útbreidd við straumvötn inn til landsins
Hávella *Clangula hyemalis*	Strjál á Mýrum og í hálendisbrúninni
Toppönd *Mergus serrator*	Allalgeng og útbreidd, einkum á Mýrum
Gulönd *Mergus merganser*	Strjáll varpfugl við ferskvatn
Haförn *Haliaeetus albicilla*	Afar strjáll og fáliðaður varpfugl
Smyrill *Falco columbarius*	Fremur strjáll og útbreiddur varpfugl
Fálki *Falco rusticolus*	Strjáll varpfugl
Rjúpa *Lagopus mutus*	Algengur og útbreiddur varpfugl
Keldusvín *Rallus aquaticus*	Útdauður varpfugl
Tjaldur *Haematopus ostralegus*	Algengur og útbreiddur
Sandlóa *Charadrius hiaticula*	Algeng og útbreidd
Heiðlóa *Pluvialis apricaria*	Mjög algeng og útbreidd
Sendlingur *Calidris maritima*	Strjáll og verpur einkum til fjalla
Lóuþræll *Calidris alpina*	Algengur og útbreiddur
Hrossagaukur *Gallinago gallinago*	Algengur og útbreiddur
Jaðrakan *Limosa limosa*	Fremur algengur og verpur víða
Spói *Numenius phaeopus*	Algengur og útbreiddur
Stelkur *Tringa totanus*	Algengur og útbreiddur
Óðinshani *Phalaropus lobatus*	Allalgengur á Út-Mýrum en fremur strjáll annars staðar
Þórshani *Phalaropus fulicarius*	Afar fáliðaður varpfugl á Út-Mýrum
Kjói *Stercorarius parasiticus*	Algengur og útbreiddur, sérstakleg á Mýrum
Hettumáfur *Larus ridibundus*	Algengur og verpur mest á utanverðum Mýrum
Sílamáfur *Larus fuscus*	Allstórt varp er við Álftanes
Silfurmáfur *Larus argentatus*	Afar strjáll í máfavörpum á Mýrum
Hvítmáfur *Larus hyperboreus*	Afar strjáll í máfavörpum á Mýrum
Svartbakur *Larus marinus*	Algengur og útbreiddur, einkum á Mýrum en hefur fækkað
Rita *Rissa tridactyla*	Verpur í nokkrum stórum byggðum á Mýrum
Kría *Sterna paradisaea*	Algeng og útbreidd; stærstu vörpin eru á Út-Mýrum
Teista *Cepphus grylle*	Fremur strjál og fáliðuð í hólmum við Mýrar
Lundi *Fratercula arctica*	Mjög algengur varpfugl á Mýrum
Brandugla *Asio flammeus*	Afar strjáll varpfugl
Þúfutittlingur *Anthus pratensis*	Algengur og útbreiddur
Maríuerla *Motacilla alba*	Allalgeng og útbreidd, einkum við mannabústaði
Músarrindill *Troglodytes troglodytes*	Strjáll varpfugl í kjarrlendi
Steindepill *Oenanthe oenanthe*	Allalgengur og útbreiddur
Skógarþröstur *Turdus iliacus*	Algengur og útbreiddur
Hrafn *Corvus corax*	Verpur víða og er allalgengur
Stari *Sturnus vulgaris*	Verpur í Borgarnesi og nágrenni
Auðnutittlingur *Carduelis flammea*	Verpur víða í skóglendi en stofninn sveiflast talsvert milli ára
Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*	Algengur og útbreiddur til fjalla og verpur strjált við ströndina

3. mynd. Kjói *Stercorarius parasiticus* er algengur varpfugl á Mýrum. – Hjálmar R. Bárðarson.

(um 80 pör 1995), Lambastaði (tugir para) og í Þursstaðahólma (um 200 pör 1995; hafði minnkað mikið vorið 2000). Auk þess verpa víða fáein pör á stangli. Alls urpu 500-600 pör á svæðinu kringum 1995. ***Sílamáfur*** er einn algengasti máfurinn hér á landi og hefur fjölgað gífurlega síðan hann nam hér land laust fyrir 1930. Á Mýrum verpur hann aðallega við Álftanes en er sjaldgæfur annars staðar. Þar verpur hann í tveimur meginvörpum og hafa þau vaxið mikið á síðustu 5-10 árum. Vorið 1999 voru tekin þar meira en 7000 egg og var hluti þeirra úr seinna varpi (Svanur Steinarsson, munnl. uppl.). Líklega verpa á þessu svæði a.m.k. 1000-2000 pör. Þá verpa nokkur sílamáfspör við Einarsnes og kringum 1985 urpu sílamáfar á Stafholtsfjalli en það varp var liðið undir lok árið 1995.

Stöku ***silfurmáfspör*** hafa orpið í máfavörpum á Mýrum á undanförnum árum og eru það útverðir þessarar tegundar á Vesturlandi. Útbreiðsla silfurmáfs er að öðru leyti fyrst og fremst á austanverðu landinu. Einnig hafa stöku ***hvítmáfar*** orpið i máfavörpum á Mýrum á undanförnum árum en þessi tegund verpur nær eingöngu við Breiðafjörð og á Vestfjörðum.

Svartbakur (4. mynd) er algengur varpfugl á Út-Mýrum en hefur fækkað talsvert á undanförnum árum, sennilega bæði vegna aukins tófugangs og skotveiða sem æðarbændur og veiðiréttareigendur standa fyrir. Varpstofninn á svæðinu er a.m.k. 1000 pör. Síðan 1987 hafa stór vörp (alls yfir 500 pör) liðið undir lok. Að hluta til kann að vera um tilfærslu fugla að ræða. Stærstu vörpin eru nú við Akra (a.m.k. 4-500 pör) en þar er svartbakurinn ekki skotinn, heldur eru eggin nýtt til matar. Svartbakurinn verpur allvíða í vatnshólmum allt að 10 km frá sjó og stöku pör verpa inn til landsins, m.a. meðfram Hvítá allt að Kirkjubóli í Hvítársíðu. Gamalgróin vörp í hólmum í Hítarvatni, Langavatni og Hólmavatni ofan Glitsstaða í Norðurárdal hafa liðið undir lok á undanförnum áratugum af óþekktum orsökum.

Rita verpur í nokkrum skerjum við Mýrar, alls 8000 pör og er það innan við 2% af ritum i landinu (Arnþór Garðarsson 1996b). Stærstu vörpin eru við Knarrarnes, þ.e. i Elliðaey (4000 pör) og Knarrarneshöfða (1100 pör).

Kría er algengur varpfugl á Mýrum og sum vörpin skipta mörg hundruð og jafnvel nokkur þúsund pörum. Stærsta kríuvarp við Faxaflóa var talið i Hjörsey (um 10 þúsund pör; Arnþór Garðarsson 1975b) en það var miklu minna sumarið 1987 eða innan við 1000 pör. Allstór vörp (hundruð para) eru víða á svæðinu Lambastaðir - Akrar. Einnig er talsvert um að fáein eða stök kríupör verpi á stangli, sérstaklega á áreyrum inn til landsins. Kríur við sjávarsíðuna sækja fyrst og fremst æti til sjávar (sandsíli o.fl.) en hinar taka hornsíli, seiði laxfiska og jafnvel fiðrildalirfur og ánamaðka.

Teista verpur allvíða í hólmum og skerjum frá Langárósi vestur í Hvalseyjar en er tiltölulega fáliðuð (tugir - fáein hundruð para). ***Lundi*** er langalgengasti fuglinn á Mýrum og verpur i tugþúsundatali á svæðinu frá Borgareyjum vestur í Hvalseyjar. Hann verpur í grasi vöxnum hólmum og eru stærstu vörpin við Knarrarnes (Geldingaey) og Hjörsey (Lambeyjar). Minkur olli miklum usla í lundabyggðunum er hann nam land á Mýrum laust fyrir 1950 og standa sumar þeirra auðar enn þann dag í dag.

Æðarfugl má hiklaust telja meðal sjófugla en hann er algengur og útbreiddur við sjávarsíðuna og sums staðar inn til landsins á Mýrum allt að 10 km frá sjó. Stærstu vörpin eru í Straumfirði, Knarrarnesi og á Tröðum. Æðarvarp hefur verið nytjað á 28 jörðum í sýslunni en á 11 þeirra er það annað hvort mjög lítið eða ekki lengur nýtt (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1994). Æðarvarp hefur aukist i sýslunni á undanförnum áratugum, eins og víða um land, og er nú sennilega meira en nokkru sinni fyrr. Dreifing æðarfugls hefur óbein áhrif á tíðni og dreifingu ýmissa annarra tegunda sem ræna stundum eggjum hans og ungum. Síðan 1986 hefur verið skipulega unnið að útrýmingu máfa og kjóa á Mýrum á vegum æðarbænda og veiðiréttthafa.

Endur og aðrir vatnafuglar

Til þess hóps teljast andfuglar (álft, gæsir og endur), auk lóms, himbrima og flórgoða. Himbrimi er strjáll en útbreiddur. Lómur er mun algengari en útbreiðslan að mestu bundin við Út-Mýrar. Flórgoði er útdauður en varp áður við sefi girtar tjarnir á nokkrum stöðum á svæðinu. Álftir eru allalgengar og útbreiddar og grágæs er algengur varpfugl. Fjórtán tegundir anda hafa orpið á svæðinu, þ.e. allar íslenskar endur utan tvær (húsönd og skutulönd).

Lómur (5. mynd) verpur fyrst og fremst á Út-Mýrum og þar er mesta þéttbýli lóma á landinu. Til dæmis urpu 74 pör á nokkurra ferkílómetra svæði við Laxárholt árið 1978 (Enquist 1983), yfir 30 pör í Hjörsey árið 1987 og a.m.k. 25 pör við Akra 1995. Lómurinn er algengastur við ströndina en verpur einnig við tjarnir og vötn allt að 10-12 km frá sjó. Fuglarnir sækja æti fyrst og fremst til sjávar og virðast lifa mikið á sandsíli. Sennilega verpa yfir 200 lómspör á Mýrum og gæti það verið 10-20% af lómum landsins. Ekki er kunnugt um lómsvarp i uppsveitum á síðari árum en slæðingur verpur á heiðunum austan og norðan við það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Himbrimi verpur allvíða frá fjöru til fjalls og þá yfirleitt við fremur stór og fisksæl vötn. Alls verpa 12-15 pör á rannsóknarsvæðinu, þar af 6-7 á Út-Mýrum. Stök pör hafa orpið til skamms tíma við Hítarvatn, Langavatn, Vikravatn og Hreðavatn og 3 pör verpa á hálsinum milli Þverárhlíðar og Norðurárdals. Á Arnarvatnsheiði og Tvídægru er mesta himbrimabyggð á landsins, þar verpa tugir para.

Flórgoði varp áður á Mýrum, við Hreðavatn og sennilega á fleiri stöðum i sýslunni. Hann hætti varpi á svæðinu milli 1950 og 1960 í kjölfar landnáms minks. Flórgoða hefur fækkað alls staðar á landinu, m.a. vegna tilkomu minks og eyðileggingar búsvæða (framræslu; Ólafur K. Nielsen



4. mynd. Svartbakur *Larus marinus* er algengur varpfugl á Mýrum en hefur fækkað. – Hjálmar R. Bárðarson.

1998). Hann verpur nú í Staðarsveit á Snæfellsnesi og er það síðasta vígi flórgoðans frá Hafnarfirði vestur og norður í Húnavatnssýslu.

Álft er allalgengur varpfugl og verpur nokkuð samfellt frá fjöru til fjalls. Mest er um álftir á Mýrum, þar verpa um 25 pör og er það um helmingur af álftapörum í vesturhluta sýslunnar. Auk þess fellir mikið af ókynþroska fuglum (geldálftum) flugfjaðrir á grunnsævi og vogum á Mýrum, eins og síðar verður vikið að. Á vorin en þó einkum á haustin safnast mikið af álftum á neðanverða Norðurá (Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1984).

Heiðagæs er nýlega farin að nema land við mörk þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, þ.e. við ofanverða Kjarrá og víðar á Tvídægru. ***Grágæs*** er algengur varpfugl, sérstaklega við ströndina á Mýrum en einnig meðfram Hvítá og við Norðurá á svæðinu frá Glanna að Desey. Mörg hundruð pör verpa í sýslunni. Fjölgun refa á síðari árum virðist hafa haft töluverð áhrif á dreifingu grágæsavarps og verpa þær nú mun minna í flóum inn til landsins en áður (Páll Leifsson, munnl. uppl.). Svo virðist sem grágæsir hafi byrjað að verpa í byggð í Hvítársíðu laust fyrir 1920. Stærsta varpið þar er nú á eyrunum milli Signýjarstaða í Hálsasveit og Kirkjubóls (margir tugir para).

Brandönd er nýr landnemi og hefur orpið árlega við Hvítárósa síðan 1992. Hún hefur einnig orpið í Langárósi og sést á vorin við Borgarnes. ***Rauðhöfðaönd*** er algengur varpfugl á Út-Mýrum (Leirulækur - Straumfjörður og Hjörsey - Akrar). Hún verpur einnig talsvert meðfram Norðurá, sérstaklega i Desey. ***Gargönd*** er ein sjaldgæfasta önd landsins og verpur einkum við Mývatn. Stöku kollur hafa sést með unga á Mýrum, m.a. í Hjörsey og við Straumfjörð. Óvíst er hvort hún verpur árlega á svæðinu. ***Urtönd*** er strjáll varpfugl á láglendi en algengari en menn ætla vegna þess að hún

fer oft huldu höfði. Hún sést iðulega með unga síðsumars í gömlum og grónum skurðum, kílum og leirulækjarósum. ***Stokkönd*** er algengur varpfugl víða á svæðinu og næstalgengasta öndin á eftir æðarfugli. ***Grafönd*** er afar strjáll varpfugl á Út-Mýrum (Lambastaðir - Straumfjörður). ***Skeiðönd*** er sjaldgæfasta öndin sem verpur hér að staðaldri. Stöku pör sjást á Út-Mýrum svo að segja árlega (Lambastaðir - Álftanes, Straumfjörður, Hjörsey, Akrar). Skeiðendur hafa orpið i Hjörsey (Arnþór Garðarsson 1975b) og einnig i Straumfirði árið 1997 (Páll Leifsson, munnl. uppl.).

Skúfönd er algengur varpfugl á Út-Mýrum en sjaldgæfur annars staðar. Í uppsveitum verpur hún m.a. við Neðranes í Stafholtstungum og í Desey i Norðurárdal. ***Duggönd*** er strjáll varpfugl á Út-Mýrum (Lambastaðir - Straumfjörður). Hún hefur einnig sést á varptíma i Þverárhlíð (á Helgavatni) og á hálsinum ofan við Háafell í Hvítársíðu. ***Straumönd*** er strjáll varpfugl við straumharðar bergvatnsár, aðallega til fjalla og við hálendisbrúnina. Hún er algengust við útfall straumvatna úr stöðuvötnum. Hér má nefna Hítará neðan Hítarvatns, Grjótá neðan Grjótárvatns, Langá neðan Langárvatns og Norðurá neðan Holtvörðuvatns. Straumöndin verpur einnig víða við minni ár. ***Hávella*** er sjaldgæfur varpfugl. Fáein pör verpa við strandvötn á Mýrum og einnig við fjallavötn og tjarnir, svo sem upp af Sveinatungu i Norðurárdal og Háafelli i Hvítársíðu. Þá er hávellan algeng á Tvídægru og Arnarvatnsheiði. ***Toppönd*** er algengur varpfugl á Út-Mýrum (við strandvötn og í sjávarhólmum) en strjál við ár og vötn annars staðar. ***Gulönd*** er afar strjáll varpfugl við fisksælar ár og vötn. Kollur með unga eru styggar og afar varar um sig. Guloöndin verpur m.a. við Grjótárvatn, Álftá, ofanverða Norðurá og Litlu-Þverá.

Mófuglar

Til mófugla teljast rjúpa, 11 tegundir vaðfugla og 8 tegundir spörfugla. Í Mýrasýslu verpa allar þær tegundir mófugla sem teljast reglulegir varpfuglar hér á landi. Þá má telja hér með keldusvínið sem er útdauður varpfugl.

Rjúpan er allalgengur varpfugl um allt svæðið, meðal annars á Út-Mýrum þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hóf mælingar á stofnsvísitölu rjúpu vorið 1999. Holtavörðuheiði er landsfrægt rjúpnaland (veiðilenda) og hefur verið þrætuepli sportveiðimanna og sumra bænda sem telja sig eiga allan veiðirétt á heiðinni. ***Keldusvín*** er útdauður varpfugl en varp sennilega allvíða í fenjum, foræðum og flæðilöndum i sýslunni áður fyrr. Skömmu fyrir aldamótin 1900 taldi Peter Nielsen (óbirt) að keldusvín væri sjaldgæft i Mýrasýslu; hann hafði heimildir um varp i Hvítársíðu og spurnir af fuglum i Þverárhlíð. Þá er vitað að keldusvín varp á þessum tíma við Hofstaði á Mýrum (Horring 1905-08) og líklega við Ferjubakka fyrir og um 1950 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson 1998).

Tjaldur er algengur varpfugl við ströndina og verpur einnig strjált meðfram stærstu ánum: Langá, Norðurá, Þverá og Hvítá, sums staðar upp undir efstu bæi. ***Sandlóa*** er einnig algeng við ströndina, á melum og meðfram ám og verpur einnig strjált til fjalla, m.a. við Hítarvatn og Langavatn. ***Heiðlóa*** er algeng og útbreidd víðast hvar m.a. til fjalla. Verpur mjög strjált i kjarri vöxnu ásalandi, svo sem í ofanverðri Ystutungu í Stafholtstungum. ***Sendlingur*** er strjáll varpfugl til fjalla. Hann hefur einnig fundist verpandi á melaholtum skammt frá sjó í grennd við Straumfjörð á Mýrum (Páll Leifsson, munnl. uppl.). ***Lóuþrælll*** er mjög algengur varpfugl á Mýrum og finnst einnig allvíða í votlendi inn til landsins. ***Hrossagaukur*** er útbreiddur og algengur varpfugl í votlendi, kjarri og ýmsu öðru vel grónu landi á láglendi.

Jaðrakan nam land i Borgarfirði upp úr 1920 (Bjarni Sæmundsson 1933-34) og verpur allvíða i votlendi. Jaðrakan er láglendistegund með blettótta útbreiðslu og verpur t.d. strjált i hinu víðáttumikla votlendi á Mýrum og hefur einni orpið við

5. mynd. Lómur *Gavia stellata* er sennilega hvergi eins algengur á landinu og á Mýrum. – Hjálmar R. Bárðarson.

innanvert Hítarvatn. ***Spói*** er algengur varpfugl á láglendi, sérstaklega á Mýrum en strjáll til fjalla. ***Stelkur*** er algengur varpfugl i votlendi á láglendi og einnig sums staðar i graslendi og jafnvel túnum. Stelkurinn verpur einnig við Langavatn og Hítarvatn (150-220 m y.s.). ***Óðinshani*** er allalgengur varpfugl við strandvötn á Mýrum og sums staðar í votlendi inn til landsins, m.a. til fjalla en hefur líklega fækkað. ***Þórshani*** er afar sjaldgæfur varpfugl hér á landi og telur stofninn einungis fáeina tugi para. Nokkur pör hafa orpið á einum stað við ströndina á Mýrum á undanförnum árum.

Þúfutittlingur er algengur og útbreiddur varpfugl i vel grónu landi frá fjöru til fjalls. ***Maríuerla*** er einnig algengur varpfugl og verpur sennilega við flest byggð ból á svæðinu. Hún er einnig viða meðfram ströndinni og lækjum og ám á láglendi. ***Músarrindill*** er strjáll varpfugl i birkikjarri og hefur einnig orpið i trjáræktarreitum og jafnvel gömlum útihúsum. Hann virðist einna algengastur á svæðinu frá Munaðarnesi i Stafholtstungum að Glanna i Norðurárdal en útbreiðslan er ekki vel þekkt. ***Steindepill*** er strjáll varpfugl í grýttu og hrjóstrugu landi og er einna algengastur neðarlega í skriðurunnum fjallshlíðum. ***Skógarþröstur*** er algengur og útbreiddur varpfugl á láglendi. Þrösturinn er algengastur í kjarri og trjáræktarreitum en verpur einnig við flesta bæi.

Starinn telst vart til mófugla en er þó hafður með í þessari upptalningu. Hann hefur orpið a.m.k. öðru hverju i Borgarnesi siðan 1964 (Skarphéðinn Þórisson 1981) og er þar nú reglulegur varpfugl. Hann verpur stundum við bæi en virðist ekki hafa náð fótfestu á svæðinu utan þéttbýlis. Starar sjást t.d. árlega við neðanverða Langá en hreiður hafa ekki fundist á síðustu árum (Páll Leifsson, munnl. uppl.).

Auðnutittlingur verpur allvíða i birkikjarri og skógræktarreitum. Greinilegt er

að miklar sveiflur eru i varpstofni og útbreiðslu þessarar tegundar, t.d. var auðnutittlingur óvenju algengur og áberandi i Borgarfirði vorið 1996 en mun sjaldséðari árið áður. Útbreiðsla ***snjótittlings*** er sérkennileg en þessi tegund verpur annars vegar i eyjum og höfðum á Mýrum, frá Leirulæk og vestur um, og hins vegar til fjalla, þ.e. ofan 200 m y.s. Snjótittlingur virðist ekki verpa svo neinu nemi milli fjalls og fjöru og hann er einkennisfugl hálendis.

Ránfuglar

Þrjár tegundir ránfugla verpa á svæðinu, örn, fálki og smyrill. Hér verður einnig fjallað um branduglu og hrafn sem skipa má í þennan hóp vegna lifnaðarhátta.

Haförn er afar sjaldgæfur varpfugl á Mýrum. Vitað er um nokkur gömul arnarsetur i sýslunni, m.a. við Langvatn og Hreðavatn en um aldamótin 1900 voru ernir útdauðir sem varpfuglar á þessu svæði (Bjarni Sæmundsson 1922). Þeir höfðu verið hraktir burtu af skotmönnum, hreiður þeirra rænd og einnig urðu fuglarnir eitri að bráð. Fram yfir 1970 voru ernir sjaldgæfir gestir i sýslunni en á árunum 1972-80 tóku 3 pör sér þar bólfestu og eitt par að auki vorið 1997.

Smyrill er strjáll varpfugl i sýslunni en virðist hafa fækkað þar eins og víða um land á síðustu áratugum. Skráðir hafa verið tæplega 30 varpstaðir, gamlir og nýir, en þeir eru likast til mun fleiri (allt að 50). Sennilega verpa 15-20 hjón í sýslunni á hverju ári. ***Fálki*** er strjáll varpfugl og verpur aðallega i hálendisbrúninni, hömrum og giljum. Árið 1986 var leitað skipulega að fálkahreiðrum i meginhluta sýslunnar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og upplýsingar auk þess skráðar eftir heimamönnum. Samkvæmt þeirri úttekt og öðrum gögnum er vitað um 15 fálkasetur í sýslunni. Í góðum árum gæti um helmingur þeirra verið í ábúð.

Brandugla er afar strjáll varpfugl sem nam land í Borgarfirði um 1930 (Bjarni Sæmundsson 1933-34). Hún virðist hafa verið allalgeng á árunum 1940-60 og hefur orpið víða á Mýrum, í Borgarhreppi, Stafholtstungum og Þverárhlíð. Uglan er greinilega sjaldgæfari á seinni árum og ef til vill ekki árviss varpfugl.

Hrafninn er spörfugl en vistfræðilega er hægt að skipa honum i hóp ránfugla. Hann er algengur og útbreiddur varpfugl frá fjöru til fjalla og verpur á hefðbundnum stöðum sem nefndir eru hrafnssetur. Alls er vitað um 80 slík setur á svæðinu en þau eru sennilega nokkru fleiri eða allt að 100. Miðað við reynslu úr nálægum landshlutum má gera ráð fyrir að 50-70% hrafnssetra séu i ábúð árlega (sbr. Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1990). Láti það nærri lagi, verpa 50-70 pör í sýslunni á ári hverju.

Auk varpfugla heldur talsvert af geldum hröfnum sig á svæðinu og sækja þeir m.a. í öskuhauga. Slæmur frágangur á lífrænum úrgangi á öskuhaugunum við Borgarnes laðaði til sín hrafna um árabil. Í stað þess að urða sorpið reglulega og koma i veg fyrir aðgang fugla að úrganginum voru ráðnir menn til að drepa hrafna í stórum stíl. Vorið 1997 voru t.d. skotnir við hauganna hátt í 200 fuglar (Páll Leifsson, munnl. uppl.). Nú er hins vegar farið að urða sorp í Fíflholtum og ef sómasamlega verður gengið um urðunarstaðinn ættu þau vandamál sem lýst er hér að framan að vera úr sögunni.

Fargestir

Hundruð þúsunda hánorrænna farfugla ferðast um Ísland vor og haust á leið sinni milli vetrarstöðva i Vestur-Evrópu og varpheimkynna á Grænlandi og NA-Kanada eyjunum. Strandsvæði við innanverðan Faxaflóa gegna afar þýðingarmiklu hlutverki sem viðkomustaðir fyrir þessa fugla og sum svæðin hafa raunar alþjóðlega þýðingu fyrir fugla (Ólafur Einarsson 2000).

Fimm tegundir hánorrænna farfugla koma við á Mýrum og endurnýja orkubirgðir sínar til áframhaldandi flugs; tvær tegundir gæsa (blesgæs og margæs) og þrjár tegundir vaðfugla (rauðbrystingur, sanderla og tildra).

Gæsir

Blesgæsir sem verpa á Vestur-Grænlandi teljast til sérstakrar deilitegundar (*Anser albifrons flavirostris*). Þær fara um Suður- og Vesturland á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Írlandi og Skotlandi. Gæsirnar koma um miðjan apríl og halda för sinni áfram í fyrri hluta maí. Þær koma hingað að nýju í byrjun september, dveljast fram í lok október og stundum lengur.

Helstu viðkomustaðir blesgæsa á Vesturlandi eru frá Andakíl vestur í Kolbeinsstaðahrepp. Á síðari árum hafa fuglarnir dregist æ meira að Hvanneyri, enda njóta þeir sérstakrar verndar þar og er fyrirhugað að gera svæðið að friðlandi. Helstu viðkomustaðir þeirra vestan Hvítár eru annars vegar við neðanverða Norðurá og Þverá (Ferjubakkaflói – Neðranes) og hins vegar ýmsir staðir á Mýrum. Vorið 1986 voru blesgæsir taldar á helstu viðkomustöðum þeirra hér á landi. Um 40% fuglanna fundust þá á Vesturlandi, hinar voru á Suðurlandi (Francis & Fox 1987). Á haustin virðist hlutfallslega meira af gæsunum fara um Suðurland (Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson, óbirt). Stofninn er talinn um 35 þúsund fuglar að hausti og tvöfaldaðist á árunum 1980-1995 (Fox o.fl. 1999).

Margæs er lítil gæs sem minnir á önd og ólíkt öðrum gæsum leitar hún einkum ætis á grunnsævi, leirum og sjávarfitjum. Kjörfæða hennar er marhálmur og sjávarfitjungur. Margæsir sem fara um Ísland teljast til deilitegundarinnar *Branta bernicla hrota*, sem verpur einkum í NA-Kanada. Sá stofn sem fer um Ísland hefur vetursetu á Írlandi. Nafnið hrota er íslenskt og dregið af hljóðum gæsarinnar. Á Mýrum er margæsin þekkt undir öðru nafni, prompa, sem er einnig hljóðlíking. Margæsin ferðast í stórum áföngum. Frá Íslandi flýgur hún allt að 3000 km til varpstöðva í Norður-Kanada og liggur leiðin yfir Grænlandsjökul (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 1995).

Utanverðar Mýrar gegna lykilhlutverki fyrir margæsina, en viðkomustaðir hennar hér á landi eru á Vesturlandi, frá Bessastöðum á Álftanesi að suðurhluta Breiðafjarðar. Á haustin hefur langmest af margæsinni viðdvöl á svæðinu frá Hjörsey að Straumfirði (Arnþór Garðarsson 1975a, O'Brian & Walsh 1989). Útbreiðslan á vorin hefur hins vegar breyst á undanförnum árum og hefur Grunnafjörður, norðan Akraness, orðið æ þýðingarmeiri. Á sama tíma hefur fuglum fækkað á Mýrum (Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1996). Til marks um þessar breytingar má nefna að vorið 1974 voru um 40% margæsanna á Mýrum en engar i Grunnafirði. Vorið 1990 voru 31% fuglanna á Mýrum en 12% í Grunnafirði. Vorin 1995 og 1996 brá hins vegar svo við að 6-8% fuglanna voru á Mýrum en 30% í Grunnafirði. Svipaðar niðurstöður hafa fengist úr árlegum talningum síðan (Guðmundur A. Guðmundsson, munnl. uppl.). Ástæður fyrir þessum tilflutningi eru óþekktar en tengjast e.t.v. breytingum á fæðuframboði.

Vaðfuglar

Rauðbrystingur, sanderla og tildra eru hánorrænir vaðfuglar og fara hér um vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum í NA-Kanada og á Grænlandi (sbr. Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Helstu viðkomustaðir þeirra á Mýrum eru nokkrir vogar og leirur. Hér má nefna Borgarvog en þar hafa sést allt að 700 rauðbrystingar. Á svæðinu frá Straumfirði að Hjörsey er einnig mikið um vaðfugla. Þar hafa til dæmis sést allt að 16000 rauðbrystingar og 400 tildrur og í fjörum frá Skutulsey að Helgrindum við Akra hafa sést allt að 1200 rauðbrystingar. Loks má nefn Akraós, en þar hafa allt að 15000 rauðbrystingar sést (Árni Waag, munnl. uppl.). Í Akranesi, vestan við Akra, voru 7000 sanderlur i flóðsetri hinn 22. maí 1990 (Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993) eða fimmtungur þess stofns sem fer um landið.

Vetrarfuglar

Fremur lítið er vitað um fuglalíf á vetrum í Mýrasýslu enda hafa engar skipulegar

athuganir farið þar fram á vetrarfuglum (sbr. Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989-93). Inn til landsins er fremur fáskrúðugt fuglalíf á veturna. Þar halda sig að staðaldri hrafn, fálki, rjúpa, músarrindill, auðnutittlingur og snjótittlingur. Við ár og læki sem ekki leggur eru stokkönd og gulönd og stöku álftir, t.d. á neðanverðri Hítará. Svartbakar flækjast stundum upp um sveitir á veturna og eru algengir við ströndina árið um kring. Fuglalíf við sjóinn er mun fjölbreyttara á veturna en inn til landsins, einkum þar sem fjörur og vogar haldast auðir. Meðal annars eru þar stórir hópar æðarfugla og hávellu, t.d. út af Akraósi.

Athyglisverð fuglasvæði

Nokkur svæði í Mýrasýslu eru afar þýðingarmikil fyrir fugla og sum þeirra hafa alþjóðlegt verndargildi, einkum fjörur og grunnsævi (sbr. Grimmet & Jones 1989, Ólafur Einarsson 2000). Hér verður fjallað lauslega um nokkur þessara svæða og drepið á mikilvægi þeirra fyrir fugla.

Grunnsævi og fjörur

Víðáttumestu fjörur landsins eru á Vesturlandi (Agnar Ingólfsson 1975). Stafar það fyrst og fremst af því að þar er mestur munur flóðs og fjöru. Einnig er landslagið við ströndina fjölbreytt, mikið af hólmum og skerjum og skjól fyrir úthafsöldunni i vogum og víkum.

Fjörur og grunnsævi eru afar þýðingarmikil fæðusvæði fyrir margar fuglategundir og sumar þeirra byggja afkomu sina eingöngu á þeim. Þetta búsvæði er takmarkað, því talið er að á landinu öllu séu um 400 ferkílómetrar af fjörum (lífvana sandfjörur undanskildar; Agnar Ingólfsson 1975). Um fjórðungur af fjörum landsins er við Faxaflóa, þar af stór hluti innan Mýrasýslu. Leirur eru uppistaðan i fjörum við flóann og eru alls um 70 ferkílómetrar og 40% af flatarmáli leira á landinu.

Meginhluti af strönd og grunnsævi i Mýrasýslu, utan Borgarfjarðarbrúar, er talinn hafa mikið verndargildi og er því á Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Hér á eftir verður fjallað um helstu strandsvæði í sýslunni.

Í **Borgarfirði, innan brúar**, skiptast á leðjusvæði og sandrif. Helstu viðkomustaðir vaðfugla eru leira i ósi Andakílsár og vogarnir beggja vegna við Einarsnes. Talsvert af fuglum kemur við á þessum leirum á vorin og einnig mikið síðsumars og á haustin. Þá hafa m.a. sést þar mörg hundruð heiðlóur og stelkar. Aðrir hlutar Borgarfjarðar, innan brúar, eru mjög sendnir og fjörur virðast lífvana enda gætir þar framburðar Hvítár (sbr. Gísli Már Gíslason 1973). **Út með Borgarfirði að vestan** eru sandfjörur og klappir og þar fara fáir vaðfuglar um.

Í **Borgarvogi** er falleg og víðáttumikil leira sem er mikið nýtt af vaðfuglum og hettumáfum frá því snemma á vorin og fram á haust. Uppfylling í tengslum við uppbyggingu íþróttasvæðis í Borgarnesi hefur skert hluta Borgarvogar.

Langárós er einn lengsti ós landsins og gætir sjávarfalla allt upp að Langárfossi, um 8 km frá ósmynninu. Við utanverðan ósinn, t.d. innan við Leirulæk, eru leirublettir sem vaðfuglar nýta talsvert til fæðuöflunar.

Utanverður Borgarfjörður er afar þýðingarmikill fyrir æðarfugl síðsumars og fram á haust. Þá safnast þar í tugþúsundatali æðarblikar til að fella flugfjaðrir. Þeir sjást einkum frá Seleyri og út undir Straumfjörð og veltur það á sjólagi og vindátt hvar þeir halda sig hverju sinni. Talið er að frá Borgarfirði vestur að Stakkhamri á Snæfellsnesi felli allt að 100 þúsund æðarfuglar flugfjaðrir (Arnþór Garðarsson 1975b). Þetta svæði er langþýðingarmesti fjaðrafellisstaður æðarfugla hér við land og hugsanlegt er að þangað sæki einnig æðarfuglar frá A-Grænlandi. Mynni Borgarfjarðar gegnir því lykilhlutverki i afkomu þessa mesta nytjafugls landsins.

Fjörur og grunnævi á Mýrum, frá Lambastöðum að sýslumörkum við Akraós eru afar fjölbreytt og lífrik. Strandlengjan er vogskorin með fjölda eyja, hólma og skerja fyrir landi. Útfiri er mikið, þangi

6. mynd. Flugsýn af Út-Mýrum 8. júlí 1987. Í forgunni er Skíðsvatn, þá Bugavötn og Hólsvatn fyrir miðju. Bæjarhúsin á Álftárósi sjást lengst til vinstri, þá húsin á Hundastapa og loks Hólmakot sem stendur á tanga við samnefnt vatn. Yst sjást meðal annars eyjarnar Knarrarnes (til vinstri) og Hjörsey (til hægri). Í fjarska glittir í vitann í Þormóðsskeri og Reykjanesfjöllin. – *An aerial view from the western part of Mýrar.* – Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

„Ef farið er vestur Mýrar, er yfir að fara eitt hið einkennilegasta land, sem til er á Íslandi, og þó einkum, ef farið væri neðar en vegurinn er. Flóarnir eða öllu heldur fenin á Mýrunum neðanvert eiga hvergi sinn líka um land allt, og enginn, sem ekki hefir séð það land eigin augum, getur trúað hvernig því er háttað, hvílík ógurleg kviksyndi Mýraflóarnir eru sumsstaðar, þar sem ekki má heita hundi gegnt, hvað þá manni, nema á klaka. Þó hefur þetta marflata grautfúna land sína fegurð að geyma, fuglalíf á vorum, lygn vötn, hillingar og friðsæl kvöld, sinn sérkennilega og heimalega blæ, sem ekki nýtur sín við annað landslag“. – Helgi Hjörvar (1932)

vaxin klapparrif koma víða upp úr á fjöru og milli þeirra eru sandflatir en leirur (leðja) í lygnum vogum og víkum. Á svæðinu eru 3 sjávarlón en svo kallast svæði með söltu vatni sem aðgreind eru frá sjónum fyrir utan með einhvers konar þrengslum sem hefta sjávarföll (Agnar Ingólfsson 1990). Sjávarlónin eru Langárós, Álftanesvogur og Akraós sem er þeirra stærst (um 15 ferkilómetrar).

Marhálmur er háplanta, skyld grösum og vex víða á leðjubotni á grunnsævi. Hann er kjörfæða álftar og margæsa sem halda til á sjávarvogum. Ókynþroska álftir (geldfuglar) safnast einkum í Álftárós og fella þar flugfjaðrir síðsumars. Um 700-800 fuglar hafa fellt þar fjaðrir á seinni árum, en allt að 1200 árið 1974 (Arnþór Garðarsson 1975b, KHS, óbirt). Þetta er 5-8% íslenska álftastofnsins.

Margæsir hafa viðdvöl á svæðinu vor og haust og eru Mýrar meðal mikilvægustu viðkomustaða þessarar tegundar, eins og þegar hefur verið lýst. Um Mýrar fer einnig talsvert af hánorrænum vaðfuglum.

Ár og vötn

Mýrarnar eru mikið vatnaland en frjósömustu vötnin eru við ströndina. Alls voru tæplega 100 vötn á láglendi (neðan 100 m y.s.) 10 ha eða stærri (sbr. Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Athuganir höfundar (KHS) sýna að allt að helmingi vatna á Mýrum hefur verið raskað. „Hleypt" hefur verið úr mörgum þeirra og sum jafnvel alveg þurrkuð upp. Vatnsborð annarra hefur lækkað verulega og framræsluskurðir bera leðju í mörg vötn og tjarnir. Slík mengun rýrir vatnalíf og hefur þar með neikvæð áhrif á fuglalíf.

Búið er að raska tveimur stærstu vötnunum í sýslunni með vatnsmiðlun í þágu laxveiða, Hítarvatni og Langavatni. Lífframleiðsla í vötnum með sveiflóttu vatnsborði er að jafnaði minni en í öðrum vötnum. Rannsóknir Veiðimálastofnunar benda eindregið til þess að fiskistofnar í Langavatni hafi orðið fyrir miklum áföllum (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.) og líklegt er að miðlunin hafi einnig bitnað á fuglalífi við vatnið. Vatnsmiðlun er einnig í Grjótárvatni en hún virðist enn sem komið ekki hafa skemmt vatnið verulega.

Um sýsluna falla nokkrar af kunnustu laxveiðiám landsins, svo sem Þverá, Norðurá, Langá og Hítará. Þessum ám hefur lítið verið raskað nema Langá. Þar er til dæmis búið að gera stórfelldar breytingar i þágu laxveiða á nokkurra kílómetra kafla fyrir landi Jarðlangsstaða og Stangarholts. Neðanverð Norðurá, Hóp og Gljúfurá eru á náttúruminjaskrá enda safnast þar mikið af álftum, blesgæsum og rauðhöfðaöndum vor og haust.

Annað votlendi

Mýrasýsla var frá náttúrunnar hendi óvenju votlend. Talið er að fyrir framræslu hafi mýrlendi á láglendi verið 464 ferkílómetrar en nú eru einungis eftir af óröskuðu mýrlendi 106 ferkílómetrar eða 23% (Hlynur Óskarsson 1999). Búið er að raska verulega og ræsa fram mestallt mýrlendi í uppsveitum en talsvert er um lítt eða óröskuð svæði Mýrum (sbr. 6. mynd). Langavatnsdalur virðist vera frjósamt flæðiland en fuglalíf þar er ókannað. Sennilega er meira um fugla þar en annars staðar í fjallgarðinum milli Borgarfjarðar og Dala. Þórarinsdalur upp af Hítardal er einnig grösugur en fuglalíf þar er ókannað.

Skóglendi

Í Mýrasýslu er eitt stærsta og samfelldasta skóglendi landsins, alls um 140 ferkílómetrar eða 11% af íslensku birkiskógunum (Hákon Bjarnason & Snorri Sigurðsson 1977). Hvergi er um hávaxinn skóg að ræða, aðeins kjarr, 2-4 m hátt. Til skamms tíma fólst skógrækt á svæðinu einkum í því að planta barrplöntum í kjarrið. Einkennisfuglar skóglendis eru skógarþröstur, auðnutittlingur og músarrindill sem er þeirra sjaldgæfastur.

Niðurlag

Í Mýrasýslu eru mikilvæg búsvæði fugla og annarra lífvera. Nokkur þessara svæða

eru talin hafa alþjóðlega þýðingu og ber því að vernda sérstaklega. Mikilvægt er að raska votlendi ekki frekar í sýslunni en huga þess í stað að endurheimt þess. Sums staðar er það tiltölulega auðvelt, t.d. þar sem hægt er að setja fyllingu í skurði sem grafnir hafa verið úr tjörnum og vötnum. Á sama hátt þarf að stöðva framburð í stöðuvötn með því að loka skurðum. Nú stendur til að endurheimta eitthvað af votlendi á Mýrum í stað þess sem glatast eða raskast við sorpurðunarstaðinn í Fíflholtum.

Huga þarf að verndun hins víðáttumikla skóglendis í sýslunni og skipuleggja betur beit, ræktun og sumarbústaði en þessir þættir hafa gengið á hina náttúrulegu birkiskóga sýslunnar og breytt ásýnd þeirra.

Fjörur, þar á meðal leirur, eru takmörkuð auðlind og hafa mikla þýðingu fyrir ýmsar fuglategundir. Varast ætti að raska þeim frekar og forðast í lengstu lög að fylla frekar upp í þær. Er hér einkum bent á að ganga ekki frekar á Borgarvog en orðið er.

ÞAKKIR

Ég við þakka Páli Leifssyni, sem dvalið hefur langdvölum á Mýrum frá 1986, fyrir margvíslegar upplýsingar. Álfheiður Ingadóttir og Guðmundur A. Guðmundsson lásu yfir handrit að þessari grein og komu með góðar ábendingar um það sem betur mátti fara. Rannís styrkti rannsóknir á útbreiðslu varpfugla.

HEIMILDIR

Agnar Ingólfsson 1975. Lífríki fjörunnar. Votlendi. - Rit Landverndar 4: 61-99.

Agnar Ingólfsson 1990. Sjávarlón á Íslandi. - Náttúruverndarráð. Fjölrit nr. 21. 63 bls.

Arnþór Garðarsson 1975a. Íslenskir votlendisfuglar. - Rit Landverndar 4: 100-134.

Arnþór Garðarsson (ritstj.) 1975b. Skrá um votlendi. - Rit Landverndar 4: 206-238.

Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal 1975. - Náttúrufræðingurinn 49: 126-154.

Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. - Rit Landverndar 8: 77-116.

Arnþór Garðarsson 1996a. Dílaskarfsbyggðir 1975-1994. - Bliki 17: 35-42.

Arnþór Garðarsson 1996b. Ritubyggðir. - Bliki 17: 1-16.

Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991. Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla. – Óbirt áfangaskýrsla. 45 bls.

Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1996. Number of Light-bellied Brent Geese *Branta bernicla hrota* staging in Iceland in spring. - Wildfowl 47: 68-72.

Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1984. A census of the Icelandic Whooper Swan population. - Wildfowl 35: 37-47.

Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1985. Veturseta álftar á Íslandi. - Bliki 4: 45-56.

Ásgeir Bjarnason 1938. Veiðiskapur og hlunnindi. - Bls.108-134 í: Héraðssaga Borgarfjarðar. 2. bindi. Reykjavík.

Bjarni Sæmundsson 1922. Upplýsingar um fækkun á örn, val og himbrima. - Vísir 12(88): 2-3; 12(89): 2.

Bjarni Sæmundsson 1933-34. Zoologiske Meddelser fra Island, XVI. Nogle Ornithologiske Iagtagelser og Oplysninger. - Vidensk. Meddel. fra Dansk Naturh. Foren. 97: 25-86.

Enquist, M. 1983. How do Arctic Skuas *Stercorarius parasiticus* search for divers eggs? - Ornis Fennica 60: 83-85.

Fisher, J. 1952. The Fulmar. - Collins, London.

Fox, A.D., D.W. Norris, H.J. Wilson, O.J. Mearne, D.A. Stroud, A. Sigfusson & C. Glahder 1999. Greenland White-fronted Goose *Anser albifrons flavirostris*. - Bls. 130-142 í: Goose populations of the Western Palearctic. Wetlands International Publication No. 48. Rönde.

Francis, I.S. & A.D. Fox 1987. Spring migration of Greenland White-fronted Geese through Iceland. - Wildfowl 38: 7-12.

Grimmett, R.F.A. & T.A. Jones (tóku saman) 1989. Important bird areas in Europe: Iceland. - ICBP Tech. Publ. 9: 325-340.

Gísli Már Gíslason 1973. Fjörulíf í Borgarfirði. - Líffræðistofnun háskólans. Handrit.

Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilzation of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. - Ecography 16: 82-93.

Guðmundur A. Guðmundsson, S. Benvenuti, T. Alerstam, F. Papi, K. Lilliendahl & S. Åkesson 1995. Examining the limits of flight and orientation performance: sattelite tracking of brent geese migrating across the Greenland ice-cap. - Proc. R. Soc. Lond. B 261: 73-79.

Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson & Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá yfir vötn stærri en 0,1 km². - Orkustofnun. OS-89004/VOD-02, Reykjavík. 48 bls. + kort.

Hákon Bjarnason & Snorri Sigurðsson 1977. Skóglendi á Íslandi. Athuganir á stærð þess og ástandi. - Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands. Reykjavík, 29 bls.

Helgi Hjörvar 1932. Snæfellsnes. - Árbók Ferðafélags Íslands 1932.

Hlynur Óskarsson 1999. Framræsla votlendis á Vesturlandi. - Bls. 121-129 í: Íslensk votlendi - verndun og nýting. - Háskólaútgáfan.

Hørring, R. 1905-08. Dagbækur úr Íslandsferðum. - Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson & María Harðardóttir 1999. Gróðurfar og fuglalíf við fyrirhugað vegstæði yfir Bröttubrekku. Unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi. Náttúrufræðistofnun Íslands, NI99023.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. - Umhverfisráðuneytið. 120 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1996. Varpútbreiðsla íslenskra fugla. - Staða í árslok 1996 og tillögur um frekari rannsóknir. Náttúrufræðistofnun Íslands. 24 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson 1998. Keldusvín – útdauður varpfugl á Íslandi. - Bls. 266-296 í: Kvískerjabók. Höfn í Hornafirði. Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Þórisson, Sverrir Thorstensen & Stanley A. Temple 1990. Breeding biology, movements, and persecution of Ravens in Iceland. - Acta Naturalia Islandica 33. 45 bls.

Morrison, R.I.G. 1992. Early records of Knot migration in Iceland. - Wader Study Group Bull. 64, Suppl.: 95-100.

Morrison, R.I.G., Pienkowski, M.W. & Stanley, P.I. 1971. Cambridge-London Iceland Expedition 1970. - Expedition Report, Cambridge.

Morrison, R.I.G. & Wilson, J.R. 1972. Cambridge Iceland Expedition 1971. - Expedition Report, Cambridge.

Morrison, R.I.G. & Wilson, J.R. 1992. Observations of Knot migration in Iceland 1970-1972. - Wader Study Group Bull. 64, Suppl.: 101-109.

Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. - Reykjavík. 7. útg. 64 bls.

Nielsen, P. óbirt. Athugasemdir um fugla. Skráðar í eintak af Kjærbölling (Skandinaviens Fugle), að mestu leyti á árunum 1880-1925. Handrit varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.

O'Brian, M. O. & M. Walsh 1989. Observation of Brent Goose in western Iceland, September 1989. - Skýrsla. 3 bls.

Ólafur Einarsson 2000. Iceland. - Bls. 341-363 í: M.F. Heath & M.I. Evans (ritstj.). Important bird areas in Europe: Priority sites for conservation. 1. Northern Europe. Cambridge, UK. BirdLife International.

Ólafur K. Nielsen 1998. Hrun flórgoðastofnsins á Íslandi. Bls. 197-205 í: Íslensk votlendi - verndun og nýting. - Háskólaútgáfan.

Skarphéðinn Þórisson 1981. Landnám, útbreiðsla og stofnstærð stara á Íslandi. - Náttúrufræðingurinn 51: 145-163.

Wilson, J.R. 1981. The migration of High Arctic shorebirds through Iceland. - Bird Study 28: 21-32.

Wilson, J.R. & Morrison, R.I.G. 1992. Staging studies of Knots *Calidris canutus islandica* in Iceland in the early 1970s: body mass patterns. - Wader Study Group Bull. 64, Suppl.: 129-136.

Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989-1993. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987; 1988; 1989. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11; 18; 23.

Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 1995. Skarfavörp í innanverðum Faxaflóa 1993. - Bliki 15: 16-20.

SUMMARY

The bird life of Mýrar in western Iceland

This paper describes the bird life in an area of approx. 1300 km^2 in the Mýrar County in western Iceland (Fig. 1). The data on breeding birds is mostly based on fieldwork conducted in 1994-95 in conjunction with the Atlas of Breeding Birds in Iceland (Fig. 2). A total of 59 species have been recorded breeding of which 53 are regular breeders (Table 1). This includes 14 species of seabirds, with Puffin *Fratercula arctica* being most common (tens of thousands of pairs). Numbers of Great Black-backed Gulls *Larus marinus* have declined in recent decades, in part due to direct persecution sponsored by Eider farmers; 1-2 thousand pairs may now breed in the area. Lesser Black-backed Gulls *Larus fuscus* on the other hand have increased immensely, paralleling trends in other parts of Iceland. The Mýrar are one of the main strong-holds of the Red-throated Diver *Gavia stellata* in Iceland; 200 pairs may breed, or an estimated 5-10% of the Icelandic population. The Great Northern Diver *Gavia immer* is much less abundant with 12-15 breeding pairs. Among rare birds are the Grey Phalarope *Phalaropus fulicarius*; a handful of pairs breed at one locality, and the White-tailed Eagle *Haliaeetus albicilla* which ceased to breed in the area in the early 1900s. It recolonized Mýrar in the 1970s and currently there are 4 pairs breeding. Two species became extinct in the 1950s: the Slavonian Grebe *Podiceps auritus* and the Water Rail *Rallus aquaticus*, following large scale draining of wetlands and the introduction of the Feral Mink *Mustela vison*.

The most important bird areas of the Mýrar are in the western part of the county (the Mýrar proper); eutrophic coastal wetlands, mudflats, and shallow bays. This area holds internationally important numbers of several bird species, e.g., Brent Goose *Branta bernicla* (a common passage migrant), Whooper Swan *Cygnus cygnus* (hundreds moult), and Common Eider *Somateria mollissima* (tens of thousands moult).

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O.Box 5320, 125 Reykjavik.

Gunnlaugur Þráinsson og
Gunnlaugur Pétursson

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1997

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um rúmlega hundrað tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sáust hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 1997, þar á meðal sjö tegundir sem sáust hér í fyrsta sinn.

Inngangur

Hér birtist 19. skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi og sú 17. sem birtist í Blika. Þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Fuglaskoðarar hafa í auknum mæli tekið tölvur í þjónustu sína. Þeir sem eiga slíka gripi skrá nú undantekningarlítið athuganir sínar með hjálp þeirra. Sumir „skanna" einnig ljósmyndir og setja með á blöðin. Stærri blöð en áður (A4) auðvelda einnig vélritun og alla úrvinnslu á gögnum. Gert hefur verið sérstakt forrit fyrir PC-tölvur og skráningarform fyrir Macintosh til að auðvelda skráningu upplýsinga um sjaldséða fugla og var þessu lýst nokkuð í inngangi síðustu skýrslu (sjá *Blika* 19:13).

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að lýsa eftirfarandi tegundum, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfðaönd, urtönd, taumönd, skeiðönd, skutulönd, æðarkóngur, kynblendingar æðarkóngs og æðarfugls, hvinönd, sefhæna, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi, skógarsnípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ískjói, fjallkjói, dvergmáfur, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, hettusöngvari, gransöngvari, gráspör á Hofi í Öræfum, fjallafinka og barrfinka. Sama gildir um silkitoppu, glóbrysting, glókoll, dvergkráku, bláhrafn og krossnef í þeim árum þegar þeirra verður vart í miklum mæli. *Öðrum tegundum* þarf að lýsa eitthvað og þeim mun meira þess sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Vestrænir bjartmáfar

Á síðustu misserum hefur komið í ljós að vestrænir bjartmáfar af undirtegundinni *Larus glaucoides kumlieni* eru hér í nokkrum mæli meðal bjartmáfa af undirtegundinni *L. g. glaucoides*, sem hér eru algengir vetrargestir. E.t.v. er því réttara að líta á þá vestrænu sem vetrargesti fremur en flækinga. Lítill munur er á útliti þessara tveggja undirtegunda og einnig er allnokkur breytileiki milli einstaklinga af vestrænu bjartmáfunum og er talið að sumir séu jafnvel ógreinanlegir frá hinum (Garner, Kolbeinsson & Mactavish 2000). Af þessum ástæðum hefur Flækingsfuglanefnd ákveðið að birta ekki athuganir á vestrænum bjartmáfum í skýrslum um sjaldgæfa fugla á Íslandi.

Yfirlit 1997

Í þessari skýrslu er getið 100 tegunda flækingsfugla sem sáust á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1997. Auk þess eru upplýsingar um þrjár erlendar undirtegundir af tveimur tegundum íslenskra varp- eða umferðarfugla (margæs og urtönd). Samtals sáust því 102 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi 1997. Þetta er aðeins minna en árið áður. Í skýrslunni er auk þess getið grátrönu frá 1995 og þarapernu frá 1996 og nokkurra annarra viðbóta

frá fyrri árum. Dómnefndin fór yfir 236 athuganir og voru 196 þeirra samþykktar (83%). Flækingsfuglanefnd fékk engar upplýsingar um hami sem bárust Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1997.

Árið 1997 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Ekki voru heldur dæmdar athuganir á glókollum, glóbrystingum og laufsöngvurum.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Björn Arnarson, Gaukur Hjartarson, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Hallgrímur Gunnarsson, Ólafur Einarsson og Yann Kolbeinsson.

Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfellt og tveir varamenn að auki. Kosning til nefndarstarfa fyrir árið 1998 hefur þegar farið fram (sjá nánari lýsingu á kosningunni í inngangi síðustu skýrslu). Örn Óskarsson kemur í stað Guðmundar A. Guðmundssonar, en Gunnar Þ. Hallgrímsson og Ólafur K. Nielsen eru varamenn til eins árs.

Sjaldgæfir varpfuglar. Fremur fáar sjaldgæfar tegundir urpu árið 1997. Eitt brandandarpar varp í Borgarfirði, en það sást með 7 unga í júlí. A.m.k. tvö önnur pör sáust á þessum slóðum í maí. Brandendur virðast nú vera orðnir reglulegir varpfuglar hér á landi. Hringdúfur urpu nú í fyrsta sinn síðan 1977. Hreiður fannst í Reykjavík í júlí, en ekki er vitað með vissu um frekari varpárangur. Sennilega hafa þó tveir ungar komist upp því ungfuglar sáust með fullorðnum fuglum í Fossvogi og Gufunesi síðar um sumarið. A.m.k. eitt barrfinkupar varp á Tumastöðum í Fljótshlíð, fjórða árið í röð, og komust a.m.k. tveir ungar á legg í júní og fjórir í ágúst. Barrfinkupar varp einnig á Neskaupstað, þar sem tveir fleygir ungar sáust snemma í júlí. Á Hofi í Öræfum urpu sex til átta gráspörvapör um sumarið og komu upp mörgum ungum eins og undanfarin ár. Syngjandi fjallafinkur sáust á nokkrum stöðum í júní og júlí, án þess að varp væri staðfest á neinum þeirra. Þótt allmargar landsvölur sæust um vorið er ekki vitað til þess að þær hafi orpið í þetta sinn, né heldur fréttist af verpandi skeiðöndum.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Aðeins sjö gráskrofur sáust og hafa ekki verið svo fáar síðan 1991. Fjöldi gráhegra og æðarkónga var nærri meðallagi. Í byrjun árs sáust nokkrar vepjur. Fjöldi lappajaðrakana var nærri meðaltali undanfarinna ára. Fimmtíu fjöruspóar sáust og er það ívið minna en undanfarin ár. Fremur fáir ískjóar sáust eins og undanfarin ár, en fjöldinn er afar breytilegur milli ára. Fimmtán fjallkjóar er hins vegar nokkru meira en gengur og gerist flest ár. Fjöldi snæugla var svipaður og undangengin ár. Tæplega fimmtíu landsvölur sáust og er það nærri meðallagi. Árið áður (1996) var hinsvegar metár, en þá sáust yfir 100 fuglar. Bæjasvölur voru tiltölulega fáar þetta árið og sama má segja um silkitoppur. Um haustið sáust ýmsar tegundir evrópskra söngvara, en engin í óvenjulega miklum mæli. Laufsöngvarar voru þó nærri fjörtíu, sem er það mesta síðan 1988. Óvenjumargir glókollar komu um haustið og lifðu sumir fram á vetur. Sama má segja um fjallafinkur, en aðeins árin 1982 og 1996 hafa sést fleiri fuglar á einu ári. Allnokkrir krossnefir komu í júní. Það var þó lítið miðað við árin 1985 og 1990.

Undirtegundir. Sex austrænar margæsir fundust og hafa aldrei sést svo margar á einu ári. Ein vestræn margæs sást, en þær eru mun sjaldséðari en þær austrænu. Fimm amerískar urtendur fundust, sem er sami fjöldi og árið 1996 og nokkuð yfir meðallagi. Enginn grænlenskur fálki sást árið 1997.

Nýjar tegundir. Árið 1997 slær öll síðari tíma met í fjölda nýrra tegunda. Þær voru sjö. Að meðaltali sjást hér einungis þrjár nýjar tegundir árlega (meðaltal síðustu 40 ára) og hefur þeim farið heldur fækkandi, eins og búast má við, enda er tegundafjölbreytni nágrannalandanna ekki óþrjótandi. Það þarf að fara aftur til ársins 1961 til að finna fleiri nýjar tegundir á einu ári

(níu). Þann 22. mars kom *grænfinka* að Þorvaldsstöðum í Bakkafirði og var höfði í haldi og sleppt í maí. Grænfinkur verpa á Norðurlöndum og mátti búast við því að þær sæjust hér fyrr en síðar (Gaukur Hjartarson og Yann Kolbeinsson 2000). Næsta tegund var lengra að komin, en það var *þernutrítill* sem settist á skip á Lónsdýpi þann 7. júní. Þernutrítlar verpa syðst í Evrópu og nyrst í Afríku. Frændi hans stepputrítillinn hefur sést hér þrisvar. Þann 26. september sást *grímuskríkja* við Garðskaga. Þetta er amerískur spörfugl, en slíkir fuglar eru afar sjaldséðir hér á landi og annarsstaðar í Evrópu. Þetta var sjöundi fuglinn í Evrópu. Þann 1. október sást önnur skríkjutegund á Eyrarbakka, í þetta sinn *blámaskríkja*, sem ekki hafði sést í Evrópu áður. Aðeins fjórum dögum síðar fannst síðan þriðja skríkjan, *pálmaskríkja*, á Stokkseyri, en þessi tegund hafði heldur ekki sést lifandi í Evrópu áður. Þann 23. nóvember fannst *elrisöngvari* við Hala í Suðursveit, austur-evrópskur spörfugl, sem er sjaldséður í V-Evrópu (Björn Arnarson og Brynjúlfur Brynjólfsson 2000). Síðasta nýja tegundin var evrópskur ránfugl, *svölugleða*, sem sást við Hörgslandskot á Síðu um miðjan desember. Þessi fugl dvaldi síðan á svipuðum slóðum í hátt á annað ár (Björn G. Arnarson 1998).

Aðrir sjaldgæfir flækingsfuglar. Nokkrar sárasjaldgæfar tegundir sáust hér árið 1997. Sléttumáfur og sandlævirki sáust hér í þriðja sinn. Freyshani sást hér í fjórða sinn svo og fjórða og fimmta tígulþernan. Fimmta vestræna margæsin sást einnig. Mýrerla sást í sjötta sinn og sótstelkur og þyrnisvarri í það sjöunda. Tvær mandarínendur fundust, í sjöunda og áttunda skipti. Áttunda bliköndin sást á árinu. Trjámáfur og sefsöngvari sáust hér í tíunda skipti. Af öðrum sjaldgæfum tegundum má nefna förufálka, gulllóu, lyngstelk, peðgríp og græningja, en hvorki meira né minna en fimm græningjar sáust (í 13.-17. skipti). Í þessari skýrslu er einnig getið um fimmtu þaraþernuna, sem sást árið 1996.

Annáll ársins

Ýmsir algengir vetrargestir settu einkum svip á janúarmánuð, svo sem gráhegrar, hvinendur og fjöruspóar. Nokkuð bar þó á vepjum, sem sáust einkum Suðvestanlands. Ísmáfur sást í Kelduhverfi á nýársdag, en einnig varð þeirra vart í fyrrihluta mánaðarins við Skjálfanda og í Öxarfirði. Af öðrum fuglum má nefna dvergmáf í Hafnarfirði þann fjórða, sönglævirkja í Reykjavík þann áttunda, brandönd við Höfn tveimur dögum síðar og fjóra dómpápa á Akureyri í lok mánaðarins.

Annan dag febrúar sást hringmáfur í Sandgerði og sefhæna í Ölfusi þremur dögum síðar. Rétt fyrir miðjan mánuðinn sást ísmáfur við Höfn í Hornafirði og þann tuttugasta varð vart við skógarsnípu við Keldur í Reykjavík. Snæugla sást í Lundarreykjadal í Borgarfirði í febrúar. Æðarkóngar, hvinendur og gráhegrar sáust á nokkrum stöðum svo og ljóshöfðaönd í Hafnarfirði.

Fyrri hluti mars var tíðindalítill. Amerísk urtönd sást þó í byrjun mánaðarins við Hafnarfjörð, dómpápi á Egilsstöðum og ísmáfur við Eskifjörð, en upp úr átjánda mars fóru að sjást ýmsir flækingsfuglar, einkum spörfuglar. Þann dag sást barrfinka í Heimaey og kanadagæs í Suðursveit tveim dögum síðar. Þann 22. mars sáust síðan bókfinka og gransöngvari í Öræfum og grænfinka á Þorvaldsstöðum á Langanesströnd, en hún hafði aldrei sést áður hér á landi. Dagana þar á eftir sáust eyruglur á sjó undan Austurlandi og dvergmáfur í Sandgerði. Um svipað leyti sást vepja í Grímsey, en vepjur sáust einnig víðar í síðari hluta mars. Síðustu sjö daga mánaðarins bar talsvert á flækingsfuglum, svo sem söngþresti á Höfn, barrfinku, bókfinku, fjallafinku og bláhrafni á Húsavík, gransöngvara og hringdúfu á Kvískerjum í Öræfum, glóbrystingi í Fljótum og bókfinku, hringdúfu og mistilþresti í Suðursveit. Sefhæna sást í Grímsey þann þrítugasta. Skógarsnípur sáust víða 27.-31. mars, svo sem í Fljótum, á Húsavík, á Tjörnesi, við Þórshöfn, í Suðursveit, í Mýrdal og á Selfossi.

Talsvert sást af flækingsfuglum í apríl. Skógarsnípa bættist við fyrsta apríl við Fellabæ og þrjár snæuglur sáust í Ófeigsfirði á Ströndum daginn eftir. Fimm vepjur voru í Sandgerði 5. apríl. Dagana þar á eftir sáust meðal annars sefhænur á Sauðárkróki og Þórshöfn, glóbrystingur í Fljótum, landsvala í Nesjum, amerísk urtönd í Fellabæ og trjámáfur á Seltjarnarnesi. Í síðari hluta apríl sáust bæði austrænir og vestrænir flækingsfuglar. Spóatíta var við Höfn þann sautjánda og hettusöngvari settist þremur dögum síðar á skip á Berufjarðaráli. Akurgæs, kanadagæs, skutulönd, tvær mandarínendur og hrókönd fundust á Suðausturlandi, en suðvestanlands voru fuglarnir öllu amerískari, þ.e. hringmáfur og amerísk urtönd við Reykjavík. Í lok apríl sáust fjallafinka á Höfn og nokkrar barrfinkur á Tumastöðum í Fljótshlíð, en þær urpu þar um sumarið.

Í maí sjást oft fjölmargar flækingsfuglategundir. Svo var einnig að þessu sinni og ekki hægt að gera öllu skil. Talsvert bar á finkum strax fyrstu daga mánaðarins, s.s. bókfinkum á Þórhöfn og Selfossi, nokkrum fjallafinkum á Kvískerjum, barrfinkum á Langanesi, Húsavík og á Selfossi. Fjallafinkur sáust svo á nokkrum stöðum síðar í maí, t.d. á Selfossi, í Fljótshlíð, í Biskupstungum og í Kelduhverfi. Tvær bæjasvölur voru við Garðskaga þann þriðja og sama dag var fullorðinn hringmáfur í Grindavík. Fyrstu skeiðendurnar sáust um viku af maí á Mývatni. Fram til fimmtánda maí sáust m.a. ljóshöfðaönd við Akureyri og önnur á Höfn, sefhæna í Hrútafirði, lappajaðrakan og bæjasvala í Hvallátrum á Breiðafirði, skutulönd á Mýrum og kanadagæs í Bárðardal. Dvergmáfur sást á Selfossi þann sextánda og fjallkjói á Rangárvöllum daginn eftir. Fyrsta landsvalan sást þann sautjánda í Skaftártungu og síðan leið vart sá dagur fram yfir miðjan júní að landsvölu yrði ekki vart einhversstaðar á landinu. Bæjasvölur sáust einnig nokkrar, þær fyrstu þann áttunda, en þó aðallega síðustu dagana í maí. Fjórir ískjóar sáust þann átjánda við Stokkseyri og kanadagæs sama dag í Þistilfirði svo og nokkrir æðarkóngar við norðaustanvert landið. Á Laxá í Mývatnssveit var blikandarsteggur um svipað leyti. Þónokkrir ískjóar og fjallkjóar sáust á sjó 21.-23. maí. Í síðustu viku mánaðarins sáust m.a. gransöngvari á Kvískerjum, rósamáfar við Húsavík og á Seltjarnarnesi og vepja í Kelduhverfi.

Júní var sérkennilegur að þessu sinni. Nokkuð kom af fuglum frá Evrópu og sumir voru sárasjaldgæfir. Fyrst skal þó nefna að tíunda júní sáust tveir krossnefir á Kvískerjum. Krossnefir sáust síðan um sunnan- og austanvert landið, allt frá Þistilfirði að Selfossi síðar í mánuðinum, einkum upp úr 20. júní (1. mynd). Öllu sjaldséðari fuglar, komnir að austan, voru hins vegar sótstelkur í Kelduhverfi þann fjórða, kolþerna á Seltjarnarnesi dagínn eftir (gæti



1. mynd. Komutími krossnefa sumarið 1997. Rauðu súlurnar sýna fyrstu athuganir, en þær gulu athuganir á fuglum eftir það. – *The influx of Crossbills* Loxia curvirostra *in summer 1997. The yellow columns show observation after the first week.*

þó hafa verið amerísk), þernutrítill á Lónsdýpi þann sjöunda (hafði aldrei sést hér áður), gaukur í Reykjavík þann tíunda, tígulþerna í Fljótshlíð þann tólfta og sléttumáfur í Suðursveit þann nítjánda. Sléttumáfurinn virðist skera sig hér úr, enda ættaður frá Ameríku, en fyrir því hafa verið færð rök í erlendum tímaritum að sléttumáfar sem sjást í Evrópu séu komnir sunnan frá, þ.e. komi upp með ströndum Afríku. Þrír hafa sést hér, tveir á Suðausturlandi og einn við Húsavík, sem gæti stutt þessa kenningu. Auk þessara fugla sáust fleiri austrænir, s.s. sefhæna undir Eyjafjöllum, dvergmáfur í Sandgerði, grágrípur í Öræfum, múrsvölungur í Heimaey og turtildúfa í Suðursveit. Rétt eftir miðjan mánuðinn sáust rósamáfar í Mývatnssveit og við Fellabæ.

Júlí er að jafnaði tíðindalítill mánuður hvað varðar flækingsfugla. Glókollur sást við Hallormsstað þann þriðja og gráhegri í Borgarfirði tveim dögum síðar. Krossnefir sáust á nokkrum stöðum í fyrri hluta júlí svo og snæugla á Auðkúluheiði. Í lok mánaðarins sást snæugla á Eyvindarstaðaheiði. Tvær syngjandi fjallafinkur voru um miðjan júlí i Fljótshlíð og landsvala sást við Bjargtanga og múrsvölungur i Lónsdýpi.

Í fyrri hluta ágúst bar lítið nýtt til tíðinda, nema hvað tígulþerna sást í Flatey á Skjálfanda annan dag mánaðarins. Um miðjan ágúst sáust fimm fjallkjóar á Þistilfirði. Þann 22. ágúst var laufsöngvari á Kvískerjum og hauksöngvari sást í Nesjum þremur dögum síðar. En það var þó ekki fyrr en 28. ágúst að evrópskir spörfuglar tóku að berast til landsins í nokkrum mæli. Þann dag fundust garðsöngvari, grænsöngvari og laufsöngvari á Höfn og í Nesjum. Fleiri laufsöngvar bættust síðan við dagana á eftir á suðausturhorninu, svo og einn grænsöngvari og einn garðsöngvari. Síðustu dagana í ágúst sáust einnig turnfálki í Ölfusi, þernumáfur við Reykjanes og gráhegri 40 sjómílur NV frá Straumnesi. Sá hefur sennilega ætlað að skjótast til Grænlands, en þess má geta að a.m.k. 16 gráhegrar hafa sést þar (Boertmann 1994).

Í byrjun september sáust fleiri söngvarar, einkum á Suðausturlandi. Voru þetta nokkrir laufsöngvarar og garðsöngvarar. Gransöngvari sást í Nesjum annan dag mánaðarins og hettusöngvari tæplega 200 sjómílur austur af landinu þann fimmta. Þriðja september sást mýrerla í Vogum á Vatnsleysuströnd og tvær rósafinkur fimm dögum síðar við Grindavík. Af öðrum fuglum í fyrri hluta september má nefna gráhegra í Öræfum og í Fljótshlíð, tvær snæuglur á Kili, lappajaðrakana á Álftanesi og í Sandgerði og sportittling á Miðnesi. Þann fimmtánda var skotin bláönd á Miðnesi. Þann sautjánda sást lyngstelkur við Höfn og spóatíta á sömu slóðum tveim dögum síðar. Upp úr þessu fara hins vegar sjaldséðir amerískir fuglar að hellast inn á Suðvesturland. Það byrjaði með freyshana á Miðnesi þann 21. Hann sást reyndar einnig 26. september, en þann dag fannst grímuskríkja við Garðskaga, en hún hefur aldrei sést hér áður og er sárasjaldséð í Evrópu. Daginn eftir var ein rákatíta í Sandgerði og önnur í Arfadalsvík og sportittlingur í Garði. Þann 30. fundust tveir græningjar, annar í Suðursveit en hinn á Selfossi. Græningi er „algengastur" ameríska spörfuglaflækinga hér og oftast ábending á aðra enn sjaldséðari. Af öðrum fuglum í lok september ná nefna fjórar gráskrofur og ískjóa í Rósagarðinum, þernumáf í Garði, snæuglu við Þorlákshöfn og tvær vallskvettur í Suðursveit og á Höfn.

Október 1997 verður sjálfsagt mörgum fuglaskoðurum lengi minnisstæður, enda leið ekki einn einasti dagur að ekki sæist flækingur af einhverju tagi og margir suma dagana og því ekki hægt að gera öllum skil hér. Þetta voru einkum evrópskir spörfuglar. En fyrsta dag mánaðarins sást hins vegar amerísk tegund og það ný fyrir Ísland og Evrópu, blámaskríkja. Hún var á Eyrarbakka og þar var einnig þriðji græningi haustsins. Þremur dögum síðar sást fjórði græninginn á Kvískerjum og þremur dögum þar á eftir sá fimmti í Árlundi í Flóa. Þar með var búið að jafna græningjametið frá 1995. Menn fjölmenntu auðvitað í skríkju-

skoðun að Eyrarbakka og olli það því að önnur amerísk skríkja fannst á Stokkseyri fimmta dag mánaðarins, pálmaskríkja, sem einnig er ný fyrir Ísland og Evrópu. Gulllóa sást um svipað leyti við Garðskaga og rákatíta í Njarðvík. Amerísk urtönd og bláönd sáust nokkru síðar á Miðnesi og í Grindavík auk tveggja brúnandarsteggja á Miðnesi, sem höfðu reyndar sést þar nokkuð reglulega síðan haustið 1993. Þar með eru upp taldir amerískir fuglar í október. Evrópskir spörfuglar settu einnig svip á mánuðinn. Þann fyrsta náðist sefsöngvari í Reykjavík, sá tíundi hér á landi. Sama dag sáust ýmsir algengari söngvarar á Suðausturlandi, þar á meðal einn grænsöngvari. Tveim dögum síðar fundust allmargir laufsöngvarar í Ölfusi svo og rósafinka. Þann fjórða sáust þrír hrímtittlingar á Miðnesi og einn í Flóa skömmu síðar. Austur í Öræfum fundust rósafinka og hauksöngvari um svipað leyti. Upp úr sjötta fer að bera talsvert á fjallafinkum, gransöngvurum og garðsöngvurum, einkum í Nesjum, Suðursveit og Öræfum. Hnoðrasöngvari heimsótti Reynivelli í Suðursveit þann sjöunda og daginn eftir fundust fjórtán glókollar á svæðinu frá A-Landeyjum til Nesja. Daginn eftir var netlusöngvari á Eyrarbakka og vallskvetta í Suðursveit. Þann 11. október sást mikið af alls kyns flækingsfuglum, meðal annars margar fjallafinkur um norðaustanvert og austanvert landið svo og nokkrir glóbrystingar, glókollar, hettu- og laufsöngvarar að ógleymdri vallskvettu á Raufarhöfn, þyrnisvarra á Melrakkasléttu og turtildúfu í Kelduhverfi. Næstu daga sáust einnig margir flækingar, svo sem sefgoði og söngþröstur í Fljótum og söngþrestir á Höfn og í Suðursveit. Eftir miðjan mánuðinn héldu fjallafinkur, glókollar, garðsöngvarar og hettusöngvarar áfram að sjást hér og þar alveg til októberloka. Af sjaldséðari fuglum í síðari hluta október má nefna þernumáf í Hafnarfirði, tvær snæuglur í Ölfusi, turtildúfur á Höfn, tvær landsvölur í Aðaldal og eina á Þórshöfn, ísmáf í Eyjafirði og förufálka suður af Reykjanesi. Nokkrir gráhegrar sáust um suðaustanvert landið í október.

Nóvember byrjaði með dvergsnípu, snæuglu og gráhegra á Miðnesi og gráhegra við Akranes. Hnoðrasöngvari var í Ölfusi þann annan og sefhæna í Vestmannaeyjum daginn eftir. Annars einkenndist fyrri hluti nóvember af hettu- og gransöngvurum, glókollum og glóbrystingum, auk ýmissa annarra tegunda, svo sem snæuglu í Suðursveit, gráhegra hér og þar, m.a. við Búðardal og bleshænu í Reykjavík. Nokkrar barrfinkur sáust um sunnanvert landið í fyrri hluta nóvember. Upp úr miðjum mánuðinum fóru að sjást fjallafinkur hér og þar á landinu. Hringmáfur sást í Reykjavík þann sextánda og daginn eftir settist sandlævirki á bát undan Ingólfshöfða. Þetta var í þriðja sinn sem þessi tegund sést hér. Dagana 22. og 23. sást fjöldi flækinga í Suðursveit og Öræfum, m.a. margir hettusöngvarar, gransöngvarar, skógarsnípur, turnfálki, peðgrípur, mánaþröstur og söngþröstur ásamt nýrri tegund, elrisöngvara á Hala í Suðursveit. Elrisöngvari er sjaldséður í V-Evrópu. Þá sást laufsöngvari undir Eyjafjöllum og silkitoppa á Selfossi. Eftir þetta varð flækinga fremur lítið vart, nema hettusöngvara og þá aðallega á Höfn og Húsavík. Þó var sönglævirki á Kvískerjum og fjórar skógarsnípur í Suðursveit undir lok nóvember.

Í desember sáust gráhegrar, hvinendur og fjöruspóar á hefðbundnum vetrarstöðvum. Í byrjun desember sáust þrjár fjallafinkur á Akranesi, hettusöngvarar á Húsavík, silkitoppur í Vík og á Tjörnesi, skógarsnípur á nokkrum stöðum, snæugla á Reykjaheiði (S-Þing.) og turnfálki á Kvískerjum. Er nálgaðist miðjan mánuðinn varð vart við bleshænu í Eyrarsveit, sönglævirkja á Eyrarbakka og vepju við Stokkseyri. Um miðjan desember kom merkt svölugleða að Hörgslandskoti á Síðu alla leið frá Skotlandi, en sú tegund hafði ekki sést hér áður. Fátt bar til tíðinda fram að jólum, nema hvað gransöngvari sást á Selfossi, skógarsnípa í Fljótshlíð, dverg-

máfur í Reykjavík og tvær vepjur á Suðausturlandi. Rétt eftir jól sást brandönd í Háfshverfi (Rang.) og glóbrystingur á Höfn. Nokkrar silkitoppur sáust í Reykjavík í mánuðinum og í lok hans voru enn fjórir glókollar í Grímsnesi og a.m.k. þrír hettusöngvarar á Húsavík. Hin árlegra vetrarfuglatalning („jólatalning") var 28. desember. Þá sáust ýmsir algengir flækingsfuglar, aðallega gráhegrar, hvinendur og fjöruspóar, en einnig gransöngvari í Hafnarfirði, krossnefir og skógarsnípa í Fljótshlíð, æðarkóngur í Njarðvík og síðast en ekki síst strandtittlingur í Leiru (Gull.). Á gamlársdag sáust skógarsnípa og fjórir glókollar í Grímsnesi og sex glókollar á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1996. (3) Fjöldi fugla sem sást 1997. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda einstaklinga, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl" (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl" eða „sami fugl" (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um viðburði ársins.

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl) og aldur, ef þekkt er, og dagsetningu eða tímabils er fuglinn sást. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftar en fimm sinnum. Táknið ❒ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Táknið ☆ merkir að fugli hafi verið safnað. „fd" merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd" að hann hafi fundist nýdauður og „fld" fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 1997

Sefgoði *Podiceps grisegena* (19,16,1)
A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Nokkrir sefgoðar hafa áður sést á Norðurlandi en aldrei fyrr í Skagafirði.
Skag: *Hópsvatn í Fljótum*, 15.-16.10. (ÞS).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (56,268,7)
Suðurhvel. – Gráskrofuathugunum fækkar mikið frá undanförnum árum. Það er aðallega vegna þess að Björn Arnarson er hættur sjómennsku.
Á sjó: *Um 1,3 sjóm NA af Garði (64°05'N, 22°37'V)*, 22.8. (Gustaf Holst, Olle Holst). – *Rósagarður (63°26'N, 12°04'V)*, fjórar 26.9. (Ásmundur Ásmundsson, GBÓ). – *Papagrunn (63°53'N, 13°45'V)*, 1.10. (Ásmundur Ásmundsson, GBÓ). – *Hvalbaksgrunn (64°17'N, 13°00'V)*, 5.10. (GBÓ, Stefán V. Þórisson).
1996: **Á sjó**: *Faxaflói*, tvær 15.10.1996 (Tómas G. Gunnarsson ofl).

Gráhegri *Ardea cinerea* (620,869,54)
Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Fjöldinn er rétt yfir meðallagi og fuglarnir dreifast víða um landið eins og vant er.
Árn: *Hveragerði*, þrír veturinn 1996-1997 (Súsanna Vilhjálmsdóttir). – *Selfoss*, 3.1., 10.-31.3., 10.12. (ÖÓ ofl). – *Álftavatn í Grímsnesi*, 29.1.-3.2. (Róbert A. Stefánsson). – *Hraun í Ölfusi*, fjórir 5.2. (Einar Haraldsson). – *Skipar í Flóa*, 29.8. (JÓH). – *Öxnalækur í Ölfusi*, þrír 29.12. (EÓÞ, JÓH).
Borg: *Efraskarð í Svínadal*, 10.-16.-1. (Magnús Ólafsson). – *Innstavogsnes við Akranes*, 1.11. (Kristinn Pétursson).
Dal: *Búðardalur*, tveir 6.-12.11. (Jónas Guðmundsson ofl).
Gull: *Garðabær*, 4.2. (EÓ), 10.-12.3. ❒ (Albert Tómasson ofl). – *Stafnes á Miðnesi*, 1.11. (GÞ). – *Hafnarfjörður*, tveir 25.11. (HG). – *Knarrarnes á Vatnsleysuströnd*, fjórir um 25.11.-1.12. (Ólafur Baldursson ofl). – *Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd*, 28.12. (HG), sennilega einn af fuglunum við Knarrarnes. – *Vífilsstaðavatn*, 28.12. (Finnur Logi Jóhannsson).
A-Hún: *Hólabær í Langadal*, 9.10. (Grímur Gíslason).
N-Múl: *Bakkagerði í Borgarfirði*, byrjun mars (Karl Sveinsson). – *Hlégarður í Hjaltastaðaþinghá*, 11.10. (HWS). – *Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð*, 17.10. (HWS).

2. mynd. Mandarínönd *Aix galericulata*. Karlfugl við Stekkatún í Álftafirði, 27. apríl 1997. – Brynjúlfur Brynjólfsson.

S-Múl: *Hamraborg í Berufirði*, 5.10. (BB ofl). – *Egilsstaðir*, 12.-18.10. (Vigfús H. Jónsson ofl).
Mýr: *Ferjukot í Borgarfirði*, 5.7. (Friðrik Friðriksson). – *Haugar í Stafholtstungum*, 16.10. (Ingþór Friðriksson).
Rang: *Bjargarkot í Fljótshlíð*, 27.1.-2.2., tveir 3.2.-16.4. ❐ (HÓ ofl). – *Hella*, 7.10.-30.11., tveir 1.-7.12., 8.-12.12. (Páll G. Björnsson ofl). – *Hvammur undir Eyjafjöllum*, 22.3. (ÖÓ), 8.10. (BA, HB). – *Tumastaðir í Fljótshlíð*, 10.9.-29.10., tveir 30.10.-31.12. (HÓ). – *Hellishólar í Fljótshlíð*, 9.11. (Sveinn Jónsson). – *Djúpidalur á Rangárvöllum*, 20.11. (Anton Á. Kristinsson).
Rvík: *Elliðavatn og nágr*, tveir um 10.1., síðan einn til 1.2. (Ófeigur Björnsson), 18.3. (Einar Elíasson), 11.4., 17.12. (YK), tveir 26.-31.12. (Finnur T. Hjörleifsson ofl).
A-Skaft: *Hof í Öræfum*, 2.1. (HB), þrír 15.2. (BB), 11.11. (BA). – *Þinganes í Nesjum*, fjórir 5.1. (BB). – *Salthöfði í Öræfum*, fjórir 8.1. (Ari B. Sigurðsson). – *Dynjandi í Nesjum*, 13.3. (Bjarni Jónsson). – *Viðborðssel á Mýrum*, 20.3. (HB). – *Lindarbakki í Nesjum*, 22.-29.3. (BA). – *Krossbær í Nesjum*, 9.4. ❐ (BB). – *Miðsker í Nesjum*, 19.4., 3.5. (BA). – *Kvísker í Öræfum*, 4.9., 13.9, tveir 17.9 (HB). – *Fífutjörn í Suðursveit*, 12.9. (BA). – *Laxá í Nesjum*, 20.10. (Karl Skírnisson). – *Hólar í Nesjum*, 28.10. (BB), þrír 30.10. ❐, 31.10. (BA, BB). – *Þveit í Nesjum*, tveir 8.11., þrír 29.11., 4.12. (BA ofl). – *Holtahólar á Mýrum*, 23.11. (BA, BB). – *Hestgerði í Suðursveit*, 29.11. (BA).
V-Skaft: *Sólheimar í Mýrdal*, 12.-14.1. (Ólafur Þorsteinsson). – *Kirkjubæjarklaustur*, 1.3. (BB ofl). – *Tunguvötn í Landbroti*, þrír 27.3. (ÁE ofl).
Snæf: *Stykkishólmur*, 28.12. (Trausti Tryggvason).
S-Þing: *Birningsstaðir í Laxárdal*, 12.11. (Áskell Jónasson, Jón Benediktsson).
Á sjó: *Um 30 sjóm NV af Straumnesi (66°23'N, 23°48'V)*, 29.8. (Guðmundur Sigurvinsson).

Hnúðsvanur *Cygnus olor* (0,3,0)
S-Skandinavía, M-Evrópa, M-Asía allt til Kína. – Hnúðsvanurinn sem var merktur ársgamall á Skjálftavatni sumarið 1996 sást mest allt árið. Ef til vill hafði hann vetursetu í Núpasveit.
N-Þing: *Klapparós í Núpasveit*, fullo ♂ 25.3. (AÖS). – *Skjálftavatn í Kelduhverfi*, fullo ♂ 31.3., 2.8., 2.-15.11. (GH ofl), sami fugl og við Klapparós.

Akurgæs *Anser fabalis* (5,45,1)
N-Evrópa og N-Asía. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi sem sást síðast 1992.
A-Skaft: *Hagi í Nesjum*, 24.4. (BA, BB).

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,117,4)
N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería. – Þrjár eru á hefðbundnum gæsaslóðum um haustið en ein sást um hásumar norður á Skaga sem er óvenjulegur tími fyrir flækingsgæsir. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.
A-Hún, *Hafnir á Skaga*, 28.6. (ÞÞB).
Rang: *Vindás á Landi*, 17.9. ☆ (Ágúst Þorgeirsson). – *Gunnarsholt á Rangárvöllum*, um 30.9.-2.10. (Viðar Jónsson). – *Sauðhúsvöllur undir Eyjafjöllum*, 1.11. ☆ (Kristinn Á. Sigurlaugsson).
1996: Rang: *Borgartún í Þykkvabæ*, 4.5.1996 (Guðni Sigvaldason), sennilega sama og við Efri-Rauðalæk í Holtum.

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,66,5)
Norðurhluti N-Ameríku. Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. – Kanadagæsir skiptast í margar undirtegundir sem eru mismunandi útlits og misstórar. Fuglaskoðarar ættu ávallt að lýsa útliti og stærð kanadagæsa sem þeir sjá svo e.t.v. megi átta sig á um hvaða undirtegund er að ræða.
A-Skaft: *Kálfafell í Suðursveit*, um 20.3. (EÓÞ), lítil undirtegund. – *Vík í Lóni*, 24.4. ❐ (BB), stór undirtegund.
N-Þing: *Borgir í Þistilfirði*, 18.-24.5. ❐ (GG, Hreinn Geirsson). – *Brunavatn á Melrakkasléttu*, 19.5. (JÓH), talin vera af undirtegundinni *maxima* af athuganda.
S-Þing: *Bjarnastaðir í Bárðardal*, 15.5. (Sverrir Thorstensen).

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,19,6)
Túndrur Síberíu. – Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. Hún hafði verið árleg í sjö ár þar til 1996 en þá fannst engin. Nú sjást hins vegar sex sem er mesti fjöldi á einu ári síðan hún sást fyrst 1986.
Borg: *Blautós við Akranes*, 9.5. (GH).
Gull: *Bessastaðir og nágr á Álftanesi*, 30.4. (YK), tvær 1.-10.5. ❐, 16.5. (GÞH, YK ofl).
N-Múl: *Straumur í Hróarstungu*, 24.-28.5. (HWS).
Mýr: *Vogalækur á Mýrum*, 9.5. (GH).
A-Skaft: *Höfn*, 21.5.-1.6. (BB ofl).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,4,1)
Túndrur A-Síberíu, Alaska og NV-Kanada. – Þrátt fyrir að þessi vestræna undirtegund margæsar hafi sést fyrst sex árum áður en sú austræna fannst í fyrsta skiptið er hún mun sjaldgæfari.
Gull: *Bessastaðir á Álftanesi*, 16.5. (Guðmundur A. Guðmundsson).

Brandönd *Tadorna tadorna* (25,67,16)
NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asíu. – Þrettán brandendur snéru aftur til varpstöðvanna í Borgarfirði, einni fleiri en árið áður, en nú kom aðeins eitt par upp ungum.
Borg: *Grjóteyri og nágr í Andakíl*, par 26.4.-1.5. (Dennis Buss, JÓH ofl), þrjú pör 4.5., par 9.-19.5. (GH ofl), ellefu 30.6. (ÞS), par með sjö dúnunga 11.7. (JÓH).
Gull: *Fitjar á Miðnesi*, 6.9.-11.10. ❐ (HG ofl).
Mýr: *Borgarnes*, par 28.4. (Anon). – *Einarsnes við Borgarfjörð*, tvær 20.5. (Sigríður Þ. Óðinsdóttir), sennilega sömu fuglar og við Grjóteyri.
Rang: *Hali í Háfshverfi*, ♂ 27.12. ☆ (Rúnar Þ. Róbertsson).
A-Skaft: *Höfn*, 10.1., ♀ 17.-24.4. (BB ofl).

Mandarínönd *Aix galericulata* (0,6,2)
Austast í Asíu, Japan og innfluttur stofn á Bretlandseyjum (nú um 1000 pör). – Það vekur athygli að nú finnast í annað sinn tveir steggir saman af þessum sjaldgæfa flækingsfugli en kvenfugl hefur aldrei fundist hérlendis.
S-Múl: *Stekkjatún í Álftafirði*, tveir ♂ 27.4. ❐ (BA, BB), *2. mynd.*

Ljóshöfðaönd *Anas americana* (29,62,5)
Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. Um haustið birtust þrír á Innnesjum og höfðu tveir þeirra vetursetu.
Eyf: *Akureyri*, fullo ♂ 4.-21.5. (Sverrir Thorstensen).
Gull: *Hafnarfjörður*, fullo ♂ 11.-19.1., 24.-27.2., 12.3. ❐ (YK ofl), 30.11. (JÓH). – *Arnarnesvogur*, fullo ♂ 1.3. (YK), fullo ♂ 29.11., 17.12. (JEJ). – *Miðhús og nágr í Garði*, ungur ♂ 3.-5.4. (EÓÞ, JÓH ofl). – *Bessastaðir á Álftanesi*, fullo ♂ 22.9. (GÞ). – *Vífilsstaðavatn*, fullo ♂ 17.10., 31.10., 8.11. (JEJ ofl). – *Kasthúsatjörn á Álftanesi*, fullo ♂ 31.10. (JEJ).
Rvík: *Fossvogur og Skerjafjörður*, fullo ♂ 1996 til 6.1., 28.3. (JÓH ofl), 17.9. til 1998 ❐ (JEJ ofl). – *Grafarvogur*, fullo ♂ 23.4. (AG).
A-Skaft: *Höfn*, ♂ 6.-8.5. ❐ (BA ofl).
S-Þing: *Grænavatn í Mývatnssveit*, fullo ♂ 7.-9.5. (Eugene Potapov, Ólafur K. Nielsen ofl). – *Mývatn*, ♂ á Ytriflóa 26.6. (ÁE), ♂ í Neslandavík 6.7. (Kieran Grace).

3. mynd. Brúnönd *Anas rubripes*. Karlfugl ásamt álftum *Cygnus cygnus* við Miðhús í Garði, 5. apríl 1997. Takið eftir dökkfjólubláum vængspeglum. – Yann Kolbeinsson.

Amerísk urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,53,5)
Norðurhluti N-Ameríku. – Amerísk undirtegund urtandar er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Jafnmargar sáust eins og árið áður. Eflaust tækist að finna fleiri ef urtendur gætu setið kyrrar þegar þær koma auga á fuglaskoðara í fjarska.
Gull: *Kalmanstjörn við Hafnir*, ♂ um 1.3. ☆ (Gunnar Sigurðsson). – *Hvalsnes á Miðnesi*, ♂ 11.10. (YK).
S-Múl: *Fellabær*, ♂ 13.4. (HWS).
Rvík: *Grafarvogur*, ♂ 26.4. (AG ofl).
S-Þing: *Mývatn*, ♂ á Syðrivogum 16.5. ❐ (YK).

Brúnönd *Anas rubripes* (4,26,0)
Norðausturhluti N-Ameríku. – Haustið 1996 fannst aðeins ein brúnönd á Suðurnesjum og virtist annar vetrargestur undanfarinna þriggja ára vera horfinn. Í apríl sáust hins vegar tveir steggir og aftur tveir um haustið þannig að ekki er annað að sjá en að þeir séu enn við góða heilsu.
Gull: *Miðhús í Garði*, ♂ 3.-5.4. ❐ (EÓÞ, JÓH ofl), *3. mynd.* – *Norðurkot á Miðnesi*, ♂ 5.4. (RR, YK). – *Bæjarsker á Miðnesi*, ♂ 3.5. ❐ (GH, YK). – *Setberg á Miðnesi*, ♂ 21.-23.9. (YK ofl), ♂ 11.10. (GP). – *Garðskagi*, ♂ 27.9.-4.10. (BA, GP ofl). – *Fitjar á Miðnesi*, ♂ 11.-18.10. (GÞ ofl). – *Hvalsnes á Miðnesi*, ♂ 22.10. (RR).

4. mynd. Ungur æðarkóngur *Somateria spectabilis* og æðarkolla *S. mollissima* í Reykjavíkurhöfn, 6. apríl 1997. – Yann Kolbeinsson.

5. mynd. Tveir fullorðnir æðarkóngar *Somateria spectabilis* ásamt æðarfuglum *S. mollissima* við Höfn í Hornafirði, 26. mars 1997. – Brynjúlfur Brynjólfsson.

Bláönd *Anas discors* (6,3,2)
N-Ameríka. Í Evrópu er hún sjaldséð en þó árviss. – Tvær fyrstu bláendurnar fundust á Mývatni fyrir miðja öldina en allar nema ein af þeim sem á eftir hafa fylgt voru á suðvesturhorni landsins.
Gull: *Fuglavík á Miðnesi*, ♀ 15.9. ☆ (Sigurður Bergmann). – *Grindavík*, ungur ♂ 11.10. (GÞ).

Skeiðönd *Anas clypeata*
Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Sennilega voru átta skeiðendur á Mývatni um vorið en þrátt fyrir það varð ekki vart við varp.
Árn: *Óseyrarnes í Flóa*, par 29.6. (JÓH).
Eyf: *Kristnes í Eyjafirði*, par 12.-22.5. (Sverrir Thorstensen).
A-Skaft: *Höfn*, ♂ 21.5.-16.6. ❒ (BB ofl).
S-Þing: *Sandur í Aðaldal*, par 6.5. (GH). – *Helgavogur við Mývatn*, par 7.5., tveir ♂ og þrír ♀ 9.5., þrír ♂ og þrír ♀ 12.5., par 15.-18.5., ♂ 22.-31.5., par 1.6., ♂ 2.-9.6. (YK ofl). – *Kálfstjörn við Mývatn*, par og tveir ♀ 7.5., par 13.-17.5. (Ólafur K. Nielsen ofl), tveir ♂ 18.5., ♂ 9.6., 12.8. (BB, GH, YK ofl). – *Ytriflói á Mývatni*, ♂ og tveir ♀ 9.5. (YK). – *Vindbelgjarskógur við Mývatn*, ♂ 31.5. (YK).

Skutulönd *Aythya ferina* (63,117,6)
Miðbik Evrópu og Asíu. – Að þessu sinni sáust þrír steggir á Suðausturlandi um vorið og aðrir þrír nokkru síðar vestar og norðar á landinu. Ekki er óhugsandi að þetta séu sömu fuglarnir að hluta eða jafnvel öllu leiti.
Mýr: *Bretavatn á Mýrum*, ♂ 9.5. (GH).
A-Skaft: *Höfn*, ♂ 20.-25.4 (BA ofl). – *Þveit í Nesjum*, ♂ 21.4. (BB). – *Baulutjörn á Mýrum*, ♂ 18.-21.5. (EÓ, HB ofl).
S-Þing: *Sandvatn í Mývatnssveit*, ♂ 2.-3.6. (YK ofl). – *Mývatn*, ♂ á Syðriflóa 2.6. (ÁE, Þorkell L. Þórarinsson), ♂ á Grunnuvík og ♂ á Ytriflóa 9.6., ♂ á Neslandavík 11.8., ♂ á Ytriflóa 13.8. (ÁE, Þorkell L. Þórarinsson ofl).

Hringönd *Aythya collaris* (3,30,2)
N-Ameríka. – Hringöndin sem var í Reykjavík um vorið gæti verið sami steggurinn og var á Seltjarnarnesi haustið áður.
Rvík: *Skerjafjörður*, fullo ♂ 1.3. (JEJ, Tómas G. Gunnarsson, YK). – *Elliðavatn*, 2.4., 13.4. ❒ (JÓH ofl). – *Tjörnin*, 6.4. ❒ (YK ofl), sami fugl og í Skerjafirði og á Elliðavatni.
S-Þing: *Mývatn*, fullo ♂ 7.5.-5.6. ❒ (YK ofl).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (174,607,24)
Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Kvenfuglar eru talsvert sjaldgæfari en karlfuglar. Það vekur því furðu að fjórar kollur fundust í Norður-Þingeyjarsýslu sama daginn.
Eyf: *Akureyri*, fullo ♂ 4.5. (AÖS, GH).
Gull: *Keflavík*, fullo ♂ 15.3. ❒ (YK). – *Sandgerði*, ♀ 18.10. (YK). – *Ytri-Njarðvík*, ungur ♀ 28.12. (GÞ).
N-Ísf: *Kirkjuból í Skutulsfirði*, fullo ♂ 22.7. (BB).
S-Múl: *Þvottárskriður við Álftafjörð*, fullo ♂ 13.3. (BB). – *Þernunes í Reyðarfirði*, fullo ♂ 26.12. (Páll Leifsson).
Rvík: *Örfirisey*, fullo ♂ 11.3, fullo ♂ 31.3., tveir fullo ♂ 6.-7.4. ❒, fullo ♂ 8.4., ungur ♂ 6.-7.4. ❒ (YK ofl), *4. mynd*.
A-Skaft: *Höfn*, fullo ♂ 25.3., þrír fullo ♂ 26.-29.3. ❒, *5. mynd*, tveir fullo ♂ 30.3., fullo ♂ 31.3. (BB ofl).
Skag: *Garður í Hegranesi*, ♂ um vorið (Jón Sigurjónsson).
Strand: *Hrófberg í Steingrímsfirði*, fullo ♂ 27.12. (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).
N-Þing: *Buðlungahöfn í Núpasveit*, ♀ 18.5. (YK). – *Grjótnes á Melrakkasléttu*, fullo ♀ 18.-24.5. ❒ (JÓH). – *Raufarhöfn*, fullo ♀ 18.5. ❒ (BB, GH, YK). – *Sauðaneslón á Langanesi*, fullo ♀ 18.5. (BB, GH, YK).
S-Þing: *Héðinsvík á Tjörnesi*, fullo ♂ 1.2. (SG). – *Húsavík*, fullo ♀ 23.2.-6.5. (SG ofl). – *Gvendarbás á Tjörnesi*, fullo ♂ 26.4.-16.5. (GH ofl). – *Ærvíkurhöfði*

6. mynd. Blikönd *Polysticta stelleri*. Fullorðinn karlfugl á Laxá í Mývatnssveit, 1. júní 1997. – Jóhann Óli Hilmarsson.

við Skjálfanda, ♂ 16.5. (GH). – *Saltvík við Skjálfanda*, fullo ♂ 28.10. (SG).
1996: A-Skaft: *Höfn*, ♀ 26.2.1996 (BB).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóngs *Somateria mollissima* × *spectabilis* (6,27,1)
Kynblendingar hafa sést árlega frá 1984, einn til fjórir fuglar.
S-Múl: *Eskifjörður*, ♂ 29.3. (Páll Leifsson).
A-Skaft: *Höfn*, fullo ♂ 28.-30.3. (BB ofl).
Skag: *Garður í Hegranesi*, ♂ um vorið (Jón Sigurjónsson).

Blikönd *Polysticta stelleri* (0,7,1)
NA-Síbería og Alaska. – Sjaldséð en árviss í Evrópu. Áttunda bliköndin hér á landi fannst í Mývatnssveit eins og sú fyrsta.
S-Þing: *Laxá í Mývatnssveit*, fullo ♂ 20.5.-1.6. ❒ (Mary-Lou Aitchison ofl), *6. mynd*.

Hvinönd *Bucephala clangula* (552,-,-)
N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Algengur vetrargestur sem sést víða um land. Sést hér einnig á sumrin, einkum á húsandaslóðum.
Árn: *Brúará við Spóastaði*, fimm 4.-7.2. (ÞÞB). – *Sog og Úlfljótsvatn*, tvær 7.2. (ÞÞB), 53 fuglar 22.2., sjö 10.4. (AG ofl), þrjár 27.10. (JÓH), átján 30.11., átján 28.12. (YK ofl). – *Djúpin við Apavatn*, fjórar 3.4. (AG). – *Laugarvatn*, sjö 28.12. (IG).
Gull: *Arnarnesvogur*, sex 11.1. (YK), fimmtán 25.1., sex 9.2. (AG ofl), sextán 1.3., ellefu 12.3. (YK ofl). – *Bessastaðatjörn á Álftanesi*, tvær 5.9., 10.9. (RR ofl).
S-Múl: *Egilsstaðir*, tvær 12.-13.4. (Vigfús H. Jónsson ofl).
Rvík: *Skerjafjörður*, tvær 5.-8.1. (JÓH, Ólafur Einarsson ofl), þrettán 11.1., 12.1., tvær 16.-17.1., sjö 2.2., tvær 22.2., fjórar 23.2., sjö 2.3. (YK ofl), tvær 28.12. (Árni W. Hjálmarsson). – *Elliðavatn og nágr*, sjö 30.3., sex 2.4. (GP ofl), tólf 11.4., fimm 13.4., þrjár 17.4. (YK), fjórtán 19.4., ellefu 24.4., fjórar 28.4., sjö 30.4. (BB, YK), sex 17.10. (GÞ), sextán 17.12. (YK). – *Tjörnin*, tvær 30.9. (Kristinn H. Skarphéðinsson).
V-Skaft: *Fljótsbotn í Meðallandi*, þrettán 27.3. (ÁE, MM). – *Tunguvötn í Landbroti*, fjórtán 27.3. (ÁE, MM). – *Seglbúðir í Landbroti*, sautján 28.3. (MM). – *Syðri-Steinsmýri í Meðallandi*, sjö 28.3. (ÁE, MM).
A-Skaft: *Þinganes í Nesjum*, tvær 5.1., fimm 24.2. (BB). – *Höfn*, tvær 8.-10.4. (BB ofl), 7.12., 28.12. (BB ofl). – *Þveit í Nesjum*, fimm 16.4. (BB). – *Kvísker í Öræfum*, þrjár 11.-26.10. (HB ofl). – *Dynjandi í Nesjum*, sjö 28.10. (BB).
N-Þing: *Lón í Kelduhverfi*, 3.1. (AÖS), tvær 16.3. (ÁE, MM), þrjár 12.4. (AÖS), fimm 2.11., sjö 3.12., sjö 23.12. (SG ofl). – *Hávarðsvatn á Melrakkasléttu*, 21.-22.5. (JÓH).
S-Þing: *Mývatn*, átta 13.3., tvær 14.3. (ÁE, MM), tvær

7. mynd. Hvinönd *Bucephala clangula*. Karlfugl á Mývatni, 9. maí 1997. – Yann Kolbeinsson.

7.5. (Ólafur K. Nielsen), þrjár 9.5. ❐, *7. mynd*, 19.5., 1.6. (YK ofl), 5.6., 9.6., 17.8. (ÁE, Þorkell L. Þórarinsson). – *Hofstaðaey í Laxárdal*, tvær 28.5. (YK, Þorkell L. Þórarinsson).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,59,2)
N- og S-Ameríka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á Englandi og er talið að allir fuglar sem hér hafa sést séu komnir þaðan (*Bliki* 15: 1-15). Aðeins tvær hrókendur fundust og hafa ekki verið svo fáar síðan 1989.
A-Skaft: *Baulutjörn á Mýrum*, ♂ 28.-30.4. (BB ofl).
S-Þing: *Mývatn*, ♂ á Fretvogi 3.6. (YK).

Svölugleða, *Milvus milvus* (0,0,1)
Evrópa. – Þessi tegund hefur aldrei áður sést á Íslandi. Fuglinn sem hingað kom er afkomandi fugla sem voru fluttir til Skotlands til að koma upp nýjum varpstofni en svölugleða var nánast útdauð á Bretlandseyjum.
V-Skaft: *Hörgslandskot á Síðu*, miður des til 1998 (Steingrímur Lárusson ofl), fuglinn var merktur „Brit Mus GF93127" sem nýfleygur ungi við Inverness í Skotlandi 25.7.1997.

Turnfálki *Falco tinnunculus* (28,33,4)
Evrópa, Asía og Afríka. – Turnfálkar hafa sést árlega síðan 1980, á bilinu einn til þrír fuglar á hverju ári. Aðeins einu sinni áður hefur orðið vart við fjóra fugla.
Árn: *Hraunsheiði í Ölfusi*, ♂ 29.8. (JÓH).
Rvík: *Grafarvogur*, ♀/ungf 21.8. (HÞH).
A-Skaft: *Kvísker í Öræfum*, ♀/ungf 23.11. merktur „622273", 7.12. (HB).

Förufálki *Falco peregrinus* (1,10,1)
Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Þetta er fimmti förufálkinn sem sest á skip undan Reykjanesi. Fyrstu fuglarnir eru varðveittir á Náttúrufræðistofnun en í anda nýrra sjónarmiða var þessi fugl merktur og síðan sleppt, fuglaskoðurum til mikillar ánægju, en þeir fengu mjög gott tækifæri til að skoða þennan sjaldgæfa flæking eftir að hann fór að halda til á stórhýsum við Sólheima.
Rvík: *Sólheimar*, ungur ♂ 10.12. til 1998 (YK ofl), sennilega sami og var sleppt við Úlfarsá.
Á sjó: *Um 50 sjóm S af Reykjanesi*, ungur ♂ 24.10. ❐ (Anon), merktur „224861" 30.10. og sleppt við Úlfarsá í Reykjavík.

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,85,1)
Evrópa og Asía. – Aðeins eitt keldusvín sást á árinu. Það verða dapurleg tímamót þegar út verður gefin skýrsla um sjaldgæfa fugla þar sem þessa fyrrum varpfugls verður ekki getið.
N-Þing: *Nýibær í Kelduhverfi*, 22.12. (AÖS).

Sefhæna *Gallinula chloropus* (42,27,8)
Evrópa, Asía og Ameríka. – Aldrei áður hafa sést svo margar sefhænur á einu ári. Yfirleitt sjást sefhænur á haustin og fram eftir vetri en að þessu sinni fundust fimm fuglar frá lokum mars og fram í byrjun júní.
Árn: *Hraun í Ölfusi*, tvær 5.2. (Einar Haraldsson).
Eyf: *Grímsey*, 30.3.-1.4. ☆ (Gylfi Gunnarsson).
Rang: *Núpur undir Eyjafjöllum*, 6.6. (Harpa Jónsdóttir, Kristinn Á. Sigurlaugsson).
Skag: *Sauðárkrókur*, 6.4. ❐ (Stefán Pedersen).
Strand: *Hlaðhamar í Hrútafirði*, 8.5. (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).
Vestm: *Heimaey*, ungf 3.11. ❐ (Ólafur Guðjónsson ofl).
N-Þing: *Þórshöfn*, 7.4. ❐ (GG ofl).

Bleshæna *Fulica atra* (138,63,4)
Evrópa, Asía og Ástralía. – Mjög venjulegt bleshænuár.
Rvík: *Elliðavogur*, 30.1.-25.2. (JÓH, Kristinn H. Skarphéðinsson ofl). – *Grafarvogur*, 28.11. (Þorsteinn Guðjónsson), náð í húsagarði, merkt „331958" og sleppt í Kópavogi. – *Tjörnin*, 13.11.-1998 ❒ (Elva D. Einarsdóttir, RR ofl).
A-Skaft: *Höfn*, 30.3.-29.4. ❒ (BA, BB ofl).
Snæf: *Lárós í Eyrarsveit*, um 10.12. ☆ (Helgi Gunnarsson).

Grátrana *Grus grus* (5,20,0)
N-Evrópa og norðanverð Asía. – Grátrana sást í apríl 1995 í Nesjum og hugsanlega er þetta sami fugl.
1995: N-Múl: *Dratthalastaðir í Hjaltastaðaþinghá*, 15.6.1995 (HWS).

Þernutrítill *Glareola pratincola* (0,0,1)
S-Evrópa, Afríka og vestanverð Asía. – Þernutrítill hefur ekki fundist áður hérlendis. Fuglinn fannst á sama tíma og hans verður helst vart á Bretlandseyjum. Stepputrítill sem er náskyld tegund hefur sést þrisvar sinnum á Íslandi.
Á sjó: *Lónsdýpi (64°11'N, 14°23'V)*, 7.6. ❒ (GBÓ), kom á bát, hafður í haldi en drapst síðar um sumarið.

Gulllóa *Pluvialis dominica* (0,10,1)
N-Ameríka. – Fjórða árið í röð fannst gulllóa á Suðurnesjum.
Gull: *Garðskagi*, ungf 4.10. ❒ (GH, YK).

Grállóa *Pluvialis squatarola* (16,68,4)
Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku. – Eins og venjulega sáust grállóur á Suðurnesjum en síðast sást grállóa utan Suðurnesja 1993.
Gull: *Sandgerði*, 25.1.-2.2. (RR, YK ofl). – *Fitjar á Miðnesi*, tvær 28.12. (Sigurður Blöndal).
A-Skaft: *Höfn*, 23.-24.8. (BB ofl).

Vepja *Vanellus vanellus* (1220,760,22)
Evrópa og N-Asía. – Í árslok 1996 komu vepjur og í ársbyrjun 1997 fundust fleiri. Einnig komu nokkrar snemma vors og síðan ein í lok maí og fjórar síðast á árinu.
Árn: *Herdísarvík í Selvogi*, 4.1. (Birgir Þórbjarnarson). – *Stokkseyri*, 10.12. (IG).
Borg: *Neðrihreppur í Andakíl*, 28.-30.3. (ÞS).
Eyf: *Grímsey*, um 23.3. ☆ (Gylfi Gunnarsson).
Gull: *Hafnir*, 12.1. (YK). – *Sandgerði*, þrjár 3.4. ❒ (EÓÞ, JÓH), fimm 5.4. ❒, þrjár 13.4. (RR, YK ofl).
S-Múl: *Egilsstaðir*, 31.3. (Vigfús H. Jónsson, Þórhallur Borgarsson).
Rvík: *Grafarvogur*, 27.1. (JEJ). – *Elliðavogur*, 30.1. (JÓH, Kristinn H. Skarphéðinsson, ÞÞB), sennilega sama og í Grafarvogi.
A-Skaft: *Hnappavellir í Öræfum*, 2.2. (Gísli Jónsson), 23.12. (Gísli Jónsson). – *Krossbær í Nesjum*, 22.3. (Haukur Karlsson). – *Höfn*, 21.12.-1.1.1998 (BA ofl).
V-Skaft: *Höfðabrekka í Mýrdal*, 2.1. (EÓÞ, JÓH). – *Háa-Kotey í Meðallandi*, 29.11. (Smári Sigurjónsson).
Snæf: *Hellnar*, 12.1. (Ólína Gunnlaugsdóttir).
Vestm: *Heimaey*, 27.4. (IS).
N-Þing: *Lón í Kelduhverfi*, 31.3.-12.4. (GH ofl). – *Keldunes í Kelduhverfi*, 29.-30.5. (Dagný Sturludóttir ofl).

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,30,3)
Kanada, Alaska og NA-Síbería. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu, en þangað berast einnig fuglar frá Síberíu. Fimmta árið í röð finnast rákatítur á Suðurnesjum.
Gull: *Arfadalsvík við Grindavík*, ungf 27.9. ❒ (BA, BB, GP, GÞ, HG, YK). – *Sandgerði*, 27.9. (BB). – *Njarðvík*, ungf 4.10. (EÓ, GH, GP, GÞ, Stefán Á. Ragnarsson, YK).

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,32,2)
N-Síbería. – Annað árið í röð finnst spóatíta að vorlagi. Það er þess virði að skoða lóuþrælahópana vel þegar þeir koma á vorin.
A-Skaft: *Höfn*, 17.4. (BA), 19.9. (BA, BB).

Efjutíta *Limicola falcinellus* (0,5,0)
N-Evrópa og N-Asía. – Engin efjutíta sást á Tjörnesi 1996 og var talið að fuglinn sem sést hafði þar árin á undan væri úr sögunni. Hans hefur þó greinilega ekki verið leitað nógu vel því þetta vor var fuglinn enn í fullu fjöri.
S-Þing: *Hóll á Tjörnesi*, syngjandi ♂ 18.-27.5. (GH ofl).

Dvergsnípa *Lymnocryptes minimus* (32,71,2)
N-Evrópa og Asía. – Fuglaskoðarar eru minntir á að lýsa þarf dvergsnípum. Að þessu sinni bárust Flækingsfuglanefnd tvær athuganir sem ekki voru samþykktar þar sem lýsing var engin eða ófullkomin.
Gull: *Hvalsnes á Miðnesi*, 1.11. (GÞ).
Rvík: *Lambhagi við Úlfarsá*, 27.1.-4.2. (JÓH).

Skógarsnípa *Scolopax rusticola* (108,250,27)
Evrópa og Asía. – Skógarsnípur hafa einungis einu sinni verið svona margar, en árið 1994 sáust einnig 27 fuglar.
Árn: *Selfoss*, 28.3.-8.4. (Óskar Þ. Sigurðsson ofl). – *Þrastaskógur í Grímsnesi*, 31.12. (ÖÓ).
Eyf: *Grímsey*, lok mars (Anon).
Gull: *Álftanes*, 17.5. (Haukur Jóhannesson).
N-Múl: *Fellabær*, 1.4. (HWS).
Rang: *Tumastaðir í Fljótshlíð*, 8.12. (Theodór A. Guðmundsson). – *Hlíðarendi í Fljótshlíð*, 20.12. (HÓ). – *Múlakot í Fljótshlíð*, 28.12. (HÓ), sennilega sama og á Hlíðarenda.
Rvík: *Keldur*, 20.2. (Friðrik Jónsson, HÞH).
V-Skaft: *Gjögrar við Sólheimasand*, 30.3. (Tryggvi S. Bjarnason). – *Loftsalir í Mýrdal*, 31.3. (Björk Guðjóns-

dóttir, Jón H. Jóhannsson).
A-Skaft: *Reynivellir í Suðursveit*, þrjár 29.3., 13.4. (BA ofl), 23.11., fjórar 29.11., tvær 21.12. (BA, BB). – *Höfn*, 14.4. (BA), 28.11. (BB). – *Kvísker í Öræfum*, 23.11., 9.12. (HB). – *Horn í Nesjum*, 23.11., 4.12. (BB ofl).
Skag: *Reykjarhóll í Fljótum*, fnd 31.3. ☆ (Sigurgeir Þorsteinsson ofl). – *Sauðárkrókur*, des 1996 til 11.4. (Haraldur Guðbergsson ofl).
N-Þing: *Þórshöfn*, 31.3.-5.4. (GG). – *Viðarvík í Þistilfirði*, 7.12. (GG ofl).
S-Þing: *Húsavík*, 27.3.-6.4. ❒ ☆, 27.3.-9.4. (GH). – *Búrfell á Tjörnesi*, 30.3. ☆ (Oddur Ö. Magnússon).
1996: Skag: *Sauðárkrókur*, des 1996 til 11.4. (Haraldur Guðbergsson ofl), sjá að ofan.

Lappajaðrakan *Limosa lapponica* (71,162,8)
Skandinavía, Síbería og Alaska. – Kvenfuglinn í Skerjafirði um haustið er sennilega sami fugl og var þar veturinn á undan. Fuglarnir á Innnesjum gætu verið einn og sami fuglinn.
A-Barð: *Hvallátur í Breiðafirði*, 9.5. (ÞÞB).
Gull: *Sandgerði*, 19.10.1996 til 8.2. (Björn Hjaltason, YK ofl), ungf 13.9.-11.10. (GP ofl), tveir ungf 18.10., 22.10. (YK ofl). – *Viðines á Álfsnesi*, 5.5. (AG). – *Skógtjörn á Álftanesi*, 12.9. (HG).
Rvík: *Skerjafjörður*, ungur ♀ frá 1996 til 15.4. ❒ (GP ofl), fullo ♀ 23.10.-1998 (YK ofl). – *Grafarvogur*, ♀ 23.-25.4. (AG ofl), sennilega sami fugl og í Skerjafirði.
A-Skaft: *Flói í Skarðsfirði*, ♀ 28.3.-15.4. (BÞ, EP ofl), 11.8. (BB), tveir 24.8., 3.9.-1.11. (BA ofl).

Fjöruspói *Numenius arquata* (900,1056,50)
Evrópa og Asía. – Eftir fækkun í hefðbundnu vetrarhópunum fjölgaði lítilsháttar í þeim báðum um haustið. Fjöruspóar á Melrakkasléttu ýta vissulega undir vangaveltur um að þeir verpi þar enn.
Árn: *Stokkseyri*, 6.10. (GÞ, YK). – *Herdísarvík í Selvogi*, 28.12. (Vilhjálmur Lúðvíksson).
Gull: *Miðnes*, tólf 12.1., sex 25.1.-2.2., 8.2., þrír 5.4., 3.5., 24.8., þrír 30.8.-18.9., tíu 21.9.-25.12., fjórtán 28.12. (ýmsir). – *Hafnarfjörður*, 7.2. (AG, Jón S. Ólafsson), tveir 30.11. (JÓH).
Rvík: *Skerjafjörður*, 11.4. ❒ (YK).
A-Skaft: *Skarðsfjörður*, fimm 5.1., átta 6.3., níu 9.3., tíu 20.3., ellefu 22.3., fimmtán 26.3., tólf 28.3., tíu 15.4., níu 27.4.-1.5., sex 9.5., tveir 26.5., þrír 9.6., fimm 20.6., þrír 29.6., átta 30.7., átján 31.7., ellefu 1.8., fjórtán 11.8., sextán 13.8., þrettán 24.8., tólf 27.8., tíu 29.8., níu 3.9., fimm 8.9., fimm 1.11., 13.12. (BÞ, BA, BB, EP). – *Flatey á Mýrum*, þrír 16.7. (BA).
Strand: *Hrófá í Steingrímsfirði*, 28.12. (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).
New species: No less than seven new species were recorded in 1997. This is much more than usual. The average number of new species each year since 1960 is close to three, and the average is decreasing. We have to go back to 1961 to find more new species in one year (nine). The first species was a Greenfinch *Carduelis chloris*, which was seen at a farm in NE Iceland on 22nd March. It was taken into captivity and released in spring (Gaukur Hjartarson & Yann Kolbeinsson 2000). The next species was a Collared Pratincole *Glareola pratincola*, which landed on a boat off the east coast on 7th June. The third species was an American Wood-warbler, Common Yellowthroat *Geothlypis trichas*, which was seen at Garðskagi (SW Iceland), on 26th September. This was the seventh bird to been seen in Europe. This record fell somewhat in the shadow of the next two new species, Cerulean Warbler *Dendoica cerulea*, which was found at Eyrarbakki (SW Iceland), on 1st October, and Palm Warbler *Dendroica palmarum*, which was located on 5th October in a nearby town, Stokkseyri (Gunnlaugur Þráinsson 1997). These two species were both new to the Western Palearctic. The sixth new species was a Blyth's Reed Warbler *Acrocephalus dumetorum*, which was found at the farm Hali, Suðursveit (SE Iceland), on 23rd November (Björn Arnarson og Brynjúlfur Brynjólfsson 2000). The last species was a Red Kite *Milvus milvus*, which was first seen at the farm Hörgslandskot, Síða (S Iceland) around the middle of December 1997. This birds stayed in the vicinity until late 1999, when it was exported to Scotland where it was originally hatched in the summer 1997 (Björn Arnarson 1998).

Rare vagrants: Extreme rarities on 1997 include the third records of Franklin's Gull *Larus pipixcan* and Short-toed Lark *Calandrella brachydachtyla*, the fourth Wilson's Phalarope *Phalaropus tricolor*, the fourth and fifth White-winged Black Tern *Chlidonias leucopterus* and the fifth Black Brant *Branta bernicla nigricans*. Very rare species include Citrine Wagtail *Motacilla citreola* (the sixth record), Spotted Sandpiper *Tringa erythropus* and Red-backed Shrike *Lanius collurio* (the seventh record of each species), two Mandarin Ducks *Aix galericulata* (seventh to eighth records), Steller's Eider *Polysticta stelleri* (eighth record), Bonaparte's Gull *Larus philadelphia* and Reed Warbler *Acrocephalus scirpaceus* (the tenth record of each species). Other rare species include Peregrine Falcon *Falco peregrinus*, American Golden Plover *Pluvialis dominica*, Greenshank *Tringa nebularia*, Red-breasted Flycatcher *Ficedula parva* and no less than five Red-eyed

Vireos *Vireo olivaceus* (13th to 17th records). The fifth record of Sandwich Tern *Sterna sandvicensis* from 1996 is also included in this report.

Explanations: The three numbers in parentheses after the name of each species indicate respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-1996 and (3) in 1997. In a very few cases, the number of birds have not yet been compiled and is then indicated by a hyphen (-) and for some very common vagrants or winter visitors no figures are given.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated and in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months are in words if exact date is unknown, and are then abbreviated), (6) observers (in parentheses, some abbreviated).

The following abbreviations are used: ♂ = male, ♀ = female, *par* = pair, *fullo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *jd* = found dead, *fnd* = found newly dead, *fld* = found long dead, ❒ = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársgamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second summer. Number of birds is given in words, if less or equal to 20 individuals (1 = *einn, ein* or *eitt*; 2 = *tveir, tvær* or *tvö*; 3 = *þrír, þrjár* or *þrjú*; 4 = *fjórir, fjórar* or *fjögur*; 5 = *fimm*; 6 = *sex*; 7 = *sjö*; 8 = *átta*; 9 = *níu*; 10 = *tíu*; 11 = *ellefu*; 12 = *tólf*, 13 = *þrettán*; 14 = *fjórtán*; 15 = *fimmtán*; 16 = *sextán*; 17 = *sautján*; 18 = *átján*; 19 = *nítján*; 20 = *tuttugu*).

Gunnlaugur Þráinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík.
Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík.

Björn Arnarson og
Brynjúlfur Brynjólfsson

Elrisöngvari í Suðursveit

Annað slagið sjást fuglategundir sem ekki hafa fundist hér áður. Líklegast er að sjá nýja evrópska fugla á SA-landi, enda fannst þar einn slíkur, elrisöngvari, í Suðursveit í nóvember 1997.

Eftir allsnarpa suðaustanátt seint í nóvember 1997 fóru undirritaðir í fuglaskoðun frá Höfn og vestur á Reynivelli í Suðursveit. Þetta var 23. nóvember. Fyrsta stopp var við Halabæina. Eftir stutta skoðun við útihús við Hala urðum við varir við frekar stóran söngvara sem okkur datt fyrst í hug að væri garðsöngvari *Sylvia borin*, en mjög fljótlega sáum við að þetta var tegund sem við þekktum ekki með vissu. Fuglinn var eltur um svæðið og í hvert skipti sem við sáum hann urðum við sannfærðari um að hér væri um mjög merkilegan fugl að ræða. Datt okkur í hug að þetta væri fölsöngvari *Hippolais pallida*, en þó vorum við frekar á því að fuglinn væri *Acrocephalus* söngvari. Eftir nokkuð langan eltingarleik og nokkrar aðrar flækingsfuglategundir ákváðum við að hvíla fuglinn aðeins og skruppum að Reynivöllum til að athuga hvað fyndist þar. Á Reynivöllum var mikið líf og nokkrar tegundir flækingsfugla og bar þar mest á 20 svartþröstum. Haldið var til baka að Hala og fuglinn fannst fljótlega aftur. Vorum við komnir á þá skoðun að miklar líkur væru á því að hér væri um nýja tegund að ræða fyrir landið og tókum því þá ákvörðun að safna fuglinum. Á heimleiðinni var stoppað á nokkrum völdum bæjum og fundust nokkrir fuglar til viðbótar. Þeirra merkastur var peðgrípur *Ficedula parva* við Kálfafellsstað í Suðursveit.

Fuglinn frá Hala var síðan greindur til tegundar og reyndist vera elrisöngvari *Acrocephalus dumetorum*. Var þá grunur okkar staðfestur að hér væri komin ný tegund fyrir landið. Fuglinn er nú geymdur á Náttúrufræðistofnun Íslands [RM 11357] og þegar hann var krufinn reyndist hann vera kvenfugl.

Elrisöngvari verpur frá Finnlandi og Eystrasaltslöndunum í vestri austur um Rússland og vesturhluta Síberíu. Hann er fremur algengur í heimkynnum sínum og hefur verið að breiðast út í norðvestur á undanförnum áratugum. Hann hefur m.a. orpið í Svíþjóð. Aðalkjörlendi elrisöngvara eru rakir laufskógar, en hann finnst þó einnig í görðum, runnum á þurrlendi og í barrskógum. Vetrarstöðvarnar eru í S-Asíu (á Indversku lágsléttunni).

Elrisöngvari er flækingur í V-Evrópu og hefur sést í flestöllum löndum. Hann hafði sést 36 sinnum á Bretlandseyjum til og með 1996, þar af sjö fuglar árið 1996, sem er með því mesta á einu ári (Rogers o.fl. 1997). Einungis einn fugl sást þar 1997, seint í október (Rogers o.fl. 1999). Flestir fuglarnir hafa sést á Bretlandseyjum frá síðari hluta ágúst til loka október, en fáeinir einnig að vorlagi (Cottridge & Vinicombe 1996). Elrisöngvari hefur ekki sést í Færeyjum. Hann hefur 24 sinnum sést í Noregi (til og með 1996). Af þeim sáust einn í maí, fjórtán í júní, þrír í júlí, fjórir í september og tveir í október, sá síðasti 10. október (B.O. Høyland *bréfl.*). Það vekur athygli að fuglinn hér var afar seint á ferð miðað við fugla á Bretlandseyjum og í Noregi.

Elrisöngvari telst til svokallaðra *Acrocephalus* söngvara. Skyldastir honum eru sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus*, seljusöngvari *A. palustris* og dvalsöngvari *A. agricola*. Þessar tegundir eru afar líkar, allar nánast jafnstórar (12-15 cm að lengd) og órákóttar á baki. Nokkrar aðrar órákóttar og heldur stærri *Acrocephalus* tegundir fyrirfinnast einnig í Evrópu og V-Asíu (16-20

cm: s.s. reyrsöngvari *A. arundinaceus* og döggsöngvari *A. aedon*), ásamt tveimur órákóttum *Locustella* tegundum (straumsöngvara *L. fluviatilis* og flóðsöngvara *L. luscinoides*). Sefsöngvari hefur sést hér 10 sinnum og seljusöngvari 8 sinnum (til og með 1997), svo vert er að hafa báðar þessar tegundir í huga þegar menn telja sig hafa séð elrisöngvara. Einnig þarf að muna eftir dvalsöngvara, en hann er einnig flækingur í NV-Evrópu. Af þeirri tegund hafa sést 45 fuglar á Bretlandseyjum til og með 1997 (Rogers o.fl. 1998), einn í Færeyjum 13. október 1988 (Sørensen & Jensen 1991) og sjö í Noregi til og með 1997 (B.O. Høyland *bréfl.*). Fölsöngvarar eru einnig mjög líkir elrisöngvurum, en eru heldur grárri að ofan og með þverstýft stél. Þótt elrisöngvarinn hér hafi verið seint á ferð, er það þó ekki einsdæmi meðal *Acrocephalus* flækinga í V-Evrópu, því að fyrsti dvalsöngvarinn á Írlandi sást í byrjun desember 1984 (Rogers o.fl. 1987).

Elrisöngvari er mjög líkur sefsöngvara og seljusöngvara og afar erfitt er að greina þá sundur úti í náttúrunni. Elrisöngvari er heldur grárri á bakinu en hinir og er sami litur á baki, vængjum og gumpi og vantar ryðlita blæinn sem einkennir marga sefsöngvara. Hann hefur styttri vængi en seljusöngvari og sjást aðeins sex handflugfjaðrir. Kviður er hvítleitur með grábrúnum lit (fremur en gulbrúnum) á bringuhliðum, síðum og undirstélþökum. Enni virkar flatara en á seljusöngvara og brúnarák (sem aðeins er framan við augu á þessum tegundum) er fremur ljósleit og áberandi. Ungfuglar eru oft rauðleitari en þeir fullorðnu. Goggur er heldur lengri en á hinum tegundunum. Sjá nánar grein eftir Harvey & Porter (1984) varðandi greiningu elrisöngvara úti í náttúrunni, svo og bækur eftir Alström o.fl. (1991) og Baker (1997).

Ef menn hafa elrisöngvara í höndunum, t.d. eftir að hafa veitt hann í net, má auðveldlega greina hann frá sef- og seljusöngvara á skerðingum (*emargination*) í handflugfjöðrum og fleiri vængeinkennum. Einungis þriðja handflugfjöður er skert á þessum tveimur (reyndar stundum sú fjórða á sefsöngvara og jafnvel sú fimmta á undirtegundinni *fusca*), en þriðja og fjórða (og stundum sú fimmta) á elrisöngvara, en á dvalsöngvara eru þriðja til fimmta skertar (sú fimmta þó óverulega á ungfuglum). Elrisöngvari hefur einnig mun "rúnnaðri" vængi en hinar tegundirnar tvær, en þó ekki alveg eins mikið og dvalsöngvari. Skerðingar, lengd sneiðinga (*notch*), lengdarhlutfall handflugfjaðra og neflengd nægir í langflestum tilvikum til að skera út um tegundina (sjá Svenson 1992).

Við viljum þakka Gunnlaugi Pétursyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar, og Bjørn Ove Høyland fyrir upplýsingar um elrisöngvara og dvalsöngvara í Noregi.

HEIMILDIR

Alström, P., I. Lewington & P. Colston 1991. A Field Guide to the Rare Birds of Britain and Europe. – HarperCollins*Publishers*, London.

Baker, K. 1997. Warblers of Europe, Asia and North Africa. – Christopher Helm, London.

Cottridge, D.M. & K. Vinicombe 1996. Rare Birds in Britain and Ireland. A photographic record. – HarperCollins Publishers, London.

Harvey W.G. & R.F. Porter 1984. Field identification of Blyth's Reed Warbler. – British Birds 77: 393-411.

Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1987; 1997; 1998; 1999. Report on rare birds in Great Britain in 1986; 1996; 1997; 1998. – Brit. Birds 80: 516-571; 90: 453-522; 91: 455-517; 92: 554-609.

Svenson, L. 1992. Identification Guide to European Passerines. – Stockholm.

Sørensen, S. & J.-K. Jensen 1991. Sjældne fugle på Færøerne i 1988 og 1989. – Dansk Orn. Foren. Tidsskr. 85: 35-40.

SUMMARY

Blyth's Reed Warbler *Acrocephalus dumetorum*: new to Iceland

The first Blyth's Reed Warbler in Iceland was found at the farm Hali in Suðursveit community in SE Iceland, on 23 November 1997. The bird was collected and is now preserved as a skin at the Icelandic Institute of Natural History in Reykjavík, catalogue number RM 11357. It was sexed as a female by dissection.

We would like to thank Bjørn Ove Høyland for information on records of Blyth's Reed Warbler and Paddyfield Warbler *Acrocephalus agricola* in Norway.

Björn Arnarson, Júllatúni 5, 780 Höfn.
Brynjúlfur Brynjólfsson, Sandbakka 13, 780 Höfn.

Kristján Lilliendahl,
Jón Sólmundsson og
Guðmundur A. Guðmundsson

Ferðir ískjóa og fjallkjóa við Ísland að vorlagi

Flugstefnur farfugla geta gefið vísbendingar um hvaðan þeir koma og hvert þeir ætla. Vetrarútbreiðsla og farleiðir kjóategunda eru lítt þekktar. Flugstefnur ískjóa og fjallkjóa við Ísland að vorlagi eru norðaustlægar og benda til áfangastaða í N Skandinavíu og stranda N Rússlands. Hugsanlegt er að fuglarnir sem fari hér um séu að koma af vetrarstöðvum á vestanverðu Atlantshafi.

Inngangur

Fjórar tegundir fugla af kjóaætt (Stercorariidae) sjást reglulega við Ísland. Kjói *Stercorarius parasiticus* og skúmur *Catharacta skua* eru algengir varpfuglar hér. Ískjói *S. pomarinus* (1. mynd) og fjallkjói *S. longicaudus* (2. mynd) verpa ekki á Íslandi en virðast reglulegir fargestir við landið vor og haust. Þessar tvær tegundir eiga það sameiginlegt að vera varpfuglar á heimskautasvæðum umhverfis Norðurpólinn. Ískjói verpur samfellt frá Kanada vestur um Síberíu að Hvítahafi á norðvesturströnd Rússlands. Fjallkjói hefur svipaða útbreiðslu og ískjói en verpur auk þess á Grænlandi og á Svalbarða. Á fartíma og á veturna halda kjóar sig fyrst og fremst á hafi úti (Cramp & Simmons 1983, Furness 1987, Olsen & Larsson 1997).

Undanfarna tvo áratugi hefur skráðum athugunum á ískjóa og fjallkjóa hér við land fjölgað verulega (Gunnlaugur Pétursson 1993). Ástæðan virðist fremur vera sú að athuganir af skipum hafa aukist á tímabilinu en að umræddum tegundum hafi fjölgað við Ísland. Báðar tegundirnar eru algengastar við landið annars vegar að vorlagi í maí og júní, og hins vegar að haustlagi á tímabilinu ágúst til október (Gunnlaugur Pétursson 1993). Tímasetningum athugana hér við land ber vel saman við fyrirliggjandi upplýsingar um fartíma þessara tegunda (Cramp & Simmons 1983, Furness 1987).

Fram að þessu hefur lítið verið fjallað um hvaðan farkjóar, þ.e. ískjói og fjallkjói, á Íslandi koma eða hver líklegur áfangastaður þeirra kunni að vera. Markmið þessarar greinar er að tengja ferðir kjóanna hér á landi við tiltækar upplýsingar um varp- og vetrarútbreiðslu þeirra. Í þeim tilgangi eru hér birt gögn um flugstefnur ískjóa og fjallkjóa við landið að vorlagi. Fyrst er þó gerð grein fyrir helstu atriðum í útliti sem aðgreina þessar tegundir.

Ákvörðun tegunda

Við greiningar á fullorðnum fuglum af kjóaætt ber einkum að hafa fjögur atriði í huga, lit, stélfjaðrir, stærð og fluglag.

Skúmur er að mestu einlitur. Hann er oftast dökkbrúnn á búkinn en flugfjaðrir eru svartar eða sótsvartar yst. Á flugi er ljós blettur á miðjum utanverðum væng mjög áberandi sem greinir skúm frá kjóum á löngu færi. Um aðrar tegundir skúma sem gætu sést við Ísland vísast til greinar Gunnlaugs Péturssonar (1996).

Hjá ískjóa og kjóa eru tvö litarafbrigði algengust. Annars vegar eru fuglarnir einlitir dökkbrúnir en hins vegar eru fuglar sem eru með dökkbrúnt bak, vængi og koll en að mestu ljósir á kvið og hálsi og eru fuglarnir þá kallaðir skjóttir. Skjóttir ískjóar eru miklu algengari en aldökka afbrigðið. Nánast allir fjallkjóar eru skjóttir og því ljósir á kvið en dökki litur þeirra sýnist oftast grár og til muna ljósari en hinna kjóanna tveggja.

Stél skúms er snubbótt og án sérkenna. Hjá kjóategundunum þremur er áberandi á

1. mynd. Ískjói *Stercorarius pomarinus*. – Guðm. A. Guðmundsson.

2. mynd. Fjallkjói *Stercorarius longicaudus*.– Kristján Lilliendahl.

fullorðnum fuglum að tvær fjaðrir í miðju stélinu eru lengri en hinar. Á kjóa getur lengd miðfjaðra stélsins verið nálægt tvöfalt lengri en annarra fjaðra í stélinu. Ískjói hefur enn lengri stélfjaðrir en kjóinn og auk þess eru þær snúnar og breiðastar aftast. Frá hlið líkist þetta því að fuglinn dragi á eftir sér matskeiðar. Fjallkjóinn er með lengstu miðfjaðrir í stéli af kjóategundunum, en fjaðrirnar eru ósnúnar og mjókka aftur. Lengd stélsins er svipuð lengd búksins þannig að stélið er nær helmingur af lengd fuglsins.

Skúmur er stærstur þessara tegunda en síðan koma ískjói, kjói og minnstur er fjallkjói. Þessi stærðarmunur er eitt þeirra einkenna sem nýta má við greiningu þar sem mismunandi þyngd tegundanna endurspeglast í fluglaginu. Skúmur virkar því þunglamalegri en hinar tegundirnar sem stafar af því að vængjatök eru hægari. Vængjatök ískjóa eru heldur tíðari en skúms, enn meiri léttleiki er yfir flugi kjóa og léttastur er fjallkjóinn með fluglag sem minnir á ritu *Rissa tridactyla*.

Af þessum einkennum er greining samkvæmt löngu stélfjöðrunum öruggust. Því viljum við vekja athygli á því að ungir kjóar hafa þær ekki af fullri lengd og einnig að á haustin vantar stundum löngu stélfjaðrirnar á fullorðna fugla vegna fjaðrafellis (Olsen & Larsson 1997). Greiningar á ungum kjóum til tegunda eru til muna vandasamari og verður ekki fjallað frekar um það hér, en áhugasömum vísað til greinar Gunnlaugs Pétursonar (1993) og bókar Olsen & Larsson (1997).

Aðferðir

Gögnum þeim sem hér er fjallað um má skipta í tvennt. Annars vegar var upplýsingum safnað á sjó í rannsóknaleiðangri á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar dagana 1. og 2. júní 1995. Hins vegar voru könnuð frumgögn í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um athuganir á ferðum og flugstefnum farkjóa við landið að vorlagi. Könnuð voru gögn frá mánuðunum apríl, maí og júní, frá fyrstu skráðum heimildum til ársloka 1996 (sjá einnig Gunnlaugur Pétursson 1993, Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999).

Á sjó var gagna aflað af R/S Dröfn. Auk áhafnar voru um borð þrír leiðangursmenn og var fuglaathugunum sinnt allan sólarhringinn. Eitt meginmarkmið leiðangursins var að finna fæðusvæði stuttnefju *Uria lomvia* norðan Íslands en fyrir liggja upplýsingar um talsverðan þéttleika þeirrar tegundar við ísjaðarinn (Joiris 1992) sem á þessum árstíma liggur vanalega frá suðvestri til norðausturs fyrir vestan og norðan landið (Unnsteinn Stefánsson 1961). Veðurspá var hagstæð fyrir norðurmið þann 1. júní og því var ákveðið að sigla í norðaustur frá Vestfjarðamiðum í leit að stuttnefju. Í fyrstu var siglt í þoku og sást af þeim sökum lítið til fugla. Upp úr hádegi, 32 sjómílur

1. tafla. Flugstefnur og fjöldi ískjóa sem sáust á hafsvæði norður af Íslandi í byrjun júní 1995. Tvær athuganir eru utan íslenskrar lögsögu. – *Flight directions and number of Pomarine Skuas seen on migration at sea North of Iceland in early June 1995. Colour morphs and age are indicated in the table in following way: ljós = light, dökkur = dark, fullo. = adult, uf. = subad..*

Dags *Date*	tími *hour*	N-breidd *lat.N*	V-lengd *long.W*	fjöldi *number*	stefna *direction*	litur *morph*	aldur *age*
1.6.1995	21:14	67°36'	21°17'	1	50°	ljós	fullo.
1.6.1995	21:30	67°39'	21°08'	1	55°	ljós	fullo.
1.6.1995	23:20	67°49'	20°39'	4	50°	ljós	fullo.
2.6.1995	00:30	67°56'	20°19'	7	50°	ljós	6 fullo.,1 uf.
2.6.1995	01:05	68°00'	20°09'	9	50°	ljós	8 fullo.,1 uf.
2.6.1995	02:20	68°09'	19°47'	8	50°	ljós	fullo.
2.6.1995	07:05	68°41'	18°31'	1	155°	ljós	fullo.
2.6.1995	08:25	68°51'	18°07'	1	50°	dökkur	fullo.
2.6.1995	11:00	69°04'	18°24'	1	60°	ljós	fullo.
2.6.1995	11:30	69°03'	18°36'	2	45°	ljós/dökkur	fullo.
2.6.1995	21:00	67°59'	20°28'	1	40°	ljós	fullo.

norðvestur af Hælavíkurbjargi var komið út úr þokunni í logn og heiðskíran himinn. Fyrstu kjóar sáust þó ekki fyrr en um kvöldið, eftir kl. 21:00. Fuglarnir voru greindir til tegunda með sjónaukum með 10 sinnum stækkun jafnframt sem skráður var tími dags, staðsetning og flugstefna fuglanna. Flugstefna var ákveðin út frá stefnu skipsins og með samanburði við áttavita þess.

Í eldri upplýsingum um farkjóa á Íslandi var leitað eftir athugunum þar sem flugstefnu var getið. Að okkar athugunum slepptum fundust 76 heimildir um ískjóa. Einungis í 26 athugunum (34%) á ískjóa hafði flugstefna verið ákvörðuð. Í 48 heimildum um fjallkjóa fylgdi flugstefna í 13 tilfellum (27%). Niðurstöðurnar notum við til að ákvarða helstu flugleiðir fuglanna við landið að vori, með þeim fyrirvara að ekki er gefið að allar flugstefnur kjóa sýni stefnu á fari.

Niðurstöður

Í leiðangrinum fyrir norðan land voru alls 36 ískjóar og 11 fjallkjóar greindir örugglega til tegunda þar sem flugstefna var skráð samhliða. Auk þeirra fugla sem taldir eru hér á eftir sást talsverður fjöldi af kjóum sem héldu svipaðri stefnu en voru taldir vera of langt í burtu til öruggrar tegundagreiningar. Flugstefna ískjóanna var að meðaltali 50° ± 5 SD, n = 10, þannig að fuglarnir komu úr suðvestri og stefndu norðaustur. Í þessum útreikningi er einum fugli sleppt sem sást fyrst koma fljúgandi að skipinu (1. tafla, nr. 7). Meðalfjöldi í hóp ískjóa var 3,5 fugl (1-9 fuglar). Af 36 ískjóum voru einungis tveir (6%) af dökka litarafbrigðinu og sami fjöldi var greindur sem ungfuglar (6%) vegna styttra stéls (1. tafla). Stefna fjallkjóa var svipuð eða að meðaltali 60° ± 14 SD, n = 6. Meðalfjöldi í hóp fjallkjóa var 1,8 fugl (1-4 fuglar) og voru allir með fullvaxið stél og því taldir vera fullorðnir (2. tafla). Enginn munur fannst á stefnum fjallkjóa og ískjóa með tölfræðilegri prófun ($F = 3{,}50$, $P > 0{,}05$; Mardia 1972).

Með þeim gögnum sem við öfluðum á sjó fyrir norðan land eru nú handbærar 35 athuganir að vorlagi á ískjóa innan íslenskrar lögsögu þar sem flugstefnu er getið. Þessar athuganir skiptast þannig að 14 eru af sjó, 16 frá ströndu og 5 inn til landsins. Flestir ískjóar koma líklega að landinu úr suðri eða suðvestri og virðast hafa tilhneigingu til að fylgja strönd landsins. Gróflega má skipta farleið kjóanna um Reykjanes. Hluti ískjóanna fer austur með

2. tafla. Flugstefnur og fjöldi fjallkjóa sem sáust á hafsvæði norður af Íslandi í byrjun júní 1995. Fjórar athuganir eru utan íslenskrar lögsögu. – *Flight directions and number of Long-tailed Skuas seen on migration at sea North of Iceland in early June 1995. For explanations of colour morphs and age see text to Table 1.*

Dags *Date*	tími *hour*	N-breidd *lat.N*	V-lengd *long.W*	fjöldi *number*	stefna *direction*	litur *morph*	aldur *age*
2.6.1995	00:30	67°56'	20°19'	1	50°	ljós	fullo.
2.6.1995	03:36	68°17'	19°26'	4	67°	ljós	fullo.
2.6.1995	09:13	68°58'	18°02'	2	50°	ljós	fullo.
2.6.1995	10:10	69°06'	18°04'	2	40°	ljós	fullo.
2.6.1995	10:20	69°06'	18°08'	1	80°	ljós	fullo.
2.6.1995	12:00	69°02'	18°51'	1	70°	ljós	fullo.

suðurströndinni en aðrir norður með vesturströndinni. Við Stokkseyri og á Suðausturlandi hafa sést kjóar á austlægri stefnu. Athuganir við Garðskaga sýna flug ískjóa inn Faxaflóa og við Malarrif hefur sést flug út úr flóanum. Svipað gæti átt sér stað á Breiðafirði þar sem athuganir sýna flug fugla út fjörðinn og í norður við Látrabjarg (3. mynd, a).

Þá er ljóst að hluti ískjóanna styttir sér leið yfir landið. Einkum virðist þetta áberandi í Flóa og á Mýrum. Ennfremur bendir austlæg stefna á kjóum í Hvammsfirði til þess að úr Breiðafirði stytti fuglar sér leið yfir á Húnaflóa.

Að meðtöldum okkar gögnum innan íslenskrar lögsögu eru tiltækar 15 athuganir að vorlagi á fjallkjóa þar sem stefnu er getið. Þeim má skipta þannig að 3 eru af sjó, 5 frá ströndu og 7 inn til landsins. Erfiðara er að ráða í farleiðir fjallkjóa við landið en ískjóa því athuganir eru færri. Hluti fuglanna fylgir þó ströndinni á sama hátt og ískjóar, en til þess benda athuganir frá Garðskaga, Malarrifi, Tjörnesi og Suðausturlandi. Í þessum gögnum er einnig að finna vísbendingar um að fjallkjói stytti sér leið yfir landið. Fjallkjói hefur sést á Laxárdalsheiði, á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Einnig hafa sést fuglar fljúga í norður í Ölfusi og á Héraði í stefnu norðaustur. Þá vekja athygli tvær athuganir þar sem stefna kjóanna er önnur en búast mætti við. Tíu fuglar sáust á suðlægri stefnu í Flóanum og einn kjói flaug í vestur á Skjálfanda (3. mynd, b).

Umræða

Eldri athuganir benda til þess að flestir ískjóar sem koma upp að landinu fylgi ströndinni ýmist norður vesturströndina eða austur suðurströndina. Ástæða þess er mögulega sú að tækifæri til fæðuöflunar kunna að vera meiri við ströndina en inn til landsins. Hlutfallslega fáir ískjóar virðast velja þann kostinn að stytta sér leið yfir landið. Öðru máli virðist gegna um fjallkjóa en um helmingur athugana þar sem stefna fylgir eru innan úr landi. Þetta er í góðu samræmi við öll handbær gögn um farkjóa á Íslandi þar sem talsvert fleiri fjallkjóar en ískjóar hafa sést inn til landsins (Gunnlaugur Pétursson 1993). Erlendar heimildir telja aftur á móti fjallkjóa meiri úthafsfugl en ískjóa (Furness 1987, Olsen & Larsson 1997).

Niðurstöðum okkar á meðalfjölda fugla í hóp á sjó ber vel saman við eldri íslenskar upplýsingar. Hvað ískjóana varðar er 3,5 fugl að meðaltali í hóp, sama tala og áður hefur fengist hér við land (Gunnlaugur Pétursson 1993). Yfirleitt eru því fuglarnir fáir saman. Í einstaka tilfellum eru þó hópar mjög stórir eins og síðar verður rakið. Hlutfall dökkra ískjóa fyrir norðan land (6%) er ennfremur í góðu samræmi við aðrar athuganir þar sem hlutfall dökka afbrigðisins er á bilinu 5-20% (Kjellén



3. mynd. Meginstefnur í ferðum ískjóa (a) og fjallkjóa (b) við Ísland að vorlagi byggðar á eldri athugunum eru sýndar með grænum örvum. Rauðu örvarnar sýna meðalflugstefnu ís- og fjallkjóa á hafsvæði norður af Íslandi í júní 1995. Á stóra kortinu (c) eru þessar meðalstefnu framlengdar til og frá hugsanlegum varp- og vetrarstöðvum sem fastar landfræðilegar stefnur (beinar línur) og stórbaugar (bogalínur). Kortið sýnir einnig þekktar meginfarleiðir tegundanna um Atlantshaf. Lega hafíss milli Íslands og Grænlands í júníbyrjun 1995 er sýnd á kortum a og b. Öll kortin eru Mercator varpanir. – *Main flight directions of migratory Pomarine (a) and Long-tailed Skuas (b) around Iceland in spring based on older observations are indicated by green arrows. The red arrows show the average flight directions of Pomarine and Long-tailed Skuas at sea in June 1995. On the large map (c) the average directions are extrapolated to and from possible breeding- and wintering quarters, both as loxodromes (straight lines) and orthodromes (great circles; curved lines). The main known migratory paths of skuas in the N-Atlantic are shown. The position of the ice-edge between Iceland and Greenland in early June 1995 is shown on maps a and b. All maps are Mercator projections.*

1997, Olsen & Larsson 1997). Þá sáum við 1,8 fjallkjóa að meðaltali i hóp sem er góðu samræmi við þá 1,7 fugla sem fyrri athuganir hafa bent til (Gunnlaugur Pétursson 1993).

Yfirleitt hafa þeir kjóar sem við höfum séð bæði á sjó og landi flogið rólega og stefnufast. Aðeins i einu tilviki úti á sjó kom ískjói að skipinu og breytti flugstefnu sinni. Kjóar virðast vera stefnufastir í fari sinu og um 90% þeirra láta nærveru skipa ekki hafa áhrif á sig (Cramp & Simmons 1983). Þegar við sáum fuglana virtust þeir ekki vera i ætisleit en fæða var líklega af skornum skammti. Á sjónum fyrir norðan land var afar lítið fuglalíf samtímis því sem kjóarnir flugu hjá. Algengasti fuglinn var haftyrðill *Alle alle* sem ef til vill hentar kjóunum hvorki sem fæða né til þess að ræna frá fæðu.

Hugsanleg skýring á ferðum kjóanna fyrir norðan land er sú að erindi þeirra hafi verið það sama og rannsóknaskipsins, að finna ísjaðarinn og fylgja honum síðan norðaustur á bóginn. Þéttleiki sjávardýra virðist yfirleitt meira við ísjaðarinn en í ísnum eða opnu hafi sem veldur auknu fæðuframboði til dæmis fyrir fugla. Athuganir norður af landinu benda til þess að þéttleiki svartfugla (Alcidae), fyls *Fulmarus glacialis*, ísmáfs *Pagophila eburnea* og ritu sé mestur við ísjaðarinn (Joiris 1992). Þar gætu kjóarnir rænt fyl, ritu og ísmáf fæðu eða sjálfir aflað sér loðnu *Mallotus villosus* sem er áberandi í fæðu sjófugla við ísröndina norðvestur og norður af landinu (Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson 1997).

Óbreytt flugstefna kjóanna fyrir norðan land mundi leiða þá flesta til Svalbarða. Athygli vekur að flugstefnum fjallkjóa mætti einnig skipta í tvennt. Þrír hópar stefndu 40-50 gráður sem bendir til Svalbarða en hinir 3 hóparnir stefndu 67-80 gráður sem bendir til áfangastaðar enn austar (2. tafla). Því mætti álykta að þeir fjallkjóar sem við sáum hafi verið á leið á varpstaði sína þar. Ískjóar verpa líklega ekki á Svalbarða (Olsen & Larsson 1997) og því er mun erfiðara að ráða í ferðir þeirra fyrir norðan land. Næsti varpstaður ískjóa sem getur komið til greina er við Hvítahaf á norðvesturströnd Rússlands. Hafi kjóarnir sem sáust úti fyrir Norðurlandi verið á stefnu á varpstaði sína eftir stórbaugi þá liggur leið þeirra allra til N-Skandinavíu og Síberíu. Flugstefnurnar veita því ekki einhlítt svar við vangaveltum um líklega áfangastaði farkjóa á Íslandsmiðum.

Vetrarstöðvar ískjóa i Atlantshafi eru annars vegar taldar vera við vesturströnd Afríku norðan miðbaugs og hins vegar við austurströnd Ameríku í Karíbahafinu (þaðan er raunar stutt yfir til vetrarstöðva i Kyrrahafi). Vetrarútbreiðsla fjallkjóa í Atlantshafi er syðst við vesturströnd Afríku og austurströnd S-Ameríku. Að því gefnu að stefna kjóanna djúpt norður af landinu veiti upplýsingar um vetrarstöðvar þeirra koma þeir frá ströndum Ameríku. Óbreytt flugstefna bendir suður fyrir Grænland til Nýfundnalands, en upphaf stórbaugs má rekja til Karíbahafs (3. mynd, c). Líklega verpa þó flestir kjóar sem hafa vetursetu vestanhafs á vesturströnd Grænlands eða á eyjum í norður Kanada (Furness 1987, Olsen & Larsson 1997). Ef kjóar hér við land koma af vetrarstöðvum vestanhafs þá er um að ræða farleið sem menn hafa lítið velt fyrir sér áður.

Meginfarleið þeirra kjóa sem hafa vetursetu við vesturströnd Afríku er aftur á móti talin liggja vestan Bretlandseyja og Noregs. Varpstöðvar þeirra eru líklega nyrstu héruð Skandinavíu og Rússlands. Því má búast við að fjöldi farkjóa á íslensku hafsvæði á fartíma sé mestur suðaustur af landinu (Cramp & Simmons 1983, Furness 1987, Olsen & Larsson 1997). Nýlegir atburðir veita þessum vangaveltum nokkurn stuðning. Eftir allhvassa suðaustan átt og þoku í byrjun maí 1999 sást mikill fjöldi ískjóa við suðurströndina. Fuglarnir skiptu þúsundum og voru nokkur hundruð fugla í sumum hópum. Í samræmi við fyrri athuganir héldu flestir fuglarnir áfram för sinni austur með ströndinni en hluti fuglanna sást þó hverfa á norðaustlægri stefnu upp með Ölfusá (Örn Óskarsson, munnl. uppl.).

Sambærilegur fjöldi ískjóa að vorlagi er sjaldséður. Þó hafa sést yfir þúsund fuglar á dag að vorlagi á Hjaltlandi, í Barentshafi og á strönd Murmansk (sjá Olsen & Larsson 1997). Kjóarnir fyrir norðan land gætu því einnig verið komnir frá hafsvæðum vestan Afríku, en til þess þyrftu þeir að stefna í hánorður í byrjun en síðan snúa á austlæga stefnu í nágrenni landsins.

Hvort farkjóar við landið koma af austan- eða vestanverðu Atlantshafi verður ekki svarað með þeim litlu upplýsingum sem eru handbærar. Frekari athuganir af sjó suður og vestur af landinu þarf augljóslega til þess. Því viljum við hvetja þá sem kunna að rekast á farkjóa að skrá flugstefnu þeirra, einkum ef flug þeirra virðist stefnufast.

ÞAKKIR

Valur Bogason og áhöfnin á R/S Dröfn aðstoðuðu við öflun gagna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Ennfremur viljum við þakka Arnþóri Garðarssyni og Gunnlaugi Pétursyni fyrir yfirlestur greinarinnar.

HEIMILDIR

Cramp, S. & Simmons, K.E.L. (ritstj.) 1983. The birds of the Western Palearctic. Vol. 3. – Oxford University Press.

Furness, R.W. 1987. The Skuas. – T & A D Poyser, Calton, England.

Gunnlaugur Pétursson 1993. Flækingsfuglar á Íslandi: Kjóar. – Náttúrufræðingurinn 63: 253-273.

Gunnlaugur Pétursson 1996. Þrjár nýjar fuglategundir. – Bliki 17: 68-69.

Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. – Fjölrit Náttúrfræðistofnunar 37.

Joiris, C.R. 1992. Summer distribution and ecological role of seabirds and marine mammals in the Norwegian and Greenland seas (June 1988). – Journal of Marine Systems 3:73-89.

Kjellén, N. 1997. Skuas on the Eurasian tundra; relative occurrence of species, ages and colour phases. - Ibis. 139: 282-288.

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997. Sumarfæða sex tegunda sjófugla við Ísland. – Fjölrit Hafrannsóknastofnunar 57: 245-255.

Mardia, K.V. 1972. Statistics of directional data. – Academic Press, London.

Olsen, K.M. & Larsson, H. 1997. Skuas and Jaegers. A guide to the Skuas and Jaegers of the world. – Pica Press, Sussex, England.

Unnsteinn Stefánsson 1961. Hafið. – Almenna bókafélagið, Reykjavík.

SUMMARY

Spring migration passage of Pomarine and Long-tailed Skuas in Iceland.

In the last two decades observations of Pomarine (*Stercorarius pomarinus*) and Long-tailed Skuas (*S. longicaudus*) have increased in Iceland. The reason seems to be an increase in number of observations at sea, rather than the birds becoming more common. In this paper we analyse flight directions of these species around Iceland in spring. The data are from two sources: (1) our own observation at sea north of Iceland in the spring of 1995 (Table 1, Table 2), and (2) records kept at the Icelandic Institute of Natural History, in particular those where flight directions are included. At sea, ten flocks of Pomarine Skuas flew in a north-easterly direction 50° ± 5 SD. Observations made from land suggest that Pomarine Skuas approaching Iceland in spring, presumably from the south or south-west, to a large extent follow the shore on passage. Birds have been seen flying in a easterly direction along the south coast and in a northerly direction along the west coast of Iceland. A relatively small proportion of the Pomarine Skuas seem to take inland routes across the country. The pattern for the Long-tailed Skuas is similar. At sea, six flocks headed 60° ± 14 SD, not significantly different from the observed direction of Pomarine Skuas (Mardia's test for equal direction, $F = 3.5$, $p > 0.05$). Some of the birds seem to follow the coasts as the Pomarine Skuas do. However, proportionally more Long-tailed Skuas are seen on passage at inland sites as compared to Pomarine Skuas. This stands in contrast with the common view that Long-tailed Skuas tend to be more pelagic than Pomarine Skuas.

Given that flight directions of the skuas provide information on their destination, they seem to be heading for their breeding grounds in northern Scandinavia and Russia. The flight directions, furthermore, seem to suggest that the birds come to Icelandic waters from wintering areas in the West Atlantic (Fig. 3). If so, this is a migration route that has received a relatively little attention in the literature. We can not, however, rule out the possibility that the birds come from wintering areas on the east side of the Atlantic. Then the birds must start their migration heading north and change to a easterly direction in the vicinity of Iceland.

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson, Hafrannsóknastofnunin / Marine Research Institute, Skúlagata 4, IS-101 Reykjavík.

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O. Box 5320, IS-125 Reykjavík.

Fuglagáta

Þar sem ekki er hægt að ákvarða stærð fuglsins út frá myndinni verður að styðjast við líkamsbyggingu og lit við greiningu. Dökkir undir- og yfirvængir og kollur, gulhvítur hálskragi, ljós kviður, dökkt bringubelti og bak útiloka alla hópa fugla nema kjóaætt. Á Íslandi hafa sést fjórar tegundir sem tilheyra þessari ætt. Skúmur *Catharacta skua* er varpfugl hér, en hann má útiloka strax því hann er aldrei ljós á kviði. Þá standa eftir kjói *Stercorarius parasiticus* sem verpur hér og fjallkjói *S. longicaudus* og ískjói *S. pomarinus* sem eru reglulegir fargestir við landið. Liturinn útilokar unga kjóa. Kjóategundirnar þrjár eru brúnflikróttar á kvið á fyrsta ári og undirvængþökur eru flikróttar fram á þriðja ár. Helsta greiningareinkenni fullorðinna fugla í sumarbúningi eru tvær langar stélfjaðrir í miðju stéli. Þessar fjaðrir vantar á fuglinn á myndinni. Tegundirnar þrjár eru misstórar en tiltölulega líkar á litin. Nef fuglsins virðist að mestu ljósleitt, en þó má við nákvæma skoðun sjá að nefbroddurinn er dökkur. Þetta einkenni útilokar fjallkjóa, eldri en eins árs, sem er með aldökkt nef og bendir frekar til ískjóa en kjóa. Ískjói er stærri en kjói og endurspeglast það í líkamsbyggingu hans. Fuglinn á myndinni er með hlutfallslega sveran búk og breiða vængi. Stærðarhlutföllin benda því til þess að hér fari ískjói. Bringubeltið er jafnframt mjög dökkt og áberandi sem einnig á betur við ískjóa en kjóa. Að öllu þessu samanlögðu er því ljóst að myndin er af fullorðnum skjóttum ískjóa. Löngu stélfjaðrirnar vantar á fuglinn og skarð virðist í væng, sem bendir til

Ískjói *Stercorarius pomarinus*. Undan Vestfjörðum, 11. október 1999. – Kristján Lilliendahl.

að hann sé í fjaðrafelli.

Ískjóar verpa á túndrum umhverfis Norðurpólinn en eru á veturna á hafsvæðum suður undir miðbaug. Þeir sjást reglulega við Ísland að vori og hausti. Myndin var tekin þann 11. október 1999 undan Vestfjörðum í rannsóknaleiðangri á vegum Hafrannsóknastofnunar. – *Kristján Lilliendahl.*

Aðeins bárust ritstjórn 3 úrlausnir frá lesendum Blika sem allar voru réttar. Dregið um vinningshafa, sem að þessu sinni er Þorsteinn Ingólfsson, Gröf II, Eyjafjarðarsveit. Hann fær eintak af Blika 21 sent án endurgjalds. Takið endilega þátt í næstu gátu og greinið tegundina á myndinni hér fyrir neðan. Skrifið nafn tegundar á blað merkið það ykkur og sendið til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 10“ eða skrifið okkur tölvupóst (bliki@ni.is). – *Ritstjóri.*

Fuglagáta nr.10. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no.10. Identify the species.*

Álftarungar teknir í fóstur

Álftir eru algengir varpfuglar um allt land. Þær kjósa helst að gera sér hreiður við gróðurríkt vötn eða í mýrum. Þéttleiki varppara fer mikið eftir fæðuskilyrðum. Í Ljósavatnsskarði í Suður Þingeyjarsýslu eru tvö óðul álfta, annars vegar við Ljósavatn og hins vegar við Þingmannalæk, sex kílómetrum vestar. Álftir verpa árlega við Ljósavatn, en stopult við Þingmannalæk. Ljósavatnsparið er ákaflega heimaríkt og ver svæði sitt af mikilli hörku. Þegar líður að fellitíma álftanna koma iðulega nokkrar geldar álftir á Ljósavatn til að fella fjaðrir. Þær fá venjulega að vera í friði, svo framarlega sem þær haldi sig fjarri ungunum. Aftur á móti líðst engum öðrum varpfuglum að sýna sig á svæðinu. Vestan Ljósavatns er gróðurmikil mýri og grunn tjörn, sem nefnist Leirtjörn. Þegar líður á sumarið er álftafjölskyldan oft á beit í mýrinni og fer þá á tjörnina ef hún verður fyrir styggð. Svæðið sem varpparið ver er mjög stórt, eða tæplega 4 km² að stærð.

Sumarið 1989 voru bæði óðulin í ábúð. Við Þingmannalæk bjuggu hjón með merkin A1598 (kvenfugl) og A1717 (karlfugl) ásamt þremur ungum sínum. A1598 bar auk þess litmerkið NAT. A1589 fékk sín merki sumarið 1988, en þá var hún í felli á Ljósavatni. Karlfuglinn komst fyrst undir manna hendur þann 28. júlí 1989 er fjölskyldan var tekin á Þingmannalæk. Ungarnir fengu þá merkin A1718 PLD, A1719 PLF og A1720 PLC.

Á Ljósavatni var nýtt par þetta sumar. Gamla parið mætti ekki á staðinn um vorið. Síðan kom í ljós að kvenfuglinn hafði drepist um veturinn. Hreiðrið var eins og venjulega í litlum hólma sunnarlega í vatninu. Þar búa saman í mesta bróðerni álft og himbrimi og eru aðeins um 6 metrar á milli hreiðranna. Álftirnar komu upp tveimur ungum. Fram eftir sumri hélt fjölskyldan til í nálægð hreiðursins og átti sér beitilandi skammt frá. Þegar líða tók á seinni hluta júlímánaðar dvöldust þau lengstum á Leirtjörn og í mýrinni. Ég gat fylgst með fuglunum úr glugga íbúðar minnar í Stjórutjarnaskóla og var ekki sérlega ánægður með þessa hegðun þeirra. Til stóð að handsama fjölskylduna og auðveldast er að taka fuglana með því að sigla þá uppi á Ljósavatni. Leirtjörnin er það grunn að erfitt er að fara þar um á báti og í lok sumars fyllist tjörnin nær af gróðri.

Í byrjun ágúst hófust merkingar álfta víða í sýslunni. Við fórum dagsferðir út frá heimili mínu og komum venjulega heim seint að kvöldi. Alla morgna var byrjað á því að kíkja yfir að Ljósavatni, en álftirnar héldu staðfastlega til á Leirtjörn. Þann 9. ágúst dró loksins til tíðinda. Ég byrjaði daginn eins og venjulega á að kíkja yfir svæðið og nú bar nýrra við. Á Leirtjörn var álftapar með fimm unga – hvaðan í ósköpunum komu þær þessar? Nú var ekki eftir neinu að bíða. Þetta varð að skoða nánar. Eftir mikið puð og basl með gróðurtægjur í skrúfunni tókst okkur að lokum að handsama alla fuglana. Fullorðnu álftirnar fengu merkin A1725 PLJ og A1726 PLL. Mikil var undrun okkar þegar í ljós kom að þrír unganna voru merktir. Þarna voru þá komnir ungarnir frá Þingmannalæk, en foreldrar þeirra voru hvergi sjáanlegir. Hvað hafði nú gerst? Málin skýrðust þó fljótlega, því



1. mynd. Álftarið A1717 og A1598 ásamt ungunum sínum fjórum á Þingmannalæk í júní 1990. – *Jenný Karlsdóttir.*

Guðríður húsfreyja á Stórutjörnum hringdi í mig um kvöldið og lýsti því sem hún hafði orðið vitni að undir myrkur kvöldið áður.

Leirtjörn blasir við úr eldhúsglugganum á Stórutjörnum og heimilisfólk þar fylgist venjulega vel með fuglalífinu. Rétt fyrir myrkur vakti það athygli Guðríðar að eitthvað gekk á við tjörnina. Fjórar fullorðnar álftir snérust hver um aðra með miklum vængjaslætti og gargi. Greinilegt var að samkomulagið var ekki upp á það besta. Atgangur þess stóð yfir í töluverða stund, en endirinn varð sá að aðkomuálftirnar lögðu á flótta undan herskárri heimaálft. Flóttinn var rekinn þvert yfir hóla, tjarnir og í gegnum gaddavírsgirðingar. Síðast sá Guðríður til álftanna þar sem þær hurfu bak við mel í um eins kílómetra fjarlægð, en óðalsbóndinn kom hnarreistur til baka og var vel fagnað af maka sínum. Í öllum þessum hamagangi urðu ungarnir eftir en þeir samlöguðust strax hinum tveimur sem fyrir voru og ekki varð Guðríður vör við að reynt væri að stugga við þeim. Ungarnir fimm og fullorðnu álftirnar tvær héldu síðan hópinn og fóru saman til Skotlands um haustið. Fjölskyldunnar varð víða vart á Bretlandseyjum veturinn 1989-90, fyrst í Skotlandi og síðan í Englandi.

Af A1717 og A1598 er það að segja að daginn eftir atburð þennan voru þær komnar á sitt gamla óðal. Þar héldu þær til í nokkra daga, en fóru síðan niður Þingmannalæk og þaðan í Fnjóská. Hér má einnig geta þess til gamans að árið eftir mættu þær á óðal sitt við Þingmannalæk, urpu og komu upp fjórum ungum (1. mynd). Minnugar atburða síðasta sumars gerðu þær ekki tilraun til að komast á Ljósavatn með ungana. Þess í stað fóru þær fljótlega niður Þingmannalæk og héldu síðan til við Fnjóská þar til ungarnir urðu fleygir.

A1725 og A1726 urpu aftur við Ljósavatn vorið 1990, og komu upp einum unga. Ekkert sást til þeirra næstu tvö sumur, en sumarið 1993 var kvenfuglinn A1725 kominn með nýjan maka. Þau urpu á nýjum varpstað við bæinn Hjarðarholt í Fnjóskadal og komu upp þremur ungum. Líklegast er því að A1726 hafi drepist 1991 eða 1992.

Sverrir Thorstensen, Lönguhlíð 9A, 603 Akureyri.

ÍSLENSKIR

FUGLAR

STÓRVIRKI FYRIR NÁTTÚRUUNNENDUR



Alfræðibókin **Íslenskir fuglar** eftir dr. Ævar Petersen er stórvirki í íslenskri bókaútgáfu.

Þetta er fyrsta yfirlitsritið um íslenska fugla eftir visindamann á sviði fuglafræði og aldrei áður hefur birst jafnheildstætt safn málaðra mynda af fuglum í náttúru Íslands. Vatnslitamyndirnar eru eftir Jón Baldur Hliðberg.

Bókin opnar lesendum heillandi heim íslenskra fugla með aðgengilegum og yfirgripsmiklum upplýsingum sem settar eru fram á nútímalegan og myndrænan hátt.

Unnið hefur verið að ritinu í áratug og er bókin **Íslenskir fuglar** langviðamesta útgáfuverkefni Vóku-Helgafells frá upphafi.

Fyrsta alfræðibókin um fugla landsins sem íslenskur visindamaður á sviði fuglafræði ritar.

Myndir af 450 fuglum af 108 tegundum, málaðar sérstaklega fyrir bókina.

Margvíslegar upplýsingar sem ekki hafa verið teknar saman fyrir almenning áður.

Í fyrsta sinn birtar á einum stað ljósmyndir af eggjum allra fugla sem verpa á Íslandi.

Nákvæmari kort yfir útbreiðslu íslenskra fugla en áður hafa sést.

Í fyrsta sinn birt heildarsamantekt um farhætti, stærð stofna og vetrardvalarstaði allra fugla hér á landi.

Sögulegt yfirlit um íslenska fugla í aldanna rás og margvíslegur annar fróðleikur.

Nákvæmar lýsingar og myndir af 108 tegundum villtra íslenskra fugla.

Einstakt safn vatnslitamynda, korta og skýringarteikninga.

VAKA-HELGAFELL

Sími 550 3000

ÍSLENSKUR
Fugla
vísir
Íslenskir varpfuglar,
fargestir, vetrargestir, sumargestir
og árvissir flækingar.
Yfir 500 ljósmyndir og skýringarmyndir.
Varpútbreiðsla, vetrarútbreiðsla og
viðkomustaðir fargesta á kortum.
Ítarleg og mjög vönduð fugla-
greiningarbók fyrir áhugafólk
um íslenska náttúru.
IÐUNN
TAKTU FUGLABÓK FJÖLSKYLDUNNAR MEÐ hvert sem þú ferð!

Bliki

No. 21 – June 2000



CONTENTS

Karl Skírnisson, Áki Á. Jónsson, Arnór Þ. Sigfússon & Sigurður Sigurðarson:
Food composition of the Common Eider in Skerjafjörður 1

Kristinn Haukur Skarphéðinsson:
The bird life of Mýrar in western Iceland 15

Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson:
Rare birds in Iceland in 1997 31

Björn Arnarson & Brynjúlfur Brynjólfsson:
Blyth's Reed Warbler *Acrocephalus dumetorum*: new to Iceland 59

Kristján Lilliendahl, Jón Sólmundsson & Guðmundur A. Guðmundsson:
Spring migration passage of Pomarine and Long-tailed Skuas in Iceland 61

Mystery photograph 68
Miscellaneous 69

ISSN 0256-4181

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA
Nr. 21 – júní 2000

EFNI

Karl Skírnisson, Áki Á. Jónsson, Arnór Þ. Sigfússon og Sigurður Sigurðarson:
Árstíðabreytingar í fæðuvali æðarfugla á Skerjafirði 1

Kristinn Haukur Skarphéðinsson:
Fuglalíf í Mýrasýslu 15

Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson:
Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1997 31

Björn Arnarson og Brynjúlfur Brynjólfsson:
Elrisöngvari í Suðursveit 59

Kristján Lilliendahl, Jón Sólmundsson og Guðmundur A. Guðmundsson:
Ferðir ískjóa og fjallkjóa við Ísland að vorlagi 61

Fuglagáta 68
Álftarungar teknir í fóstur 69

ISSN 0256-4181

Contents in English on Inside Back Cover